

Gjörðabók.
Mjólkurflutningar í Svarfaðardal

Fundargerð

Árið 1946, miðvikudaginn þann 13 febr. var aðalfundur mjólkurdeildar Svarfdæla í Mjólkursamlagi K. E. A. haldinn í Þinghúsi hreppsins að Grund

Formaður mjólkurnefndar Magnús Jónsson setti fundinn og stýrði honum. Skrifari kosinn Daníel Júlíusson.

Þá var tekið fyrir:

1. Lesin dagskrá fundarins.
2. Starfsemi deildarinnar á síðastliðnu ári.

Formaður gat þess, að flutningar frá deildinni á þessu síðastliðnu ári hefðu gengið yfirleitt mjög vel, og flutningsgjald mjólkurinnar orðið það sama og næsta ár á undan, eða 10 aurar á liter.

Frá deildinni var flutt á árinu 522.601 liter. Mjólkuraukning frá deildinni á árinu 76.326 lítrar. Meðalfita 3,479, og meðalverð á innlagðan mjólkurlíter tæpir 97 aurar. Í sambandi við þennan lið kom Útibússtjóri Baldvin Jóhannsson nokkuð inn á mjólkurflutningana og reksturinn í heild sinni.

Taldi hann að þetta hefði allt gengið mjög sómasamlega á s. l. ári.

Gat útibússtjóri þess, að í sambandi við mjólkurflutningana og gæði mjólkurinnar, væri mjög áriðandi að framleiðendur kældu mjólkina svo vel, sem föng væru á og einnig að til væru skýli fyrir mjólkurdúnkana við veginn frá hverjum bæ, einkum þeim sem ekki standa við veginn.

Jón Jónsson Gröf, beindi því til útibússtjóra, að æskilegt hefði verið eins og óskað hefði verið eftir á s. l. ársfundi deildarinnar, að reikningur mjólkurbilsins hefðu komið fram á þessum fundi.

Útibússtjóri rakti í stórum dráttum þær aðaltölur sem reikningurinn ber með sér. Helgi á Þverá spurði hvort ekki væri tekið gjald fyrir hvað eina sem mjólkurbillinn flytur, sem nokkur þungi er í, s. s. neislumjólk á Dalvík frá Akureyri og brauð til sama staðar.

Útibússtjóri svaraði því, að billinn tæki gjald fyrir þessar vörur og hvað annað sem hann flytur auk mjólkurinnar frá framleiðendum.

Nokkrar umræður urðu um mjólkurflutningana í sambandi við flokkun mjólkurinnar, og var það yfirleitt ósk fundarmanna að mjólkurbillinn byrjaði fyr á því á næstkomandi sumri að sækja mjólkina fram um sveitina að morgninum, en gert var á s. l. vor, svo hún þurfi ekki að bíða á Dalvík yfir nóttina um heitasta tíma ársins.

Undir þetta var vel tekið af Útibússtjóra

Út af umræðum sem fram komu á fundinum um óstundvisi mjólkurbilsins daglega dags um sveitina, kom fram svohljóðandi tillaga og var hún samþykkt í einu hljóði:

„ Fundurinn samþykkir að fela deildarstjórninni að athuga möguleika á því hvort mjólkurbillinn geti ekki verið á ákveðnum tíma á einhverjum vissum stöðum, og fari ekki

þaðan fyrir þann tiltekna tíma. “

3. Framtíðarstarfsemi. Í næsta máli á undan hefir nokkuð verið komið inn á nokkur atriði viðkomandi starfseminni á þessu yfirstandandi ári.
- Formaður mjólkurnefndar gat þess, að í desember síðastliðnum hefði hann ásamt formönnum mjólkurnefnda úr öðrum deildum Samlagsins verið boðaður á fund á Akureyri, þar sem rætt var um snjómokstur á vegunum á Samlagssvæðinu á þessum vetri. Á þessum fundi á Akureyri kom það fram, að ríkissjóður greiðir helming þess kostnaðar, sem af snjómokstrinum leiðir, en hinn helmingurinn þarf að koma frá öðrum aðilum heima fyrir. Út af þessum mokstursmálum kom fram svohljóðandi tillaga, sem samþykkt var í einu hljóði:
- „ Fundurinn samþykkir að mjólkurnefndin beiti sér fyrir því, að þegar snjómokstur fer fram her með ýtu í sveitinni, þá verði farið hringinn sé Hofsáin fær yfirferðar “.
- Um þessi mokstursmál urðu allmiklar umræður, að lokum kom fram svohljóðandi tillaga sem samþykkt var í einu hljóði:
- „ Með því að mjólkursamlag K. E. A. hefur tekið að sér að sjá um helming kostnaðar af snjómokstri á mjólkursamlagssvæðinu og eigi liggur enn ljóst fyrir hvernig það leggur til að þessa fjár verði aflað frestar deildin að taka afstöðu til þess máls, en felur deildarstjórn að leita sér upplýsinga um málið og boða að því búnu til fundar í deildinni “.
4. Kosningar Kosinn einn maður í deildarstjórn í stað Þorleifs Bergssonar. Kosningu hlaut Björn Jónsson Ölduhrygg til næstu 3ja ára

Varamaður í deildarstjórn til sama tíma Zophonias Jónsson Hóli.

Kosnir 9 menn auk deildarformanns sem er sjálfkjörinn á aðalfund mjólkursamlags K. E. A. næstkomandi

Þessir menn hlutu kosningu:

- | | | | | | |
|----|-----------------------|--------------|-----|----|------|
| 1. | Helgi Simonarson | Þvera | með | 21 | atk. |
| 2. | Björn Jónsson | Ölduhrygg | - | 18 | - |
| 3. | Gunnlaugur Gislason | Sökku | | 16 | - |
| 4. | Jón Jónsson | Jarðbrú | | 16 | - |
| 5. | Þór Vilhjálmsson | Bakka | | 15 | - |
| 6. | Jón Jónsson | Gröf | | 13 | - |
| 7. | Ingimar Guttormsson | Skeggsstöðum | - | 13 | - |
| 8. | Sigurjón Kristjánsson | Brautarhóli | | 12 | - |
| 9. | Þorleifur Bergsson | Hofsá | | 12 | - |

Varamenn.

- | | | | | | |
|----|-----------------------|------------------|--|----|-------|
| 1. | Ólafur Sigurðsson | SyðraHolti | | 11 | atkv. |
| 2. | Stefán Björnsson | Grund | | 11 | - |
| 3. | Zophonias Jónsson | Hóll | | 10 | - |
| 4. | Daniel Júlíusson | Syðra-Garðshorni | | 9 | - |
| 5. | Jón Gislason | Hofi | | 9 | - |
| 6. | Sveinbjörn Guðjónsson | Hreiðastöðum | | 9 | - |

Fleira ekki fyrirtekið. Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Magnús Jónsson Daníel Júlíusson.

Fundargerð

Árið 1946 þann 16 febr. kom stjórn mjólkurdeildar Svarfdæla saman á fund á Dalvík
Var þá tekið fyrir:

1. Að kjósa formann deildarstjórnar, kosningu hlaut Magnús Jónsson til eins árs.
2. Rætt um tillögu frá síðasta aðalfundi deildarinnar gagnvart því að mjólkurbillinn se á ákveðnum tíma á einhverjum vissum stöðum innan sveitarinnar, þegar hann sækir mjólkina. Þar sem bílstjórinn var ekki mættur á fundinum gekk stjórnin þannig frá þessu máli, að formanni og útibússtjóra var falið að leysa þetta mál viðunanlega á samráði við mjólkurbílstjórann.

Þá var einnig rætt um tillögu Aðalsteins á Masstöðum frá síðasta aðalfundi gagnvart snjóytunni og hreinsun veganna. Formanni falið að ganga frá því máli og fá ýtuna til að fara hringinn, ef þeir sem með þau mál fara telja það framkvæmanlegt.

Þá kom deildarstjórninni einnig saman um að fela útibússtjóra í samráði við deildarstjóra að biðja um snjóytuna til að hreinsa vegina þegar þess er þörf, svo samgöngur þurfi ekki að stöðvast um lengri tíma vegna snjóá á vegunum.

3. Þá lagði formaður fram bref frá samlagsstjóra þess efnis, að hann kveður deildarformenn á fund á Akureyri 19 þ.m. og á þá að taka endanlega afstöðu um greiðslu á snjómokstrinum af vegunum að vetrinum að hálfu á móti rikissjóði. Var deildarstjórnin sammála um það að óskað yrði eftir að Kaupfelagið taki þátt í þessari greiðslu, svo og Mjólkursamlagið og viðkomandi hreppar og felur stjórnin formanni að flytja þetta mál á þessum grundvelli þegar hann mætir á áðurnefndum fundi á Akureyri

Fleira ekki fyrir tekið

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið

Magnús Jónsson Daníel Júlíusson.

Björn Jónsson

Fundargerð

Ár 1946 Sunnud. 3 mars kom stjórn Svarfdælaneildar mjólkursamlags K.E.A. saman á fund á Hrafnstaðakoti

Tilfni fundarins var að taka ákvörðun um hvernig fjár skildi aflað til að standast straum af kostnaði við snjómokstur, er fyrirhugað er að framkvæmdur verði með ytu nú á þessum vetri ef snjóalög verða mikil. Eftir upplýsingum er fyrir láu hefir vegamálastjóri ákveðið að ríkissjóður greiddi helming kostnaðar við moksturinn.

Skrafaði nefndin stjórn kaupfelags Eyfirðinga, og óskaði eftir að Kaupfélagið greiddi ¼ hluta af heildar kostnaði við snjómoksturinn. Þá skrifaði nefndin einnig hreppsnefndum Svarfaðardalshrepps og Dalvíkurhrepps, og fór þess [á] leyt að, nefndirnar sæju sér fært að greiða úr sveitarsjóðum þann hluta kostnaðar af snjómokstrinum er ekki fæst greitt annasstaðar frá.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

1947

Fundargerð

Ár 1947 laugard. 15 febrúar kom mjólkurnefnd Svarfdælaneildar Mjólkursamlags K.E.A. saman á fund á Dalvík.

Á fundinum mætti útistjóri Baldvin Jóhannsson

Þetta gerðist:

- 1 Útibústjóri skyrði frá því að fluttir höfðu verið úr Svarfdælaneild 644,870,5 l. á liðnu ári og hefði aukist um 122,262, l. eða 23,4 %. Meðalfita var 3,519 % og fitu aukning frá síðasta ári 0,0,4 %

Útborgað var a líter 1,0396 kr. og var það upphæð kr. 670,348,68 er samlagið hefir greitt hingað í deildina á árinu.

Þá gat útibústjóri þess að flutningsgjald af mjólk héðan ur deildinni yrði reiknaðir 0,12 kr á líter og er það 0,02 aurum hærra en næsta ár á undan.

- 2 Útibústjóri gaf kost á því að útibúið annist mjólkurflutningana á yfirstandandi ári með líku fyrirkomulagi, og verið hefir, og mundi verðlagi flutninganna verða stilt svo í hóf sem tók yrðu á.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerðin lesin og samþ.

Fundi slitið.

Fundargerð.

Ár 1947, mánudaginn þann 10. marz var aðalfundur mjólkurdeildar Svarfdæla í Mjólkursamlagi K. E. A. haldinn í þinghúsi Svarfaðardalshrepps að Grund. Formaður mjólkurnefndar, Magnús Jónsson setti fundinn og stýrði honum. Fundarritara nefndi hann Daniel Júlíusson.

Þá var tekið fyrir:

1. Lesin dagskrá fundarins.
2. Starfsemi deildarinnar á síðastliðnu ári.
Formaður gat þess, að mjólkurflutningar og starfsemin yfirleitt á s.l. ári hefði gengið mjög greiðlega, en kvaðst ekki sjá ástæðu til að rekja starfsemina nákvæmlega, þar sem útibússtjórinn væri staddur á fundinum og kæmi hann í sinni yfirlitsræðu allýtarlega inn á gang málsins og reksturinn í heild.
Útibússtjóra síðan gefið orðið, m og kom hann í ræðu sinni allýtarlega inn á mjólkurflutningana og starfsemina í heild, svo og rekstur bílanna, bæði tekju- og gjaldamegin.
Á s.l. ári var mjólk flutt frá Svarfdæladeild til Mjólkursamlags K.E.A. samtals 644.870 lítrar. Aukning frá árinu 1945 122 262 lítrar, eða 23,4%. Meðalfita 3,519 %, sem var aðeins meiri fita en næsta ár á undan. Útborgað var á líter 1,0396 kr., og heildarupphæðin 670.348,68kr., sem samlagið hefur greitt til Svarfdæladeildar á liðnu ári.
Um reksturinn og flutningana í heild urðu allmiklar umræður, og fannst mönnum yfirleitt óeðlilegt, að flutningskostnaður hækkaði um 2 aura pr. líter, og mjólkuraukning þó allveruleg á árinu. Svaraði útibússtjóri því til, að ástæða hefði verið til að afskrifa bílana allverulega, ennframur hefði orðið bíla- og mannaaukning á árinu, sem kom beint fram fyrir aukna mjólk.
3. Starfsemin á yfirstandandi ári.
Formaður gat þess, að eins og að undanförunu hefði útibússtjóri tekið að sér mjólkurflutningana og rekstur þeirra á árinu.
Útibússtjóri gat þess, að Jóhann mjólkurbílstjóri væri búinn að segja upp starfi sínu við flutningana, og óvíst að hann fengist til starfsins áfram, og því aðeins að kaup yrði hækkað.
4. Kosningar. Kosinn einn maður í stjórn deildarinnar í stað Daníels Júlíussonar, sem búinn var að útenda sinn tíma. Kosningu hlaut Stefán Björnsson Grund með 10 atkvæðum.
Kosnir 12 menn auk formanns til að mæta á aðalfundi Mjólkursamlags K.E.A.

Þessir hlutu kosningu sem aðalmenn:

- | | | | |
|-------------------------------|-----|----|-------|
| 1. Helgi Símonarson | með | 25 | atkv. |
| 2. Jón Jónsson Jarðbrú | - | 21 | - |
| 3. Þór Vilhjálmsson Bakka | - | 21 | - |
| 4. Björn Jónsson Ölduhrygg | - | 20 | - |
| 5. Gunnl. Gíslason Sökku | - | 20 | - |
| 6. Jón Gíslason Hofi | - | 19 | - |
| 7. Jón Jonsson Gröf | - | 19 | - |
| 8. Stefán Björnsson Grund | - | 18 | - |
| 9. Daniel Júlíusson S.Garðsh. | - | 16 | - |

10. Zóphonias Jónsson Hóli - 15 -
11. Þorleifur Bergsson Hofsa - 14 -
12. Klemenzi Vilhjálmsson Brekku - 13 -

með hlutkesti milli hans og Haralds Stefánssonar.

Varamenn:

1. Haraldur Stefánsson Ytra-Garðsh. 13 atkv.
2. Ingimar Guttormsson Skeggsstöðum 12 -
3. Halldór Hallgrímsson Melum 11 -
4. Ólafur Sigurðsson Syðra-Holti 11 -
5. Sveinbj. Guðjónsson Hreiðarsstöðum 11 -
6. Sigurjón Kristjánss. Brautarhóli 9 -

með hlutkesti milli hans og Gests Vilhjálmssonar

5. Mál fundarmanna.

Björn Jónsson Ölduhrygg kvaddi sér hljóðs og bar fram svohljóðandi tillögu:

„Ársfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. haldinn 10. marz 1947 beinir þeirri eindregnu ósk til umsjónarmanns þjóðvega í Eyjafjarðarsýslu, að hann láti á komandi vori breikka og hækka þjóðveginn frá Skíðadalsárbrú austanverðri að vegamótum Skíðadalsvegar.

Nefndur vegarkafli er stórhættulegur bílum, einkum að vetrinum, þegar svellalög eru, og torveldar auk þess eðlilega keyrslu mjólkurbílanna um sveitina.“ Undir tillöguna skrifuðu nöfn sín Gunnl. Gíslason og Björn Jónsson. Eftir nokkrar umræður var tillagan borin upp og samþykkt án mótakvæða.

Formaður mjólkurnefndar, Magnús Jónsson, gat þess að hann hefði heyrt, að mjólkurbíllinn hengi ekki að snúa við hjá Dæli, þegar lengra er ekki farið, og yrði þá að fara niður á eyrar og yfir síkið, sem er vont og hættulegt fyrir bílana.

Útibússtjóra og formanni mjólkurnefndar falið að koma málum þessum í betra horf.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Fundargerð.

Ár 1947 Þriðjudaginn 24 júní kom mjólkurnefnd Svarfdæladeildar saman á skrifstofu útibússtjórans á Dalvík.

Þetta gerðist.

1. Kosin deildarstjóri. Kosningu hlaut Magnús Jónsson bóndi Hrafnstaðakoti

2. Útibússtjóri óskaði eftir að mjólkurnefndin ákvæði hvort sjóflutningar síðastliðinn vetur skyldu takast yfir á rekstur mjólkurbilanna, eða greiddir með sjer flutningsgjaldi. Nefndin samþykkti að greiða sjóflutningana af tekjum mjólkurbilanna
3. Deildarstjórinn gat þess að mjólkurbílstjórarnir hefði kvartað við sig yfir því að erfitt væri að ná mjólkinni úr kælingunni á sumum bæunum, ákvað nefndin að gera hvað hún gæti til að lagfæra það.
4. Nefndin tók tillögu þá er fram kom á ársfundi deildarinnar, um veginn austan Skiðadalsárbrú til afgreiðslu, deildarstjóra var falið að senda hana til Karls Friðrikssonar vegaeftirlitsmanns á Akureyri.

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundu slitið.

1948

Fundargjörð.

Föstudaginn 6/2 1948 kom mjólkurnefnd Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A. saman á fund á skrifstofu K. E. A. Dalvik á fundinum var útibússtjóri mættur.
Þetta gerðist

1. Útibússtjóri skýrði frá því að vegna ymsra óhagstæðra atvika hefði mjólkurflutningarnir orðið mjög dyrir á þessu ári, og ekki horf á því að þeir bæru sig með 13 auru gjaldi á liter. Mjólkurnefndin gaf það upp að þessir flutningar yrðu að bera sig, og þegar reikningar bílanna lægju fyrir væri hún fús til að athuga möguleika til að ná þessu tapi á einhvern hátt af mjólkinni.
2. Útibússtjóri gaf kost á að útibúið annaðist mjólkurflutningana á þessu ári, sem að undanfögnu. Verðlag flutninganna yrði stillt svo í hóf sem frekast væri unt.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundu slitið.

Fundargerð.

Ár 1948, þriðjudaginn þ. 17. febrúar var aðalfundur mjólkurdeildar Svarfdæla í mjólkursamlagi K. E. A. haldinn í þinghúsi hreppsins að Grund. Magnús Jónsson setti fundinn og stýrði honum. Skrifari kosinn Daníel Júlíusson.

Þá var tekið fyrir:

1. Lesin dagskrá fundarins.

2. Starfsemi deildarinnar á s.l. ári

Formaður gat þess, að starfsemi deildarinnar og mjólkurstjórnar hefði verið með líkum hætti og undanfarið, nema hvað erfiðlega hefði gengið með flutninga á landi s.l. vetur vegna ótíðar og snjóa.

Innlögð mjólk frá deildinni á árinu til samlagsins var 736, 674 l. á kr. 776,174.53.

Mjólkuraukning á árinu 91.804 l. Meðalfitu prósent mjög lík á árinu og næsta ár á undan. Þá gaf form. Baldvin Jóhannssyni útbússtjóra orðið. Gaf hann glögg yfirlit yfir rekstur og tilkostnað mjólkurflutninga bílanna. Kvað hann flest hafa hækkað á árinu í verði, sem þessum rekstri viðkæmi svo og mikill aukakostnaður vegna sjóflutninga langan tíma s. l. vetur. Sömuleiðis veikindi á bílstjórunum um nokkurn tíma, svo að fá varð mann í forföllum þeirra, svo að flutningar gætu haldið áfram. En þetta eitt með öðru varð til að auka reksturskostnaðinn.

Þá gat útibússtjóri þess í lok ræðu sinnar, að samkvæmt ósk mjólkurnefndar, hefði hann lofað að hafa með höndum rekstur mjólkur flutninganna nú á þessu ári. Nokkur halli varð á rekstri flutninganna með 13 aura gjaldi á líter, s. l. ár; sýndist fundarmönnum, sem til máls tóku undir þessum lið, að rettast væri, þegar fullnaðaruppgjör væri fyrir hendi, að jafna þessum halla á mjólkurframleiðendum, en láta hann ekki koma á rekstur yfirstandandi árs.

3. Starfsemi á yfirstandandi ári.

Undir þennan lið hnigu ræður manna á ymsa vegu, svo sem, að æskilegt væri, að útibússtjóri reyndi að útvega jarðýtu svo fljótt sem hægt er, til þess að greiða fyrir mjólkurflutningum innansveitar. Tók útibússtjóri vel undir þetta.

Þá kom fram sú ósk, að sómasamlega væri farið með tóma mjólkurdunka, einkum þegar um sjóflutninga væri að ræða, þeim ekki hellt af bílpallinum í eina kös, eins og komið hefur fyrir. Þá var einnig talað um það, að æskilegt væri, að mjólkurbílarirnir færu nú að flytja mjólk úr deildinni á hverjum degi, þar sem færi er nú gott. Eins og getið er um undir tölulið 2 í fundargerðinni, hér að framan, þá hefur útibússtjóri lofað því að sjá um mjólkurflutningana heðan út deildinni á þessu ári svo sem undanfarið.

4. Kosningar

Kosinn einn maður í deildarstjórn í stað Magnúsar Jónssonar, sem ekki vildi taka endurkosningu, enda lengi búinn að starfa í nefndinni. Kosningu hlaut Jón Jónsson, Bögguvisstöðum með 15 atkvæðum.

Þá voru kosnir 15 menn til að mæta á aðalfundi Mjólkursamlags K. E. A.

Þessir hlutu kosningu:

- | | | | |
|-----------------------------|-----|----|-------|
| 1. Björn Jónsson, Ölduhrygg | með | 24 | atkv. |
| 2. Stefán Björnsson, Grund | - | 22 | - |
| 3. Helgi Símonarson, Þverá | - | 21 | - |
| 4. Jón Jónsson, Jarðbrú | - | 21 | - |

- | | | | | |
|-----|---------------------------------------|---|----|---|
| 5. | Pór Vilhjalmsson, Bakka | - | 19 | - |
| 6. | Gunnlaugur Gíslason, Sökku | - | 17 | - |
| 7. | Magnús Jónsson, Hrappsstaðakoti | - | 17 | - |
| 8. | Jón Jónsson Böggvisstöðum | - | 16 | - |
| 9. | Sveinbjörn Guðjónsson, Hreiðarsstöðum | - | 16 | - |
| 10. | Gestur Vilhjalmsson, Bakkagerði | - | 14 | - |
| 11. | Klemenz Vilhjalmsson, Brekku | - | 14 | - |
| 12. | Daníel Júlíusson, Syðra-Garðshorni | - | 13 | - |
| 13. | Halldór Hallgrímsson, Melum | - | 13 | - |
| 14. | Haraldur Stefánsson, Ytra-Garðshorni | - | 12 | - |
| 15. | Jón Gíslason, Hofi | - | 12 | - |
- Til vara voru kosnir.
- | | | | | |
|----|------------------------------------|---|----|---|
| 1. | Sigurjón Kristjánsson, Brautarhóli | - | 11 | - |
| 2. | Gunnar Rögnvaldsson, Dæli | - | 10 | - |
| 3. | Zoffonías Jónsson, Hóli | - | 10 | - |
| 4. | Einar Sigurhjarjarson, Skeiði | - | 9 | - |
| 5. | Friðbjörn Zoffoníasson, Holi | - | 9 | - |
| 6. | Ingimar Guttormsson, Skeggsstöðum | - | 9 | - |
| 7. | Sigvaldi Gunnlaugsson, Hofsárkoti | - | 9 | - |
| 8. | Þorleifur Bergsson, Hofsá | - | 9 | - |

Fleira ekki fyrir tekið. Fundargerðin lesin og samþ. Fundi slitið

Magnús Jónsson
(fundarst)

Daníel Júlíusson
(ritari)

Fundargerð.

Ár 1948 þ. 9. marz kom mjólkurnefnd Svarfdæladeildar saman á fund á skrifstofu útibússtjórans á Dalvík.

Verkefni fundarins voru:

1. Kosinn deildarstjóri. Kosningu hlaut Jón Jónsson Böggvisstöðum með 2 atkv.
2. Þá var tekið að ræða, hvernig fara ætti með rekstrarhalla þann, er varð á mjólkurflutningum s. l. ár.

Útibússtjóri hafði áður lagt þetta mál fyrir mjólkurnefndina á fundi 6/2 þ. á.; hafði mjólkurnefndin þá ákveðið að athuga þetta mál, þegar fullnaðaruppgjör á þessum flutningum lægi fyrir.

Fyrir lágu upplýsingar um, að rekstrarhalli þessi næmi allt að kr. 16000-17000.

Mjólkurnefndin ákvað í samráði við útibússtjórnann að leggja 1 eyri á hvern fluttan líter árið 1947. Afganginn sem er 8000-8500 kr skal leggjast á rekstur þessa árs, ef hann gengur vel, eins og nú eru horfur á. Ef út af ber, mun mjólkurnefndin ræða um, hvernig með það skuli fara.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum.

Fundargerðin upplesin og samþ.

Fundi slitið

Jón Jónsson

Stefán Björnsson Björn Jónsson

1949

Fundargerð.

Ár 1949 þ. 10 marz kom mjólkurnefnd Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. saman á fund á skrifstofu útibússtjórans á Dalvík.

Verkefni fundarins voru:

1. Munnleg skýrsla útibússtjórans um rekstur mjólkurbíla á árinu 1948. Í skýrslu þessari kom fram að allur taprekstur frá fyrra ári hafði borgast, og bílarnir verið afskrifaðir um ca. 12000- kr., sem er að dómi útibússtjóra sæmilegt og sérstaklega gott hvað annan bílinn áhrærir.
Alls hófðu bílarnir flutt fyrir 173000 kr. þar af voru 834,974, l úr Svarfdæladeild, en 152 710 l úr Árskógsdeild.
2. Flutningsgjald af mjólk 0,14 kr a líter, og hafði mjólkinn því greitt bílunum 138 282,82 kr.
3. Þá var tekið að ræða um flutninga á þessu ári. Útibússtjóra og mjólkurnefndinni kom saman um, að heppilegast væri að útibúið ræki þessa flutninga fyrir hönd mjólkurframleiðenda á þessu ári, eins og að undanfögnu, og flutningsgjald færi eftir því, hvernig reksturinn gengi.

3. Mjólkurnefndin samþ. að halda aðalfund mjólkurdeildarinnar svo fljótt, sem unnt væri.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið.

Jón Jónsson

Stefán Björnsson

Björn Jónsson

Fundargerð.

Ár 1949 fimmtudaginn þann 17. marz var aðalfundur mjólkurdeildar Svarfdæla haldinn í þinghúsi hreppsins að Grund. Formaður mjólkurnefndar, Jón Jónsson, Böggvisstöðum setti fundinn og stýrði honum. Til að annast ritstörf fundarins tilnefndi hann Daníel Júlíusson.

Þá var tekið fyrir:

1. Formaður las dagskrá fundarins svohljóðandi:
 - a) Fundarsetning.
 - b) Starfsemi deildarinnar síðastliðið ár
 - c) - „ - - „ - yfirstandandi ár
 - d) Kosningar: 1. Kosinn einn maður í mjólkurnefnd í stað Björns Jónssonar
2) Kosnir 17 fulltrúar á aðalfund Mjólkursamlags K.E.A.
 - e) Önnur mál.
2. Þá var tekinn fyrir annar dagskrárliður. Starfsemi deildarinnar síðastliðið ár. Formaður gat þess, að yfirleitt hefði starfsemin og mjólkurflutningarnir gengið mjög vel á s. l. ári og gat þess jafnframt, að flutt hefði verið til samlagsins allmiklu meiri mjólk en árið áður. Mjólkuraukning á því ári, flutt til samlagsins úr Svarfdæladeild var 98 300 ½ lítrar. Meðalfita aðeins minni 1948 en 1947. Þá gaf fundarstjóri útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni orðið og gaf hann glögga grein yfir rekstur og afkomu mjólkurbíla á s.l. ári og gat hann þess, að flutningarnir hefðu gengið mjög sæmilega, þótt oft hefði verið all torsótt leiðin, en með góðum bílum og þrýðilega duglegum bílstjórum hefði þetta fengið fram yfir allar vonir. Fjárhagslega hefði reksturinn gengið mjög sæmilega, með 14 aura gjaldi á líter var hægt að afskrifa bíla sæmilega og greiða annan rekstrarkostnað. Þegar útibússtjóri hafði lokið ræðu sinni, kvöddu nokkrir fundarmenn sér hljóðs og lýstu ánægju sinni yfir rekstri mjólkurflutningabíla á s.l. ár, og voru sérstaklega þakklátir mjólkurbílstjórunum fyrir framúrskarandi dugnað og árvekni í starfinu. Þá kom fram svohljóðandi tillaga, sem var samþykkt í einu hljóði:
„Fundurinn færir bílstjórum mjólkurbíla og útibússtjóra beztu þakkir fyrir ágæta frammistöðu í mjólkurflutningamálu síðastliðið ar.“
3. Starfsemi deildarinnar á yfirstandandi ári:
Formaður gat þess, að á nýafstöðnum mjólkurnefndarfundum, hefði útibússtjóri lofað að sjá um mjólkurflutningana á þessu yfirstandandi ári eins og undanfarið. Þá var orðið gefið laust og ræddu fundarmenn um starfsemina á þessu ári á víð og dreif. Meðal annars gat útibússtjóri þess, að trukkílar væru óheppilegir í förum yfir sumarmánuðina, því að þeir þyldu ekki hraða keyrslu, og komið gæti til mála að selja trukkíla, sem að einhverju leyti hefðu þó verið notaðir síðastliðið ár í þarfir mjólkurflutninganna og beindi því til mjólkurnefndar, að máski yrði hún að skera úr því, hvort svo yrði.

Þá beindi fundarstjóri því til fundarins, að hann óskaði eftir því, að fundurinn tæki afstöðu til þessa máls.

Sýndist fundarmönnum yfirleitt, að full ástæða væri til þess að tryggja bílakost til flutninganna, svo sem tryggast væri, og eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga og var samþykkt í einu hljóði:

- „ Fundurinn samþykkir að fela mjólkurnefnd og útibússtjóra að gera þær ráðstafanir, vegna bílakosts, sem nauðsynlegar eru til þess að mjólkurflutningarnir gangi sem greiðast.“
Þá var nokkuð rætt um, að fitumæling í mjólk kæmi nokkuð verr út hjá Samlaginu en þegar mælt er á vegum Sambands Nautgriparæktarfélags Eyjafjarðar; sömuleiðis, að mjólkurviktin virðist koma nokkuð verr út hjá Samlaginu en vonir framleiðenda standa til

Afstaða til þessa máls var ekki tekin á fundinum, og síðan tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

4. Kosningar: a) Kosinn einn maður í mjólkurnefnd í stað Björns Jónssonar Ölduhrygg til næstu þriggja ára.

Kosningu hlaut Sigurjón Kristjánsson Brautarhóli með 15 atkvæðum.

b) Varamaður í mjólkurnefnd, endurkosinn til næstu þriggja ára, Zoffonías Jónsson Hóli.

c) Kosnir 17 aðalmenn til að mæta á aðalfund Mjólkursamlags K.E.A.

Kosningu hlutu þessir menn:

1. Helgi Símonarson	29	atkv.
2. Björn Jónsson	28	-
3. Jón Gíslason	27	-
4. Jón Jónsson, Böggvisstöðum	25	-
5. Jón Jónsson, Jarðbrú	24	-
6. Stefán Björnsson	24	-
7. Þór Vilhjálmsson	24	-
8. Magnús Jónsson	22	-
9. Þorleifur Bergsson	22	-
10. Daníel Júlíusson	21	-
11. Gunnlaugur Gíslason	19	-
12. Gunnar Rögnvaldsson	19	-
13. Gestur Vilhjálmsson	19	-
14. Zoffonías Jónsson	19	-
15. Sveinbjörn Guðjónsson	19	-
16. Klemens Vilhjálmsson	18	-
17. Sigurjón Kristjánsson	18	-

Varamenn:

1. Árni Jónsson	17	-
2. Jóhannes Haraldsson	14	-
3. Ólafur Sigurðsson	14	-
4. Friðbjörn Soffoníasson	13	-
5. Haraldur Stefánsson	12	-
6. Sigvaldi Gunnlaugsson	12	-

- | | | |
|-------------------------|----|---|
| 7. Stefán Snævarr | 11 | - |
| 8. Arngrímur Jóhannsson | 10 | - |

5.) Önnur mál.

Svohljóðandi tillaga kom fram og var samþykkt í einu hljóði: *
Þá kvaddi útibússtjóri, Baldvin Jóhannsson sér hljóðs og minntist á póstflutningana, sem mjólkurbílarnir höfðu annast undanfarið fram um sveitina frá Dalvík. Á tímabili í vetur varð ekki um þá flutninga vegna þess að samkomulag fékkst ekki um gjald fyrir þá flutninga. Nú hafa þessir flutningar verið teknir upp aftur, en þó ósamið um gjald fyrir þá.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerðin lesin upp og samþ.

Fundi slitið.

Jón Jónsson (fundarstjóri)	Daníel Júlíusson (ritari)
-------------------------------	------------------------------

* Tillaga samþ. undir tölulíð 5. (önnur mál):

„ Aðalfundur mjólkurdeildar Svarfdæla haldinn að Grund 17. marz 1949 skorar á framkvæmdanefnd vegamála í Eyjafjarðarsýslu að hlutast til um, að gerðar verði ýtarlegar endurbætur á sumri komandi á vegköflum þeim er torvelða flutninga mjólkur, í snjóalögum á vetrum á deildarsvæðinu, svo sem yfir Hvarfið, Urðaengið, Grundarskriðu, fyrir neðan Hrafnstaði og víðar. “

Fundargerð.

Föstudaginn 29. júlí 1949 kom mjólkurnefnd Svarfdæladeildar saman á fund á Böggvisstöðum.

Allir nefndarmenn voru mættir.

1. Kosinn deildarstjóri í stað Jóns Jónssonar og var hann endurkosinn með 2 atkv.
2. Deildarstjóri upplýsti, að hann hefði sent Karli Friðrikssyni vegaeftirlitsmanni tillögu samþykkt á síðasta aðalfundi deildarinnar við komandi akvegum í sveitinni. Sem svar við því hafði borist bréf frá Karli.

I bréfi þessu upplýsti hann, að unnið yrði fyrir öllum fjárveitingum. En ef meira ætti að gera, yrði að útvega fé annarsstaðar frá.

Samkv. munnlegum upplýsingum frá vegaeftirlitsmanni, eru þessi vegamál í nánari athugun og akvað nefndin að bíða eftir úrlausn vegaeftirlitsmannsins.

3. Mjólkurnefndin ákvað að óska eftir því að útibússtjórinn gerði upp kostnað við mjólkurflutningana, frá áramótum til 1. maí og léti Árskógsdeild greiða mjólkurfl. eins og það uppger syndi að þeir kostuðu á umræddu tímabili.
Er hér var komið flutti mjólkurnefndin fundinn á skrifstofu útibússtjóra. Ræddi nefndin við útibússtjóra um kaup á truckbílnum 915, sem útibúið hefði átt og leigt til mjólkurflutninga á síðastliðnum vetri
Samþ. nefndin að kaupa umræddan truck fyrir hönd mjólkurframleiðenda á kr. 20000.00

Fleira ekki fyrir tekið.

Jón Jónsson

Sigurjón Kristjánsson

1950

Fundargerð.

Fimmtudaginn þ. 9/2 ár 1950 kom mjólkurnefnd Svarfdæladeildar saman á fund í skrifstofu útibússtjóra á Dalvík.

Verkefni fundarins voru:

1. Utibússtjóri upplýsti, að frá Svarfdæladeild hefðu verið fluttir á síðasta ári 935,975 l. af mjólk og frá Árskógsdeild til maíbyrjunar 60,300- l.
Um fjárhagsafkomu mjólkurbíla gat útibússtjóri engar upplýsingar gefið, vegna þess að uppgjör var enn svo skammt á veg komið. Þó var það upplýst, að brúttótekjur höfðu orðið hærri en áður, en vitað var, að rekstrarkostnaður hafði mikið hækkað. Í þessu sambandi var það ákvarðað, að flutningum yrði hagað svipað þetta ár og undanfarið – með sömu bílum og sömu bílstjórum og útibússtjóri yrði framkvæmdarstjóri flutninganna.
2. Útibússtjóri upplýsti, að pósthjórinn hefði neitað að greiða dreifingu póstsins um sveitina - að upphæð kr. 1000.00. Mjólkurnefndin ákvað að skjóta máli þess fyrir væntanlegan mjólkurdeildarfund.
Ennfremur var ákveðið, að mjólkurdeildarfundur yrði ekki haldinn fyrr en í marzbyrjun vegna þess að uppgjör bíla yrði vart lokið fyrr.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið

Fundargerð.

Ár 1950 þann 7. marz var aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. haldinn í þinghúsi hreppsins að Grund. Formaður deildarinnar, Jón Jónsson Böggvisstöðum setti og stjórnaði fundinum.

Skrifara fundarins tilnefndi hann Daníel Júlíusson.

Þá var tekið fyrir:

1. Formaður las dagskrá fundarins.
2. Mjólkurflutningarnir 1949 og 1950.

Formaður gat þess, að undir þennan lið dagskrárinnar kæmi jafnframt framtíðarstarfsemin, þar sem þessi mál væru mjög sam tengd.

Þá fór formaður nokkrum orðum um mjólkurflutningana sl. ár, og gaf síðan útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni orðið, sem eins og að undaförnu hefur seð um rekstur mjólkurflutninganna s.l. ár og taldi, að þeir hefðu eftir ástæðum gengið mjög vel, og þakkaði það fyrst og fremst góðum og duglegum bílstjórum, sem flutningana hafa annazt. Rakti hann síðan allnákvæmlega kostnað og reikningshald mjólkurbíllanna og taldi, að hið áætlaða verð, 14 aurar pr. líter nægði ekki til að standast kostnað flutninganna og taldi, að 1 eyrir á hvern innlagðan líter þurfi til viðbótar, svo að kostnaði flutninganna sé fullnægt. Allfjörugar umræður urðu um flutningana á víð og dreif.

Útaf umræðum um flutning á undanrennu með mjólkurbílunum frá Akureyri út í Svarfaðardal, kom fram svohljóðandi tillaga:

„ Deildarfundur í Svarfdæladeild Mjólkursamlags K. E. A. haldinn 7/3 1950, samþykkir, að ástæða sé til að taka flutningsgjald fyrir flutta undanrennu frá Akureyri árið 1949 og framvegis “.

Við þessa tillögu kom fram breytingartillaga þess efnis, að í stað 1949 komi 1950, og var tillagan samþ. þannig með 13 atkv. gegn 5.
3. Tillaga frá Félagsráðsfundi K.E.A. (Byggðasafn)

Á aðalfundi mjólkursamlags K.E.A. s.l. vetur komu fram raddir um það, að æskilegt væri að koma á fót byggðasafni innan Eyjafjarðarsýslu, og út frá því samþ. að senda heim í deildirnar til skrafs og ályktunar eftirfarandi tillögu frá stjórn K.E.A.:

„ Með tilvísun til samþykktar, sem gerð var á síðasta ársfundi Mjólkursamlagsins vill stjórn Kaupfélags Eyfirðinga hér með leggja til, að mjólkursamlagsfundur 1950 samþykki að verja nokkru fé til einshverskonar framkvæmda, sem miði að því, að varðveita sem best minninguna um búskaparháttu, matargerð og mjólkuriðnað forfeðra vorra.

Gagnlegustu og heppilegustu leiðina í þessum efnum telur stjórnin vera þá, að byggður sé sveitabær í gömlum stíl og þar verði komið fyrir þeim áhöldum, sem algengust voru á sveitabæjum og notuð voru í sambandi við matargerð og dagleg heimilisstörf. En sveitabæ þessum verði valinn staður í hinu fyrirhugaða byggðasafni Eyfirðinga.

Til framkvæmda þessu máli leggur stjórnin til, að Mjólkursamlagið leggi fram, þar til öðru vísi verður ákveðið, 1/3 hluta úr eyri á hvern mjólkurlíttra, sem því berst til vinnslumeðferðar árlega.

Fé þetta skal vera í vörslum Kaupfélags Eyfirðinga, þar til framkvæmdir eru hafnir, en útborgast þá eftir nánari reglum, sem stjórn félagsins setur í umboði aðalfundar. Jafnframt sé skorað á sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar og félagssamtök í bæ og sýslu að styðja og vinna ötullega að stofnun alhliða byggðasafns innan Eyjafjarðarsýslu. “

Eftir nokkrar umræður var tillagan borin upp og samþ. með 19 gegn 4 atkvæðum.

4. Póstflutningar um sveitina.

Eftir nokkrar umræður var samþykkt í einu hljóði, að mjólkurbílarinn annist póstflutninga um sveitina fyrir minnst 1000,00 kr. um árið og sé þá póstur fluttur tvisvar í hverri viku.

5. Þá kom fram svohljóðandi tillaga og var samþykkt í einu hljóði:

„ Aðalfundur mjólkurdeildar Svarfdæla þakkar mjólkurbílstjórunum og útibússtjóra fyrir þryðilega unnin störf við mjólkurflutningana á s.l. ári. “

6. Kosningar.

a. Kosinn 1 maður í mjólkurnefnd í stað Stefáns Björnssonar Grund.

Kosinn var Jón Jónsson, Jarðbrú með 12 atkv.

b. Kosnir 19 menn til að mæta á aðalfundi mjólkursamlags K. E. A. 1950.

Eftirtaldir aðalmenn og varamenn hlutu kosningu.

1. Björn Jónsson Ölduhrygg	24	atkv.
2. Helgi Símonarson Þverá	24	-
3. Jón Jónsson, Böggvisstöðum	24	-
4. Gunnlaugur Gíslason Sökku	23	-
5. Gunnar Rögnvaldsson Dæli	23	-
6. Magnús Jónsson Hrafnstaðakoti	23	-
7. Þorleifur Bergsson Hofsá	23	-
8. Þór Vilhjálmsson Bakka	23	-
9. Jón Jónsson, Jarðbrú	22	-
10. Zophonias Jónsson Hóli	22	-
11. Stefán Björnsson Grund	22	-
12. Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði	21	-
13. Sigurjón Kristjánsson Brautarholi	21	-
14. Klemens Vilhjálmsson Brekku	20	-
15. Jón Gíslason Hofi	19	-
16. Daníel Júlíusson Syðra-Garðshorni	18	-
17. Sveinbjörn Guðjónsson Hreiðarsstöðum	18	-
18. Jóhannes Haraldsson Laugahlíð	16	-
19. Sigvaldi Gunnlaugsson Hofsárkoti	15	-

Varamenn:

1. Arngrímur Jóhannesson Sandá	11	-
2. Ólafur Sigurðsson Syðra-Holti	11	-
3. Haraldur Stefánsson Ytra-Garðshorni	10	-
4. Árni Jónsson Hæringsstöðum	8	-
5. Friðbjörn Zophoníasson Hóli	8	-
6. Tryggvi Jóhannsson Ytra-Hvarfi	7	-
7. Einar Sigurhjartarson Skeiði	6	-
8. Friðrik Sigurðsson Hánefsstöðum	6	-
9. Halldór Hallgrímsson Melum	6	-
10. Jónmundur Zophoníasson Hrafnst. 6	6	-

Fleira ekki fyrirtekið. Fundargerðin lesin og samþykkt. Fundi slitið.

Jón Jónsson Daníel Júlíusson
fundarstjóri (ritari)

Fundargjörð.

Þriðjudaginn þann 4. apríl [1950] kom mjólkurnefnd Svarfdælakeildar saman á fund að Böggvisstöðum. Allir nefndarmenn voru mættir.

Þá var tekið fyrir:

1. Kosinn formaður nefndarinnar til eins árs, og var Jón Jónsson Böggvisstöðum endurkosinn.
2. Á aðalfundi Svarfdælakeildar Mjólkursamlags K. E. A., haldinn á þinghúsinu á Grund þann 7 marz sl. höfðu varamenn kosnir til að mæta á aðalfundi Mjólkursamlagsins á Ak. verið innfærðir eftir stafrófsröð.

Ákvað því nefndin að draga um þá sem jöfn höfðu atkvæði. Verður því röð varamanna eftir því sem hér segir:

1. Ólafur Sigurðsson, Syðra-Holti
2. Arngrímur Jóhannesson, Sandá
3. Haraldur Stefánsson, Ytra-Garðshorni
4. Friðbjörn Zophoníasson – Hóli
5. Árni Jónsson – Hæringsstöðum
6. Tryggvi Jóhannsson – Ytra-Hvarfi
7. Friðrik Sigurðsson – Hánefsstöðum
8. Jónmundur Zophoníasson, Hrafnst. 6
9. Halldór Hallgrímsson, Melum

10. Einar Sigurhjartarson, Skeiði

Þegar hér var komið, ákvað nefndin að flytja fundinn til Dalvíkur til útibússtjóra K.E.A. Baldvins Jóhannssonar og tók þar fyrir:

3. Kaup á truckbíl.

Nefndin ákvað að kaupa truckbíl þann – No –, sem útibússtjóri festi nýlega kaup á – og þegar er kominn hingað – og hafa hann til mjólkurflutninga.

Um verð er ekki vitað neitt ákveðið, en vonir standa þó til, að verðið verði aldrei meir en ca. 20 þúsund kronur.

4. Þá var rætt um, hvað hátt gjald skyldi tekið fyrir undanrennu þá, sem bændur fá heimsenda frá samlaginu með mjólkurbílunum.

Var samþykkt að taka 4 aura á hvern líter á þessu yfirstandandi ári.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerðin upplesin og samþ.

Fundi slitið.

Jón Jónsson

Jón Jónsson

Sigurjón Kristjánsson

Fundargerð.

Miðvikudaginn þ. 15. nóv. 1950 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík

Allir nefndarmenn voru mættir.

Á fundinum mætti útibússtjóri, Baldvin Jóhannsson.

Formaður, Jón Jónsson, Böggvisstöðum setti fundinn og stýrði honum, en tilnefndi skrifara Jón Jónsson, Jarðbrú.

Þetta var fyrirtekið:

1. Útibússtjóri skýrði frá því, að hann hefði átt tal við Vilhjálm Heiðdal, fulltrúa póststjórnarinnar, viðvíkjandi póstflutningunum með mjólkurbílunum um sveitina Sagði hann, að póststjórnin mundi aldrei ganga að því að greiða það, sem farið væri fram á og fengist það ekki breytt, mundi póststjórnin láta fara eina ferð á mánuði um sveitina. Utibússtjóri lofaði, að pósturinn skyldi fluttur um sveitina eins og verið hefur, þar til aðalfundur deildarinnar verður haldinn og mjólkurframleiðendur gætu sjálfir tekið þær ákvarðanir í málinu, sem þeir vildu.
2. Utibússtjóri gat þess, að mjólkurbílarnir væru taldir á eignareikningi Kaupfélagsins. Eftir viðtali við Kaupfélagsstjórnann, J. Fr. óskar hann eftir, að þeir verði teknir af eignareikningi félagsins.

Mjólkurnefndin lítur svo á, að þetta sé eðlileg breyting og bílarnir verði skráðir á eignareikning mjólkurframleiðenda. Nefndin fól útibússtjóra að semja um skuld mjólkurbílanna við K. E. A.

3. Ákveðið var að áætla mjólkurflutningana á kr. 0.20 á lítra.

Fleira ekki fyrirtekið.

Fundi slitið.

Jón Jónsson

Jón Jónsson

Sigurjón Kristjánsson

1951

Fundargerð

Ár 1951 mánudaginn 21. jan. kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík. Útibússtjóri, Baldvin Jóhannsson var mættur á fundinum.

Þá var tekið fyrir.

1. Rætt var um, hvort útibússtjóri vildi sjá um framkvæmd mjólkurflutninganna á yfirstandandi ári. Svaraði hann því til, að hann teldi að hann gæti ekki neitað því og mundi því sjá um framkvæmd þeirra eins og nefndin óskaði eftir.
2. Mjólkurflutningarnir.
Talað var um hvort í það skyldi ráðizt að taka mjólkurbílana heim af Akureyri, með það fyrir augum að láta þa ganga eitthvað um sveitina, ef unnt væri, til þess að letta af mjólkurframleiðendum allverulegum akstri. En þar sem vitað er, að ekkert hefur verið gert að því að gera bílfært um Arnarneshrepp utan Hofis og akfæri hér í dalnum gott, taldi nefndin rétt að bíða til morguns með að taka ákvörðun og sjá, hvort hláka ykist, svo og hvort fengist samkomulag um, að ýtan yrði ekki sett á verkstæði t.d. fram undir helgi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Jón Jónsson

Jón Jónsson Sigurjón Kristjánsson

Fundargerð.

Mánudaginn þ. 19 marz 1951 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík. Allir nefndarmenn voru mættir svo og útibússtjóri, Baldvin Jóhannsson.

Fyrirtekið.

1. Utibússtjóri skýrði frá því, að hann hefði fyrir hönd nefndarinnar skrifað undir skuldabréf hjá Kaupfélagi Eyfirðinga vegna kaupa á fjórum mjólkurbílunum kr. 80100 sem greiðist á [eyða. SBG] árum með jöfnum afborgunum.
2. Rekstrarreikningar mjólkurbíllanna sl. ár.
Á árinu 1950 höfðu tekjur bíllanna orðið 249751,46 kr., en heildar kostnaður 225126,03 kr. Eftirstöðvar, kr. 24625, 43 var samþ. að verja til afskrifta á bílunum.
3. Samþ. var að fela útibússtjóra að afla upplýsinga um um snjóbíl, hvað hann ber, svo og um það hve miklu hann eyðir og hvað hann muni kosta.
4. Nefndin var sammála um að bera fram á aðalfundi Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A. tillögu þess efnis, að beina því til mjólkursamlagsstjóra, stjórnar og framkvæmdarstjóra K. E. A. að athuga um, hvort ekki væri tímabært að reisa mjólkurvinnslustöð á Dalvík fyrir Svarfdæla og Árskógsdeild.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið

Jón Jónsson
Jón Jónsson Sigurjón Kristjánsson

Fundargerð

Ár 1951 miðvikudaginn þ. 21 marz var aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. haldinn að Grund.

Formaður mjólkurnefndar, Jón Jónsson Böggvisstöðum setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritara tilnefndi hann Daniel Júlíusson

Þá var tekið fyrir:

1. Formaður lýsti dagskrá fundarins.
2. Þá var tekið fyrir fyrsta dagskrármál mjólkurflutningarnir
Formaður gat þess, að enn hefði mjólkurframleiðsla deildarinnar aukizt á s. l. ári eða um 15% frá næsta ári á undan.
Mjólkurmagn 1950 1 094.055 lítrar

meðalfita 3,523%. Utborgað pr. l. 130,23 aur.
En 1949 var mjólkurmagn 936,098½ l.

meðalfita 3,502%.

Meðalfita allrar mjólkur samlagsins var 3.594%

meðalútborgun -''- -''- -''- 132,9 aur. á árinu 1950.

Að enduðum nokkrum inngangsorðum gaf formaður útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni orðið, sem eins og kunnugt er, hefur framkvæmdir mjólkurflutninganna með höndum. Gaf Baldvin síðan skýrslu um mjólkurflutningana og bílakost þann, sem notaður var við flutningana á síðasta ári.

Taldi hann, að eftir öllum aðstæðum hefðu mjólkurflutningarnir gengið mjög sæmilega, en sökum geysimikillar verðhækkunar á bensíni og öðru, er þarf til reksturs bílanna, þá hefðu flutningarnir orðið dýrir, en þó ekki fram yfir það, sem orðið hefur hjá öðrum deildum, þegar miðað er við vegalengd og aðra flutninga örðugleika.

Að endaðri ræðu þakkaði formaður skýrslu útibússtjóra og lagði síðan fram til umræðu og urskurðar svohljóðandi tillögu frá mjólkurnefndinni:

„ Með því að kostnaður við flutning mjólkur úr Svarfaðardal til Akureyrar er orðinn geysimikill og oft miklum erfiðleikum bundið að koma mjólkinni þangað, þá beinir aðalfundur Svarfdæladeildar K. E. A. þeim tilmælum til samlagsstjóra, stjórnar og framkvæmdastjóra K. E. A. að athugað verði sem fyrst hvort ekki muni tímabært að reisa mjólkurvinnslustöð á Dalvík, er ynni úr mjólk úr Svarfaðardal og af Árskógsströnd að einhverju eða öllu leyti. Leiði sú athugun í ljós, að fjárhagslegur grundvöllur sé fyrir byggingu og rekstri slíkrar stöðvar væntir fundurinn þess, að hafnar verði framkvæmdir strax og nauðsynleg leyfi fást til byggingarinnar “

Að enduðum umræðum, sem allar lutu í þá átt að fylgja þessu máli til framkvæmda var tillagan borin upp til atkvæða og samþ. í einu hljóði.

Þá var samþ. að kjósa þriggja manna nefnd, til þess að fylgja þessum málum til framkvæmda.

Kosningu hlutu:

Jón Jónsson, Böggvisstöðum

Hjalti Haraldsson, Ytra-Garðshorni og

Stefán Björnsson, Grund með hlutkesti á milli hans og Helga Símonarsyni og er því Helgi réttmætur varamaður nefndarinnar.

Útaf umræðum, sem fram komu á fundinum og óánægju fundarmanna yfir of lágu gjaldi fyrir flutning neyzlumjólkur með bílunum frá Akureyri til Dalvíkur var samþ. að óska eindregið eftir því, að samlagið greiði eftir leiðis 10 aura á líter fyrir ofangreinda mjólk.

3. Póstflutningar.

Baldvin Jóhannsson reifaði málið og gat þess, að pósthjóninn vildi ekki greiða það gjald, sem sett hefði verið upp fyrir postflutning með mjólkurbílunum um sveitina, og yrðu fundarmenn að ráða því, hvort þeir vildu, að bílarnir hættu þessum flutningum, ef lítið eða ekkert fengist fyrir þá. Fundarmenn óskuðu eindregið eftir, að mjólkurbílarnir flyttu póstin með borgun fyrir þann flutning.

4. Kosningar.

a) Kosinn einn maður í mjólkurnefnd í stað Jóns Jónssonar, Böggvisstöðum.

Kosningu hlaut Jón á Böggvisstöðum með 20 atkvæðum

b) Kosnir tveir endurskoðendur á reikninga mjólkurflutninganna. Kosningu hlutu:

Stefán Björnsson Grund með 11 atkv.

og Björn Jónsson Ölduhrygg með 9 - " -

Varamenn:

Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði og

Þorleifur Bergsson Hofsa.

c) Kosnir 22 fulltrúar á aðalfund Mjólkursamlags K. E. A. Kosningu hlutu eftirtaldir aðalmenn og varamenn:

1. Gunnar Rögnvaldsson	Dæli	með 20	-
2. Helgi Símonarson,	Þverá	- 20	-
3. Björn Jónsson,	Ölduhrygg	- 19	-
4. Hjörtur Eldjárn,	Tjörn	19	-
5. Þorleifur Bergsson,	Hofsa	19	-
6. Daníel Júlíusson,	Syðra-Garðshorni	18	-
7. Gunnl. Gíslason,	Sökku	18	-
8. Jón Gíslason,	Hofi	18	-
9. Sigurjón Kristjánsson,	Brautarhóli	18	-
10. Þór Vilhjálmsson,	Bakka	18	-
11. Jón Jónsson,	Jarðbrú	17	-
12. Magnús Jónsson,	Hrafnstaðakoti	17	-
13. Sveinbjörn Guðjónsson,	Hreiðarsstöðum	17	-
14. Arngrímur Jóhannesson,	Sandá	16	-
15. Hjalti Haraldsson,	Ytra-Garðshorni	16	-
16. Jón Jónsson,	Böggvisstöðum	16	-
17. Klemens Vilhjálmsson,	Brekku	15	-
18. Stefán Björnsson,	Grund	15	-
19. Sigvaldi Gunnlaugsson	Hofsárkoti	14	-
20. Jóhannes Haraldsson,	Laugahlíð	13	-
21. Árni Jónsson,	Hæringsstöðum	10	-
22. Friðrik Sigurðsson,	Hánefsstöðum	10	-

Varamenn:

1. Gestur Vilhjálmsson,	Bakkagerði	10	-
2. Zophonías Jónsson,	Hóli	10	-
3. Halldór Hallgrímsson,	Melum	9	-
4. Jónmundur Zophoníasson,	Hrafnstöðum	8	-
5. Steingrímur Eiðsson,	Ingvörum	8	-
6. Einar Hallgrímsson,	Urðum	8	-
7. Ólafur Sigurðsson,	Syðra-Holti	7	-
8. Kristinn Rögnvaldsson,	Hnjuki	7	-
9. Einar Sigurhjartarson,	Skeiði	6	-
10. Stefán Snævarr,	Völlum	6	-
11. Friðbjörn Zophoníasson,	Hóli	5	-
12. Sigtryggur Jóhannesson	Göngustaðakoti	5	-

5. Önnur mál.

Jónmundur Zophoníasson kvaddi ser hljóðs og lýsti óánægju yfir fóðurlöndu, sem hann hefði fengið frá K. E. A.

Ályktun kom engin fram í málinu.

Fleira ekki fyrirtekið.

Fundargerðin lesin upp og samþ. Fundi slitið.

Jón Jónsson

(fundarstjóri)

Daníel Júlíusson

(fundarritari)

Fundargerð

Föstudaginn 18. maí [1951] kom mjólkur nefndin saman á fund á Dalvík.

Allir nefndar menn mættir.

Útibússtjóri Baldvin Jóhannsson var einnig mættur á fundinum

þetta gerðist.

1. Kosin formaður mjólkurnefndar til 3ja ára í stað Jóns á Böggvisstöðum var hann endurkosinn
2. Tillaga sú sem fram var borin og samþykkt á síðasta aðalfundi Svarfdæladeildar K.E.A. varðandi vinnslustöð á Dalvík hefur verið send Mjólkursamlagsstjóra Jónasi Kristjánssyni Akureyri, svo og stjórn Kaupfélags Eyfirðinga.
3. Formaður mjólkurnefndar hafði í samráði við hina nefndarmennina, skrifað Karli Friðrikssyni bréf dags. – 30. apríl s. l. þess efnis að hann beitti sér fyrir því að mjólkurflutningar úr Svarfdæladeild Mjólkursamlags K.E.A. yrðu styrktir af ríkinu eins og gert hefur verið í innhreppum Eyjafjarðarsýslu nú s l vetur Sömmuleiðis var óskað eftir í bréfinu til Karls að hann gefi nefndinni upplýsingar varðandi þetta mál, sé svo að hann ekki hafi með það að gera og til hvaða aðila skuli þá snúa sér með málið.
4. Gjaldskrá bílanna 1950. Á gjaldskránni voru gerðar litils háttar breytingar sem hnigu í þá átt að flutningsgjald á einstöku vorutegund voru hækkuð svolítið. Fleira ekki fyrirtekið – fundi slitið

Sigurjón Kristjánsson

Jón Jónsson

Jón Jónsson

Hr. Karl Friðriksson !

Í gær var mér tjáð, að Ríkissjóður greiddi að hálfu flutning á mjólk úr Eyjafirði og frá Hörgárbrú, sem jarðýtur hafa annast í vetur.

Þar sem eg ætla, að þú munir nokkru fá ráðið um slíka hluti, vil eg hér með fara þess á leit við þig, að þú beitir þér fyrir því, að Ríkið greiði einnig að hálfu flutning mjólkur úr Svarfaðardal, sem flutt hefur verið sjóleiðis í vetur

Fyrir þeirri ósk liggja svo augljós rök, að þarflaust er að benda á þau, en skal þó drepið á þau helztu.

Sjóflutningar eru óhemjudýrir, þar sem við þá þarf þremur mönnum fleira en við landflutninga, og auk þess er bátur mun dýrari í rekstri en bílar.

Þá má og benda á hinn mikla kostnað og erfiði, er því fylgir að aka mjólk til Dalvíkur þrisvar í viku fleiri km., eins og gert hefur verið í vetur.

Mjólkurflutningar eru alltaf, hvernig sem viðrar, dýrari úr Svarfaðardal en víðast annars staðar frá á félagssvæði Mjólkursamlags K. E. A. T. d. var flutningsgjald árið 1950, 20 aurar á líter, en úr Eyjafirði og Möðruvallasókn mun það naumast meir en helmingur þess.

Þegar þessa er gætt, virðist það varla orka tvímælum, að eðlilegra og réttlátara sé að létta undir með og greiða fyrir flutningum þeirra, sem lengst eru frá vinnslustað fremur en hinna, sem skemmst eiga að fara og sjaldnast verða fyrir flutningaerfiðleikum og minnstu þurfa því til flutninga að kosta.

Það kemur nú varla sá vetur í seinni tíð að ekki þurfi að grípa til sjóflutninga um lengri eða skemmri tíma, en þrátt fyrir það mun það þó alloft hafa komið fyrir, að lítil mjólk hafi borizt til Akureyrar dag og dag önnur en sú, sem komið hefur úr Svarfaðardal, enda er geysimiklu til kostað af mjólkurframleiðendum til að tryggja þá flutninga, þar sem þeir hafa nú fimm bíla og þar af þrjú trukk bíla.

Af því sem her er sagt, veit eg að þú munt sjá og viðurkenna, að hér er ekki farið fram á annað en það sem fyllsta sanngirni mælir með, enda treysti eg því, að þú veitir okkur atfylgi þitt til að fá því framgengt, að Ríkið greiði að hálfu flutning mjólkur úr Svarfaðardal til Akureyrar, sem flutt hefur verið sjóleiðis í vetur.

Að endingu vil eg svo taka það fram, að eigi hefði verið á þetta minnzt, ef ekki hefði fordæmið fengizt þar innra, þar sem miklu meir hefur þó verið tilkostað til að halda vegum þar opnum, fyrr og síðar en hér hjá okkur.

Ef því er svo farið, að þú hafir ekkert um þetta að segja, vildi eg mælast til þess, að þú lofaðir mér að vita, til hvers ætti þá að snúa sér.

Böggvisstöðum, 30 apríl 1951

F.h. mjólkurnefndar Svarfdælaeildr

virðingarfyllst

Jón Jónsson.

Fundargerð.

Fimmtudaginn 1. nóvember 1951 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík
Mættur var útibússtjóri Baldvin Johannsson á fundinum.
Formaður nefndarinnar Jón Jónsson, Böggvisst setti fundinn og stýrði honum.

Þá var fyrir tekið

1. Flutningsgjald mjólkurinnar.
Ákveðið var að áætla flutningsgjaldið á mjólkinni kr. 0,23 á kg. þar til fullnaðar uppgjör liggur fyrir.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Sigurjón Kristjánss. Jón Jónsson

1952

Fundargerð

Fimmtudaginn þ. 24. janúar 1952 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík
Á fundinum mætti útibússtjóri Baldvin Jóhannsson.

Fyrir var tekið:

1. Útibússtjóri skýrði frá því að við nánari athugun hefði ekki verið neitt formlega gengið frá kaupum á mjólkur bílunum, við Kaupfélag Eyfirðinga fyrir hönd mjólkur framleiðenda, þar sem að til þess að kaupin verði gerð er um leið ekki hægt undan því að komast að mynda þarna félag sem um leið yrði að taka á sig skatta og skyldur, sem þessi rekstur yrði að bera. Nú lítur nefndin svo á, að rétt sé að gera ekkert frekar í þessu máli varðandi kaup á bílunum þar til aðalfundur deildarinnar verður haldinn. En óskar jafnframt eftir því að á þessu nýbyrjaða ári verði, hafður einn kostnaðarreikningur yfir bílana. Enn fremur óskaði nefndin eftir því við útibússtjóra að hann hefði með hendi framkvæmd mjólkurflutninganna á yfirstandandi ári svo framarlega sem fyrirkomulag þeirra mála breytist ekki á árinu frá því sem nú er

2. Samþykkt var að láta smíða og setja upp belti á 1 trukkílinn, þar sem sú litla reynsla sem fengin er af þeim beltum sem komin eru á einn þeirra gefur vonandi það góða raun að vonir standa til að ofurlítið öryggi væri fengið varðandi mjólkflutningana og jafnvel mundi bílarnir fara betur í vondri færð á beltunum

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundi slitið

Sigurjón Kristjánsson Jón Jónsson

Jón Jónsson

Fundargerð.

Miðvikudaginn 2. apríl 1952 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík þar var og mættur útibússtjóri Baldvin Jóhannsson. Formaður mjólkurnefndar, Jón Jónsson Böggvisstöðum setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið

1. Útibússtjóri lagði fram reikningsniður stöður mjólkurflutninganna fyrir árið 1952 [svo. SBG]. Heildarflutningskostnaður varð kr. 356.503.70, en heildartekjur fyrir alla flutninga á bílunum varð kr. 317.222.38. Í reikningslok vanta þá tekjur til þess að mæta öllum kostnaði við starfrækslu bílanna kr. 49.281.32.
En þar sem ekki er enn að fullu frá gengið hvað mikið mjólkursamlagið greiðir til okkar fyrir flutning á mjólk og mjólkurvorum, svo og er óvitað hvað við fáum í bensin afslátt á sl. ári, samþ. nefndin að taka enga fullnaðarákvörðun um flutningsgjald af mjólk fyrir síðast liðið ár.
2. Þar sem vitað er með fullri vissu að ríkissjóður hefur veitt mörgum mjólkurframleiðendum fjárhagslega að stoð vegna dýrra og erfiðra mjólkurflutninga bæði nú í vetur og síðastliðinn vetur, telur nefndin ásamt útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni sem er framkvæmdar stjóri fyrir rekstri mjólkurbílanna, fulla ástæðu til að leita fjárhags aðstoðar hjá ríkissjóði, þar sem flutningar á mjólk úr Svarfdæladeild er sennilega dyrari en hjá flestum öðrum mjólkurframleiðendum og felur nefndin því útibússtjóra að flytja þetta mál við landbúnaðarráðherra.

3. Talað var um að leggja fyrir deildarfundinn hvort ekki mundi rétt vera að fara þess á leit við samlagsstjóra Jónas Kristjánsson að hann veitti okkur undan þágu frá því að flytja mjólk í samlagið á sunnudogum, þar sem vitað er að það hefir kostað allverulega fjárupphæð.

Fleira ekki fyrirtekið

Fundi slitið

Sigurjón Kristjánsson Jón Jónsson

Jón Jónsson

Fundargerð.

Ár 1952, föstudaginn 4. apríl var aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A haldinn í þinghúsinu að Grund.

Formaður mjólkurnefndar, Jón Jónsson, Böggvisstöðum setti fundinn og stýrði honum. Skrifara tilnefndi hann Daníel Júlíusson.

Þá var fyrirtekið.

1. Formaður lýsti dagskrá fundarins.
2. Þá var tekið fyrir fyrsta dagskrármál – Reikningar bílanna og mjólkurflutningarnir. Formaður fór nokkrum orðum um samanburð mjólkurmagnsins úr Svarfdæladeild yfir s.l. ár og næsta ár á undan. Hafði mjólk flutt til samlagsins árið 1951 orðið ca 51 þús. lítrum minna en 1950. Mjólk flutt til samlagsins 1951 var 1042848 l. og meðalfita 3,527%. Utborgað verð var 1540057,30 kr. Útborgað meðalverð a lítra var 1,47⁶⁷. 1950 var mjólkurmagnið 1094055 lítrar. Meðalfita 3,523%. Utborgað 1424880,19 kr. eða 1,30²³ kr. á lítra. Þá gaf formaður Baldvin Jóhannssyni útibússtjóra orðið, sem eins og kunnugt er, hefur umsjón með mjólkurflutningunum Las hann upp reikninga mjólkurbílanna og kom jafnframt nokkuð inn á mjólkurflutningana í sambandi við bílareksturinn. Taldi hann sem kunnugt er, að mjólkurflutningarnir hefðu verið miklum erfiðleikum bundnir s.l. ár, og þess vegna hefðu flutningarnir orðið dýrir og nokkru hærrí en áætlað var. Taldi hann, að þegar allt væri framkomið viðkomandi flutningunum á síðasta ári, þá mundi flutningskostnaður á lítra verða 25-26 aura. Þá tók til máls annar endurskoðandi reikninganna, Stefán Björnsson, Grund. Taldi hann reikningana hafa verið mjög glögga og aðgengilega og rakti þá nokkuð lið fyrir lið.

Að lokum gaf formaður nokkrar skýringar málum þessum viðkomandi og gaf síðan fundarmönnum orðið.

Margir tóku til máls og töluðu um flutningana á ýmsa lund.

Ekki gátu menn bent á verulegar úrlausnir til umbóta til að lækka kostnað við mjólkurflutningana, en beint var þeirri ósk til endurskoðenda reikninganna, að þeir kynntu sér þessi kostnaðarmál svo sem föng eru á og kæmu síðan með tillögu til mjólkurnefndar, sem líklegar væru til úrbóta í þessum efnum. Að umræðum loknum bar formaður reikninga bílanna upp til atkvæða, og voru þeir samþ. með samhljóða atkvæðum.

3. Fyrirkomulag bílarekstrarins.

Formaður gat þess, að meiningin hefði verið að reka mjólkurbíla sjálfstætt og mjólkurflutningana í heild. En samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdarstjóra K. E. A. og útibússtjóra a Dalvík taldist það ekki ráðlegt vegna skatta og mars konar gjalda, sem þessi litli rekstur þyrfti að greiða.

Bar því formaður undir fundinn, hvort ekki væri rétt, eins og undanfarið hefði verið, að þessi rekstur færi fram í skjóli Utibúsins á Dalvík. Var það samþ. með samhljóða atkvæðum.

4.

Mjólkurvinnslustöð á Dalvík.

Formaður las upp bréf frá Jónasi Kristjánssyni samlagsstjóra varðandi mjólkurvinnslustöð [á] Dalvík. Bréfið er neikvætt gagnvart þeim málum og færir samlagsstjórinn þar margt fram því til stuðnings. Um málið urðu allmiklar umræður og komu að lokum eftirfarandi tillögur fram og voru samþ. með öllum greiddum atkvæðum. Þess skal getið, að önnur tillagan er gagnvart neytlumjólki, sem mjólkurbílarnir flytja frá Samlaginu til Dalvíkur, og koma þeir flutningar meðal annarra fram undir ofangreindu dagskrármáli.

„ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. skorar á stjórn deildarinnar að láta fara fram athugun á því, hvort ekki væri möguleiki á að reisa á Dalvík.

a) Rjómbú

b) Gerilsneyðingarstöð –

eða hvorttveggja í sameiningu.

Ennfremur að þessi athugun sé gerð hið allra fyrsta og leggi síðan málið fyrir almennan fund mjólkurframleiðenda, ef hún telur ástæðu til. “

„ Fundurinn telur að sanngjarnt sé að Mjólkursamlagið greiði fyrir þá mjólk, sem flutt er fyrir það til Dalvíkur eigi minna en framleiðendur hér þurfa að greiða fyrir mjólkurflutningana inneftir, miðað við kostnað milli Dalvíkur og Akureyrar. “

6. Kosningar.

a) Kosinn einn maður í mjólkurnefnd í stað Sigurjóns Kristjánssonar.

Kosinn var Sigurjón Kristjánsson Brautarhóli til þriggja ára.

b) Kosinn varamaður í mjólkurnefnd til sama tíma.

Kosinn var Zophonías Hóli.

c) Kosinn 21 maður til að mæta á aðalfundi Mjólkursamlags K. E. A.

Þessir aðalmenn og varamenn hlutu kosningu:

1. Jón Jónsson, Jarðbrú	með	28	atkvæðum
2. Björn Jónsson, Ölduhrygg	-	26	-
3. Stefán Björnsson, Grund		26	-

4. Jóhannes Haraldsson, Laugahlíð	25	-
5. Gunnar Rögnvaldsson, Dæli	24	-
6. Hjörtur Eldjárn, Tjörn	24	-
7. Jón Gíslason, Hofi	24	-
8. Jón Jónsson, Böggvisstöðum	24	-
9. Helgi Símonarson, Þverá	23	-
10. Magnús Jónsson, Hrafnstöðum	23	-
11. Sveinbjörn Guðjónsson, Hreiðarsst.	20	-
12. Þorleifur Bergsson, Hofsa	19	-
13. Daníel Júlíusson, Syðra-Garðshorni	18	-
14. Einar Hallgrímsson, Urðum	18	-
15. Hjalti Haraldsson, Ytra-Garðsh.	18	-
16. Arngrímur Jóhannesson, Sandá	17	-
17. Gestur Vilhjálmsson, Bakkagerði	17	-
18. Sigvaldi Gunnlaugsson, Hofsaarkoti	17	-
19. Sigurjón Kristjánsson, Brautarholi	17	-
20. Þór Vilhjálmsson, Bakka	16	-
21. Gunnlaugur Gíslason, Sökku	15	-
Varamenn:		
1. Árni Jónsson, Hæringsstöðum	14	-
2. Zophonías Jónsson, Hóli	14	-
3. Klemens Vilhjálmsson, Brekku	13	-
4. Einar Sigurhjärtarson, Skeiði	12	-
5. Jónmundur Zophoníasson, Hrafnstöðum	11	-
6. Ólafur Tryggvason, Ytra-Hvarfi	11	-
7. Ólafur Sigurðsson, Syðra-Holti	10	-
8. Sveinn Vigfússon, Þverá	10	-
9. Friðrik Sigurðsson, Hánefsstöðum	9	-
10. Friðbjörn Zophoníasson, Hóli	8.	-

Fleira ekki fyrirtekið.
Fundargerðin lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið

Jón Jónsson
(fundarstjóri)

Fundargerð.

Þriðjudaginn 22. apríl [1952] kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík. Mættur var útibússtjóri Baldvin Jóhannsson. Formaður nefndarinnar Jón Jónsson, Bögvisstöðum setti fundinn og stýrði honum.

Þetta gerðist.

1. Formaður gat þess að hann hefði skrifað stjórn Kaupfélags Eyfirðinga vegna tillögu þeirrar sem aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. samþykkti að fela mjólkurnefndinni að láta athuga um möguleika fyrir rjómbúí á Dalvík, eða gerilsheiðingar [svo. SBG] stöð, eða hvorutveggja.
2. Mjólkurflutningsgjaldið fyrir árið 1951. Við uppgjör á rekstri mjólkur flutninganna kom í ljós að þeir 23 aurar sem áætlaðir voru nægðu hvergi nærri til þess að mæta kostnaði þeim sem af flutningunum leiddi Samþ. því nefndin að leggja á 5 aura við bótargjald, svo endanlegt [verð] verður því 28 aurar á lítra.
3. Flutningsgjaldið 1952. Ákveðið var að flutningsgjald á lítra skyldi áætlað kr. 0.30 á lítrann. Sömuleiðis var ákveðið að reikna 8 aura flutnings gjald af undanrennu.
4. Flútningur á mjólk frá Mjólkursamlagi Kaupfél. Eyfirðinga Akureyri til Dalvíkur. Samþykkt var að taka 14 aura á lítra í flutningskostnað fyrir mjólk þá sem bílarnir fluttu fyrir Mjólkursamlagið til Dalvíkur árið 1951. Sömuleiðis samþ. að taka 15 aura fyrir lítra á arinu 1952.
5. Fyrirkomulag á flutningum á vörum fluttum með mjólkurbílunum. Sá háttur hefir verið upptekin að taka allar vörur á nótur hér á Dalvík, sem bílarnir eiga að flytja fram um sveitina og reiknast af því flutningsgjald. Einnig óskaði nefndin eftir að útibússtjóri auglýsti hér á Dalvík, að fólk kæmi þeim flutning sem það vildi fá flutt með bílunum á bílaafgreiðsluna og koma þeim þar á pappíra eins og öðrum hliðstæðum flutningum um sveitina.

Fleira ekki fyrirtekið
fundargjörð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið

Sigurjón Kristjánsson Jón Jónsson

Jón Jónsson

Fundargerð.

Föstudaginn 13. júní 1952 hélt mjólkurnefndin fund á Dalvík. Allir nefndarmenn voru mættir. Á fundinum voru mættir útibússtjóri Baldvin Jóhannsson, og Jónas Hallgrímsson

forstjóri Dalvík.

Þetta var tekið fyrir.

1. Jónas gat þess að mjólkurbilstjórarnir hefðu oft rætt um það við sig hversu slæmt væri að allir mjólkurtrúkkbílarnir væru ekki af sömu gerð. Sömuleiðis væri mikið dýrara allt viðhald bílanna fyrir þetta og þó væri hitt verra að öryggið um útgerð bílanna gæti dálítið oltið á því að þeir væru þó allir af sömu gerð, svo hægt væri að nota samskonar varahluti í þá alla. Væri hugsuð sú breyting sem um getur væri nauðsynlegt að hafa nægan tíma fyrir sér til breytingarinnar. Samþykkt var að fela Jónasi að athuga um hvort hægt væri að fá undirgrind og annað tilheyrandi breytingunni með hóflegu verði
2. Rætt var um og samþykkt að láta smíða belti á annan mjólkurtrúkkbil svo 2 þeirra gætu verið á beltum, og reyna að hafa þau það sterk sem mögulegt væri. Reynsla sú sem fékkst af beltunum í vetur virtist gefa það góða raun, að ástæða væri til að láta setja undir annan og tryggja með því flutningana að vetrinum.

Fleira ekki fyrirtekið.

Sigurjón Kristjánsson Jón Jónsson Jón Jónsson

Fundargerð

Fimmtudaginn þ. 27. nóv. 1952 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík.

Á fundinum voru mættir útibússtjóri Baldvin Jóhannsson og Jónas Hallgrímsson forstjóri Dalvík.

Þetta gerðist

1. Á fundi 13. júní síðastliðinn var samþ. að fela Jónasi Hallgrímssyni forstjóra að athuga um kaup á undirgrind og annað til heyrandi, af sömu gerð [og] 2 trúkk bílarnir. Nú skýrir Jónas frá því að nú hafi hann fest kaup í trúkkbílnum á Árskógs strönd. Bíllinn er með spili og geta nú allir mjólkurbílarirnir verið með spili í vetrarflutningunum, ef ástæða og öryggi þætti til. Kaupverð bílsins er kr. 20.000,- eins og billinn er nú. Nú bíður Jónas mjólkurnefndinni að kaupa spilið á kr. 6.000,- og gera svo bílinn í stand á kostnað mjólkurflutninganna, og taka svo hinn bílinn upp í kaupverð þessa ný keypta bíls á kr. 14,000,- og samþ. mjólkurnefndin að ganga á [svo. SBG] þessu.

Fleira ekki fyrirtekið

Fundi slitið.

Sigurjón Kristjánsson Jón Jónsson.

Jón Jónsson

1953

Fundargerð.

Miðvikudaginn þ. 18. febrúar [1953] kom mjólkur nefndin saman á fund á Böggvisstoðum

Þetta gerðist.

1. Deildarreglurnar. Formaður gat þess að nauðsyn bæri til að athuga reglur deildarinnar og voru þær lesnar og kom í ljós að á þeim þyrfti að gera lítils háttar breytingar, svo sem það að nú þegar mjólkurframleiðendur flytja mjólkina til samlagsins á sinn kostnað, þá vantaði ákvæði um endurskoðendur. Svo kom og nefndinni saman um að fella niður smá kafla sem virtust vera orðnir tilgangslausir í reglunum. Þvi samdi nefndin upp 1 gr. deildar reglanna og gerði tillögu um að feltur yrði niður 2. liður úr 2. gr. og leggur svo þessar breytingar fyrir aðalfund deildarinnar.
2. Á fundinum ræddi nefndin ýmislegt varðandi mjólkurbíla og flutninga svona á ýmsa vegu, þó var engin ákvörðun né samþ. gerð í þeim málum.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Jón Jónsson

Jón Jónsson

Fundargerð.

Miðvikudaginn 18. marz 1953 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík
Mættur var á fundinum útíbússtjóri Baldvin Jóhannsson.

Fyrir var tekið.

1. Ákveðið var að hafa aðalfund mjólkur deildarinnar þriðjudaginn 24. þ.m.

2. Samþykkt var að taka í flutningsgjald af þeirri mjólk sem Mjólkursamlag K.E.A. selur hér á Dalvík ½ flutningsgjald það sem framleiðendur hér þurfa að greiða á yfirstandandi ári.
3. Fyrir lá reikningsuppgjör mjólkurbílaanna árið 1952. Tekjur ársins reyndust. 476.860 kr. en gjöldin reyndust. 442.262. kr.
Tekjur afgangur ca 35.500 þús kr.
Samþ. var að afskrifa bílana um 25%.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið

Jón Jónsson Jón Jónsson
Sigurjón Kristjánsson

Fundargerð.

Ár 1953, þriðjudaginn þann 24. marz var aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A. haldinn að Grund.

Formaður mjólkurnefndar, Jón Jónsson Böggvisstöðum setti fundinn og stýrði honum.

Skrifara tilnefndi hann Daníel Júlíusson

Þá var fyrir tekið:

1. Fundarstjóri lýsti dagskrá fundarins.
2. Þá var fyrsti dagskráliður tekinn til umræðu:
Mjólkurflutningarnir og reikningar mjólkurbílaanna. Fundarstjóri fór nokkrum orðum um mjólkurflutningana sl. ár, en þó aðallega um samanburð mjólkurmagnsins og fitu mjólkurinnar tvö s.l. ár, og er sá samanburður tölulega þannig.

Mjólkurmagn	1952	1145202 ½ lítrar.
- -	1951	1042848 -
Aukning	102354 ½ l. eða tæp 9 %	
Meðalfita	1952	3,542 %
- -	1951	3,527 %
Meðalverð útborgað	1952	166,72 aur. per lítra
- -	1951	147,68.
Meðalverð samlagsins í heild	1952 -	169,27 aur.
- - - - -	1951	149,24 -
Meðalfita saml.	1952	3,589 %
- - -	1951	3,560 %
Mjólkurmagn til saml.	1952	8,227875 l.
- - -	1951	7483260 l.

Að þessu loknu gaf fundarstjóri Baldvin Jóhannssyni útibússtjóra orðið, sem eins og kunnugt er, hefur eins og að undanfögnu aðallega séð um mjólkurflutningana. Rakti hann í stórum dráttum rekstur mjólkurflutninganna s. l. ár, og taldi eins og kunnugt er, að það ár hefði verið mjög erfitt og kostnaðarsamt sökum illrar færðar og þarafleiðandi meiri bensineyðslu og aukins viðgerðarkostnaðar á mjólkurbílunum. Taldi hann, að það, sem af er þessu ári væri allmiklu bjartara yfir þessum rekstri. Að endaðri skýrslu útibússtjóra tók til máls endurskoðandi reikninganna, Björn Jónsson Ölduhrygg. Benti hann á nokkra liði í kostnaðarrekstri flutninganna sem athugandi væri, hvort ekki væri hægt að breyta til batnaðar, þ. e. lækka rekstrarkostnaðinn. Nokkrir fundarmenn tóku til máls og töluðu á víð og dreif um bílana og flutningana í heild. Útibússtjóri og fundarstjóri skýrðu málin og svöruðu ræðum manna, þegar spurningum var til þeirra beint. Þegar hér var komið, var fundarhlé, og fundarmönnum boðið til kaffidrykkju á kostnað mjólkurflutninganna, og var það vel þegið af fundarmönnum. Að kaffidrykkju lokinni var fundi haldið áfram og sama mál enn rætt að nokkru. Að umræðum loknum bar fundarstjóri upp reikninga mjólkurflutninganna, og voru þeir samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

3. Samþykktabreytingar.

Mjólkurnefnd lagði til, að 1. gr. samþykktanna falli niður og önnur komi í staðinn þannig orðuð:

Deildinni stjórna þrjú menn, er kallast deildarstjórn. Skulu þeir kosnir skriflegri kosningu á aðalfundi deildarinnar til þriggja ára, þannig að einn sé kosinn árlega.

Einn varastjórnarnefndarmann skal og kjósa á sama hátt.

Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum.

Séu mjólkurflutningabílar reknir á kostnað og ábyrgð mjólkurframleiðenda að meira eða minna leyti skal kjósa tvo endurskoðendur á aðalfundi deildarinnar til þriggja ára í senn. Enginn getur skorast undan að taka kosningu, og eigi er nokkur skyldur að gegna störfum nema eitt kjörtímabil í senn.

Þó má endurkjósa sérhvern svo oft sem vill, ef hann skorast ekki undan kosningu.

Greinin samþ. umræðulaust með öllum greiddum atk. 2. liður falli brott.

Samþ. með öllum gr. atkvæðum.

4. Kosningar.

a) Kosinn einn maður í mjólkurnefnd í stað Jóns á Jarðbrú.

Kosinn var Jón Jónsson, Jarðbrú til næstu þriggja ára.

b) Kosnir 23 fulltrúar á aðalfund mjólkursamlags K. E. A. Kosnir voru eftirtaldir aðalmenn og varamenn

1. Hjörtur Þórarinsson, Tjörn	með	28	atkvæðum
2. Björn Jónsson, Ölduhrygg	-	27	-
3. Helgi Símonarson, Þverá	-	27	-
4. Arngrímur Jóhannesson, Sandá	-	24	-
5. Hjalti Haraldsson, Ytra-Garðsh.	-	24	-
6. Sigvaldi Gunnlaugsson, Hofsarkoti	-	24	-
7. Stefán Björnsson, Grund	-	24	-
8. Gestur Vilhjálmsson, Bakkagerði	-	23	-

9. Jóhannes Haraldsson, Laugahlíð	-	23	-
10. Jón Jónsson, Böggvisstöðum	-	23	-
11. Jón Jónsson, Jarðbrú	-	23	-
12. Sigurjón Kristjánsson, Brautarhóli	-	23	-
13. Gunnlaugur Gíslason, Sökku	-	22	-
14. Jón Gíslason, Hofi	-	22	-
15. Þorleifur Bergsson, Hofsá	-	22	-
16. Daníel Júlíusson, Syðra-Garðshorni	-	21	-
17. Einar Hallgrímsson, Urðum	-	21	-
18. Klemens Vilhjálmsson, Brekku	-	21	-
19. Þór Vilhjálmsson, Bakka	-	21	-
20. Gunnar Rögnvaldsson, Dæli	-	20	-
21. Ólafur Tryggvason, Ytra-Hvarfi	-	18	-
22. Sveinbjörn Guðjónsson, Hreiðarsstöðum	-	17	-
23. Magnús Jónsson, Hrafnstaðakoti	-	16	-

með hlutkesti milli hans og Friðbjörns Hóli.

Varamenn:

1. Friðbjörn Zophoníasson, Hóli	með	16	atkv.
2. Árni Jónsson, Hæringsstöðum	-	15	-
3. Friðrik Sigurðsson, Hánefsstöðum	-	14	-
4. Jónmundur Zophoníasson, Hrafnst.	-	11	-
5. Zophonías Jónsson, Hóli	-	11	-
6. Kristinn Rögnvaldsson, Hnjúki	-	10	-
7. Einar Sigurhjärtarson, Skeiði	-	10	-
8. Þórarinn Jónsson, Bakka	-	9	-
9. Halldór Hallgrímsson, Melum	-	8	-
10. Steingrímur Eiðsson, Ingvörum	-	7	-

5). Onnur mál.

Undir umræðum um mjólkurflutninga kom það fram, að brýn nauðsyn væri til þess að hækka veginn um Svarfaðardal og leiðina til Akureyrar. Undir þenna lið kom svohljóðandi tillaga, sem samþ. var með öllum gr. atkvæðum. „ Aðalfundur Svarfdælaeildar Mjólkursamlags K. E. A., haldinn 24. marz 1953, leyfir sér að benda á, að þjóðleiðin frá Akureyri til Dalvíkur og um Svarfaðardal er afar snjóásöm leið, en mjög fjölfarin og aðal flutningaleið Svarfdælinga og annarra út-Eyfirðinga með mjólkurafurðir o. fl. Vegur þessi er mjög gamall og því lágt byggður og kemur alls ekki að fullu gagni til vetrarflutninga. Hinsvegar mundi þetta gerbreytast, ef vegurinn yrði hækkaður að nokkru. Því vill fundurinn beina þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnar, vegamálastjóra og Alþingis, að þegar á næstunni verði veitt nægilegt fé til að slík endurbót vegarins, sem að framan getur, verði framkvæmd.

Fleira ekki fyrirtekið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Jón Jónsson
fundarstjóri.

Daníel Júlíusson
(fundarritari.)

Fundargerð.

Föstudaginn 24. apríl [1953] kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík.
Mættur var útibússtjóri Baldvin Jóhannsson

Þetta gerðist:

1. Ákveðið var að hafa mjólkurflutningana og fyrir komulag þeirra með sama hætti og undan farið ár.
Sömuleiðis hefur útibússtjóri Baldvin Jóhannsson lofað að annast um framkvæmd mjólkurflutninganna á yfirstandandi ár, eins og verið hefur undan farin ár.
- 2.a Flutningsgjaldið fyrir yfirstandandi ár.
Samþykkt var að áætla flutningsgjaldið af mjólkinni kr. 0,27 á lítra.
En komi í ljós síðar á árinu að hið áætlaða gjald verði of lágt vegna erfiðra veðráttu og fleira, samþ. nefndin að jafna niður auka eða viðbótar gjaldi á alla þá mjólk sem til samlagsins verður flutt á árinu
- b. Flutningsgjald á undanrennu.
Ákveðið var að flutningsgjald á undanrennu yrði kr. 0.06 á þessu ári.
3. Útibússtjóri gat þess að mjólkurbílstjórnarnir hefðu farið þess á leit við sig að þeir fengju greiðslu fyrir alt að 5 helga daga á árinu (aðra en sunnudag á sumrinu) sem þeir þurfa að vera í mjólkurflutningum.
Samþykkt var að verða við þessum tilmælum bílstjórnanna fyrir þetta ár.

Fleira ekki fyrirtekið

Jón Jónsson

Sigurjón Kristjánsson

Jón Jónsson

Fundargerð

Fimmtudaginn 19. nóvember [1953] kom mjólkur nefndin saman á fund á Dalvík.
Á fundinum mætti framkvæmdarstjóri mjólkurflutninganna, útibússtjóri Baldvin Jóhannsson.

Þá var tekið fyrir.

1. Lagt var fram yfirlit yfir mjólkurflutningana það sem af er þessu ári. Kom þá í ljós að hið áætlaða flutningsgjald muni nægja til þess að standa undir flutningunum svo framarlega að ekkert óvanalega erfitt kemur fyrir það sem eftir er ársins.
2. Lögð var fram beiðni frá mjólkurframleiðendum í Ársskógshreppi um að við tækum að okkur að flytja fyrir þá mjólk til samlagsins þegar ófærð hamlar því að hinir venjulegu sumar bílar geti ekki gengið sökum ófærðar.
Nefndinni kom saman um að gefa þeim kost á að flytja fyrir þá þegar ástæður leyfðu. En þegar um lengri flutninga stopp væri að ræða yrðu þeir sjálfir að flytja t.d. á sjó því þá er fyrirsjáanlegt að bílarnir verði full hlaðnir af okkar eigin mjólk.

Fleira var ekki fyrirtekið.

Fundi slitið

Sigurjón Kristjánsson

Jón Jónsson

Jón Jónsson

Fundargerð

Þriðjudaginn 23. marz 1954 kom mjólkurnefndin, ásamt útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni saman á fund á Dalvík.

Fyrir var tekið

1. Lagður fram mjólkurflutningareikningur fyrir síðast liðið ár.
Heildar tekjur ársins ásamt eftirstöðvum frá f. ári námu Kr. 414.391.29. og tekju afgangur ársins nam Kr. 82.363.18
Sömleiðis var lögð fram skýrsla yfir innlagða mjólk í samlagið á sl. ári og var heildar mjólkur magnið 1.162 479 ½ kg.
Mjólkurnefndin og endurskoðendur urðu sammála um að ráðstafa eftir stöðvunum á eftir farandi hátt.
„ Mjólkurnefndin og endurskoðendur leggja til að mjólkurbílarnir verði að fullu greiddir af tekju afgangi ársins 1953.
2. Bílakaup. Nefndin leggur til að reynt yrði að fá innflutningsleyfi fyrir stórum flutningabíl.
3. Ákveðið var að hafa aðalfund mjólkur deildarinnar þriðjud. 30. marz
4. Flutningsgjald mjólkur til samlagsins á Akureyri á þessu ári var áætlað kr. 0.27 á lítra, og flutningsgjald fyrir undanrennu var sömuleiðis áætlað óbreytt eða kr. 0.06

- 5 Mjólkur nefndin heimilar framkvæmdar stjóra mjólkurbíllanna, að gefa mönnum einhvern afslátt á þunga vöru sem flutt er í sveitina ef vörumagnið er ½ tonn og þar yfir í ferð.

Fleira lá ekki fyrir

Fundi slitið

Sigurjón Kristjánsson

Jón Jónsson

Jón Jónsson

Fundargerð.

Ár 1954 þriðjudaginn 30. marz var aðalfundur [Svarfdæladeildar] Mjólkursamlags K.E.A haldinn að Grund.

Formaður deildarinnar Jón Jónsson Böggvisstöðum setti fundinn og stýrði honum.

Fundarritara tilnefndi hann Daníel Julíusson.

Var þá tekið fyrir:

1. Formaður lýsti dagskrá fundarins
2. Þá var tekið fyrir fyrsta dagskrármál fundarins: Mjólkurflutningarnir og reikningar bíllanna. Formaður gaf Baldvin Jóhannssyni orðið um mjólkurflutningana og reikninga bíllanna. Gaf hann yfir lit yfir reksturinn s.l. ár. Hafði hann gengið mjög greiðlega, sem aðallega skapaðist af góðu veður fari, og þar af leiðandi betri samböngum og minni tilkostnaði á rekstrinum í heild. Var allmikill tekjuafgangur á ársrekstrinum (82), sem fyrirhugað er að nota til hagsmuna í þarfir reksturs mjólkurflutninganna, s.s að afskrifa flutningabíllana og sömuleiðis að sækja um kaup á 6 – 7 tonna diesalbíl til flutninga í framtíðinni. Að endaðri skýrslu framkvæmdastjórans tók formaður aftur til máls og skýrði gang þessara mála nokkru nánar. Gat hann einnig um mjólkurmagn heildarinnar s.l. ár og fitumagn hennar.

Var úr Svarfdæladeild flutt til Mjólkursamlags K. E. A. 1162479 ½ kg. með meðalfitu 3,596%. Meðalútborgun á lítra til Svarfdæladeildar 171.⁶⁹ aur.

Meðalfita á öllu mjólkursvæðinu 3,628% og meðalútborgun á lítra á öllu svæðinu 173.⁵⁵ aurar

Mjólkurmagn alls, sem Samlagið tók á móti 8,661430 lítrum.

Þá gat formaður þess, að mjólkurnefnd og endurskoðendur legðu til, að rekstrarafgangur f. árs yrði notaður til þess að afskrifa bíllana allverulega og jafnframt til kaupa á nýjum diesalbíl. Sagði hann, að deildarstjórnin hefði ekki talið sig einfæra að ráða slíku og óskaði eftir umsögn fundarmanna þessu viðkomandi. Töluðu menn almennt um þessi efni og voru sammála tillögum stjórnarinnar um ráðstöfun rekstrarafgangs fyrra árs.

Að umræðum loknum bar formaður undir fundinn þá tillögu stjórnarinnar og endurskoðenda að afskrifa bíllana að mestu eða öllu leyti með því fé, sem nú er handbært, og afgangur geymist til næsta árs. Samþ. með öllum greiddum atkv.

Þá bar formaður undir atkvæði fundarins þá tillögu, að sótt verði nú þegar um leyfi til kaupa á dieselbíl í þarfir mjólkurbíla, og var það samþ. með öllum gr. atkvæðum.
Einnig bar formaður undir fundinn, hvort ekki væri sjálfsagt og eðlilegt að fela framkvæmdastjóra, Baldvin Jóhannssyni – í samráði við stjórn mjólkurflutninganna að hafa framkvæmd þessa máls. Samþ. í einu hljóði.

2. Kosningar.

- a) Kosinn einn maður í stjórn deildarinnar í stað Jóns Jónssonar, Böggvisstöðum
Kosinn var Jón Jónsson - " - með 25 atkv. til næstu þriggja ára.
- b) Kosnir 2 endurskoðendur til næstu þriggja ára. Endurkosnir voru með lófataki fyrirverandi endurskoðendur; Björn Jónsson og Stefán Björnsson.
- c) Kosnir 23 fulltrúar á næsta ársfund Mjólkursamlags K. E. A. Kosningu hlutu eftirtaldir aðalmenn og varamenn:

1. Hjörtur Eldjárn, Tjörn	með	30	atkvæðum
2. Jón Gíslason, Hofi	-	30	-
3. Jón Jónsson, Böggvisstöðum	-	29	-
4. Þorleifur Bergsson, Hofsá	-	29	-
5. Einar Hallgrímsson, Urðum	-	28	-
6. Helgi Símonarson, Þverá	-	28	-
7. Arngrímur Jóhannesson, Sandá	-	27	-
8. Gunnlaugur Gíslason, Sökku	-	27	-
9. Gunnar Rögnvaldsson, Dæli	-	27	-
10. Björn Jónsson, Ölduhrygg	-	25	-
11. Hjalti Haraldsson, Ytra-Garðsh.	-	25	-
12. Stefán Björnsson, Grund	-	25	-
13. Sigurjón Kristjánsson, Brautarhóli	-	24	-
14. Daníel Júlíusson, Syðra-Garðshorni	-	21	-
15. Þór Vilhjálmsson, Bakka	-	21	-
16. Jón Jónsson, Jarðbrú	-	20	-
17. Magnús Jónsson, Hrafnstaðakoti	-	20	-
18. Sveinbjörn Guðjónsson, Hreiðarsst.	-	20	-
19. Klemens Vilhjálmsson, Brekku	-	19	-
20. Stefán V. Snævarr, Völlum	-	19	-
21. Árni Jónsson, Hæringsstöðum	-	18	-
22. Gestur Vilhjálmsson, Bakkagerði	-	18	-
23. Sigvaldi Gunnlaugsson, Hofsáarkoti	-	18	-

Varamenn:

1. Einar Sigurhjártarson, Skeiði	-	18	-
2. Ólafur Tryggvason, Ytra-Hvarfi	-	16	-
3. Jónmundur Zophoníasson, Hrafnst.	-	15	-
4. Friðbjörn Zophoníasson, Hóli	-	15	-
5. Zophonías Jónsson, Hóli	-	13	-
6. Jóhannes Haraldsson, Laugahlíð	-	12	-

- 7. Sigtryggur Jóhannesson, Göngustaðakoti - 11 -
- 8. Halldór Hallgrímsson, Melum - 10 -
- 9. Kristinn Rögnvaldsson, Hnjúki - 9 -
- 10. Steingrímur Eiðsson, Ingvörum - 9 -
- 11. Sveinn Vigfússon, Þvera - 9 -
- 12. Friðrik Sigurðsson, Hánefsstöðum - 9 -
- 13. Jónas Þorleifsson, Koti - 8 -
- 14. Karl Karlsson, Klaufabrekknakoti - 8 -

3. Mál fundarmanna:

Jónmundur Zophoníasson kvaddi sér hljóðs og taldi óréttlátt af Mjólkursamlagi K. E. A að senda bændum á samlagssvæðinu heim smjör, og bændur gætu máski ekki notað smjörmiða sína til niðurgreiðslu til smérkaupa.

Taldi hann rétt, að þetta kæmi fram á þessum fundi, þó að Mjólkursamslag K. E. A. hefði ekki tekið upp þennan hátt á heimsendingunni, heldur Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Nokkrir fleiri ræddu og skýrðu þetta mál.

Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá málshefjanda:

Fundur haldinn í Svarfdæladeild Mjólkursamlags K. E. A. 30. marz 1954 mótmælir ákvörðun framleiðsluráðs varðandi heimsendingu mjólkurafurða.

Tillagan borin upp og samþ. móttakvæðalaust.

Fleira ekki rætt.

Fundargerðin lesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Jón Jónsson
(fundarstjóri)

Fundargerð

Fimmtudaginn 30. september 1954, kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík.

Á fundinum mættu útibússtjóri Baldvin Jóhannsson, Jónas Hallgrímsson, framkvæmdarstjóri og bílstjorarnir Jóhann Jónsson og Sveinn Jónsson.

Fyrir var tekið.

1. Rætt var um kaup á bil til mjólkur flutninganna
Nú hefir fengist leyfi til kaupa á 1 dísel bíl til mjólkurflutninganna. Nefndin samþykkti að fela útibússtjóra ásamt Jónasi Hallgrímssyni framkvæmdarstjóra að annast kaup á dísel bíl fyrir hönd mjólkurnefndarinnar.

Viðkomandi bílnum vill nefndin taka fram eftirfarandi.

- 1 Að bíllinn verði með 5 manna húsi
 - 2 Með tvískiptu drifi ef unt er.
 - 3 Með mótorbremsu, miðstöð og útvarpi
 - 4 Að pallurinn gæti orðið ca 22 fet.
2. Framkvæmdastjóri skýrði frá því að Jóhann Jonsson, mjólkurbílstjóri hefði nú sagt upp og miðast uppsögn hans við að hann hætti um áramót.
- Samþykkti nefndin að fela útibússtjóra að ráða Friðþjóf Þórarinsson Dalvík í stað Jóhanns ef samkomulag gæti orðið um kaupgreiðslu. En fari svo að hann yrði ekki ráðinn, tali nefndin ásamt útibússtjóra um ráðningu annars manns til starfans.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið

Jón Jónsson

Jón Jónsson
(fundarritari)

Sigurjón Kristjánsson

Fundargerð

Fimmtudaginn þann 18. nóvember 1954 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík, ásamt útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni

Þetta gerðist:

1. Útibústjóri lagði fram samandregið yfirlit um rekstur mjólkurbíllanna eins og næst var hægt að komast á þessum tíma og virtist nú niður staða sína eftir ástæðum viðunandi útkomu, hvernig sem síðasti hluti ársins verður, og að hið áætlaða flutningsgjald kr. 0.27 á lítra, verði að standa óbreytt þetta ár.
2. Útibússtjóri skýrði frá því að búið væri að panta bílinn, sem akveðið var að kaupa Er það Volvö tegund með 5 manna húsi.
Þegar hér var komið fundi var Sveinn Jónsson, mjólkur bílstjóri mættur og var þá tekið fyrir:
3. Lagt var fram bréf frá Sveini Jónssyni mjólkur bílstjóra, þar sem hann fer fram á 450,00 kr. grunnkaupshækkun á mánuði. Sömleiðis að öll ákvæði um fríðindi hins gildandi samnings haldist óbreytt. Óskar Sveinn þess að kauphækkun þessi komi til framkvæmda eigi síðar en 15. desember n.k.
Treysti nefndin sér ekki til þess að ganga að fyrrnefndri kauphækkun, segir hann hér upp starfi frá dagsetningu brefsins 2. nóvember 1954.

Nefndin sá sér ekki fært að ganga að þessari kaupkröfu eins og hún lá fyrir og grenslaðist eftir hjá Sveini hvort um nokkra aðra samkomulags leið væri hægt að ræða við hann um og gaf hann það upp, að vel gæti það komið til greina.

Síðan var málið rætt aftur og fram og að lokum kom fram uppástunga um að grunnkaup héldist óbreytt en greiðsla til Sveins yrði hækkuð um kr. 5.000.- á ári sem skiftist þannig: Greitt fyrir umsjón á bílunum og ymsu er þeim til heyrir, svo og að hann sé aðalmaður við mjólkurflutningana kr. 2.500,- á ári.

Greitt fyrir aukavinnu kr. 2.500 á ári

Kaupgreiðsla þessi gengur í gildi 1. jan. 1955

Áður nefndar greiðslur verði svo Sveini greiddar eftir samkomulagi. Áður nefndur kaupsamningur svo og auka greiðslur kr. 5,000,- gildi til ársloka 1955.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundargerðin upplasin
og samþykkt.

Jón Jónsson

Sveinn Jónsson
Sigurjón Kristjánsson

Jón Jónsson
(fundarritari)

1955

Fundargerð.

Föstudaginn 25. marz [1955] kom mjólkur nefndin saman á fund á Dalvík, ásamt útibusstjóra Baldvin Jóhannssyni.

Fyrir var tekið:

1. Útibusstjóri lagði fram reikninga yfir mjólkurflutningana fyrir árið 1954. Tekjur ársins ásamt eftirstöðvum frá f.á. urðu kr. 448.120.17 en gjöld kr. 388.735.39. Eftir stöðvar á rekstrarreikningi urðu kr. 59.384.78. Samþykkt var að láta eftirstöðvarnar ganga til greiðslu á nýja bílnum sem væntanlegur er nú á komandi vori. Sömuleiðis var útibusstjóra falið að hafa úttegun um lán fyrir nefndarinnar hönd á því fé, sem með þarf til áðurnefndra bila kaupa.
2. Samþykkt var að áætla flutningsgjald á mjólk og mjólkurvörum á þessu nýja ári, sama og síðastliðið ár.
3. Ákveðið var að hafa aðalfund deildarinnar fimmtudaginn 31. marz n.k.
4. Ákveðið var að útibusstjóri Baldvin Jóhannsson hefði með höndum framkvæmdastjórn á rekstri mjólkurbilanna á þessu ári eins og verið hefur undan farið.

Fleira var ekki fyrirtekið.
Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið

Jón Jónsson

Jón Jónsson
(fundarritari)

Sigurjón Kristjánsson

Fundargerð

Ár 1955 þann 31. marz var ársfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A. haldinn að Grund.

Formaður, Jón Jónsson, setti fundinn og stýrði honum. Bauð hann fundarmenn velkomna, og þá einkum gesti fundarins, þá Jónas Kristjánsson samlagsstjóra og Olaf Jónsson fyrverandi framkvæmdarstjóra Ræktunarfélagsins.

Fundarritara tilnefndi formaður, Daníel Júlíusson.

Var þá gengið til dagskrár fundarins.

1. Mjólkurflutningarnir og reikningar bílanna.

Formaður gerði í stuttu máli grein fyrir mjólkurmagni deildarinnar á s.l. ári og hafði innlögð mjólk vaxið um Ca. 10% frá árinu 1953.

Innlögð mjólk Svarfdæladeildar 1954 12784070 l.

Meðalfita 3,609 % Meðalverð útborgað á lítra 172,54 aurar per lítra.

Þá gaf formaður framkvæmdastjóra mjólkurflutninganna, Baldvin Jóhannssyni, orðið.

Skýrði hann í stórum dráttum rekstur flutninganna s.l. ár og las reikninga

mjólkurflutningabílanna. Einnig gat hann þess, að Jóhann Jónsson, sem lengi og vel hefði starfað við mjólkurflutningana, væri hættur vegna sjúkleika, og í hans stað ráðinn til starfsins, Friðþjófur Þórarinsson Dalvík.

Mjólkurflutningana taldi framkvæmdastjóri hafa gengið sæmilega, og engin sérstök óhöpp fyrirkomnið. Að endaðri skýrslu framkvæmdastjóra var fundarmönnum gefið orðið til fyrirspurna.

Margir tóku til máls og var fyrirspurnum svarað af formanni, framkvæmdarstjóra flutninganna og framkvæmdarstjóra Samlagsins.

Í upphafi ræðu sinnar gat samlagsstjóri þess, að tveir mjólkurflutningasleðar frá Mjólkursamlaginu væru komnir út í Svarfaðardal til þess að nota þá í snjóavetrum aftan í jarðýtu til mjólkurflutninga. Sagði hann að deildinni væri hér með afhendir þeir til eignar, og óskaði samlagsstjóri eftir því, að þeim yrði vel við haldið, svo að þeir entust sem lengst. Formaður þakkaði samlagsstjóra gjöfina.

Að enduðum fyrirspurnum og svörum voru reikningar bílanna bornir upp til atkvæða og samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

Þá minntist formaður þess, sem áður var fram komið á fundinum, að Jóhann Jónsson, bílstjóri, sem mjög vel og lengi hefði starfað í þágu mjólkurflutninga Svarfdæla, hefði latið

af þeim störfum. Kvað hann, að mjólkurnefndin í samráði við endurskoðendur mjólkurflutningareikninga hefði talið vel við eigandi að sýna Jóhanni Jónssyni, bílstjóra, í verki einhvern þakklætisvott fyrir langt og vel unnið verk, og óskaði eftir, að fundurinn heimilaði mjólkur nefndinni að verja allverulegri fjarupphæð í þessu skyni, allt að þeirri upphæð, sem kauphækkun Sveins Jónssonar bílstjóra nemur á þessu ári – eða ca 5000,00 kr.

Samþykkt af fundinum með almennu lófataki.

Þá tók til máls Jónas Kristjánsson, samlagsstjóri og gerði glogga grein fyrir hinum ýmsu liðum í rekstri Mjólkursamlags K. E. A. og gerði nokkurn samanburð á mjólkurmagni og fitu mjólkur úr Svarfdæladeild fyrr og nú.

Sömuleiðis sagði hann, að enn hefði innvegin mjólk fyrstu tvo mánuði ársins (1955) aukizt allverulega – frá sama tíma í fyrra.

Þá lagði Jónas í ræðu sinni ríka áherzlu á það að leggja bæri mikla áherzlu á það að mennta starfsfólk Samlagsins sem bezt, því að það hefði ótrúlega mikið að segja í gæðum hinna ýmsu framleiðslu Samlagsins á hverjum tíma.

Ræða samlagsstjóra var þökkuð með lófataki fundarmanna. Var þá fundarhlé og kaffi drukkið í fundarsal U. M. F. Þ. Svörfuður.

2. Að lokinni kaffidrykkju var fundi haldið áfram. Var þá tekið fyrir 2. dagskrármál:

Tillaga Hólmgeirs Þorsteinssonar um breytingu á reglugerð K. E. A.

Formaður gerði grein fyrir því, að hér væri til umræðu tillaga frá Hólmgeir Þorsteinssyni, er fram kom á ársfundi Mjólkursamlags K. E. A. á síðast liðnu ári. Einnig las hann greinargerð tillögu þessari viðkomandi frá samlagsstjóra til stjórnar K. E. A. og útdrátt úr því, er fram kom á síðasta Félagsráðsfundi K. E. A., ennfremur greinargerð frá Hólmgeir Þorsteinssyni.

Var þá málið til umræðu.

Allmargir fundarmenn tóku til máls og gerðu grein fyrir skoðun sinni, þeirra á meðal formaður stjórnar K. E. A. og samlagsstjóri.

Gerðu menn allýtarlega grein fyrir réttmæti og gildi umræddrar tillögu. og kom fram nokkur skoðanamunur.

Að umræðum loknum var svohljóðandi tillaga Holmgeirs Þorsteinssonar borin upp til atkvæða og felld með 20 atkvæðum gegn 14:

- „ Á ársfundi skal kjósa þriggja manna nefnd úr hópi mjólkurinnleggjenda, er nefnist samlagsstjórn og skulu þeir ekki vera í stjórn eða varastjórn K. E. A. Þeir eru kosnir til þriggja ára (í senn) og ganga úr sitt árið hver, í fyrsta og annað sinn eftir hlutkesti. Samlagsstjórn skal vera forstöðumanni Samlagsins til ráðuneytis og til eftirlits um rekstur Samlagsins allan.

Hún á aðgang að reikningum og bókum Samlagsins, hvenær sem er, sem færðar eru við Samlagið og á skrifstofum K. E. A. Samlagsstjórn kýs sér formann úr sínum hópi. Kallar hann nefndarmenn saman á fund, þegar honum þurfa þykir. Samlagsstjórn framkvæmir þau störf, er ársfundur kann að fela henni. Að öðru leyti ákveður hún störf sín sjalf, og er engum háð nema ársfundi Mjólkursamlagsins, fram yfir það, sem reglugerð ákveður. (sbr. niðurlag 10 gr.) Kostnað við störf samlagsstjórnar greiðir Mjólkursamlag K.E.A. eftir reikningi, sem ársfundur samþykkir. “

3. Kosningar.

- a) Kosinn einn maður í mjólkurnefnd í stað Sigurjóns í Brautarhóli til næstu þriggja ára. Jöfn atkvæði fengu Jón á Hofi og Sigvaldi Hofsárkoti. Dregið var á milli þessara manna, og var Sigvaldi í Hofsarkoti dreginn inn í stjórn mjólkurflutninganna.
- b. Kosinn einn varamaður í stjórn mjólkurflutninganna í stað Zophoníasar Jónssonar Hóli. Endurkosinn var með lófataki Zophonías J. til næstu þriggja ára.
- c. Kosnir 26 fulltrúar á næsta ársfund Mjólkursamlags K. E. A.

Kosnir voru eftirtaldir menn:

1. Hjörtur Þórarinnsson, Tjörn	með 35 atkvæðum	
2. Jón Gíslason, Hofi	- 35	-
3. Þorleifur Bergsson, Hofsá	- 35	-
4. Gunnlaugur Gíslason, Sökku	- 34	-
5. Helgi Símonarson, Þverá	- 34	-
6. Gunnar Rögnvaldsson, Dæli	- 33	-
7. Arngrímur Jóhannesson, Sandá	- 32	-
8. Einar Hallgrímsson, Urðum	- 32	-
9. Sveinbjörn Guðjónsson, Hreiðarsstöðum	- 32	-
10. Hjalti Haraldsson, Ytra-Garðshorni	- 31	-
11. Stefán Björnsson, Grund	- 31	-
12. Björn Jónsson, Ölduhrygg	- 30	-
13. Gestur Vilhjálmsson, Bakkagerði	- 29	-
14. Jón Jónsson, Böggvisstöðum	- 29	-
15. Magnús Jónsson, Hrafnstaðakoti	- 29	-
16. Halldór Hallgrímsson, Melum	- 28	-
17. Þór Vilhjálmsson, Bakka	- 28	-
18. Daníel Júlíusson, Syðra-Garðshorni	- 27	-
19. Sigvaldi Gunnlaugsson, Hofsárkoti	- 27	-
20. Jóhannes Haraldsson, Laugahlíð	- 26	-
21. Sveinn Vigfússon, Þverá	- 26	-
22. Einar Sigurhjärtarson, Skeiði	- 25	-
23. Friðbjörn Zophoníasson, Hóli	- 24	-
24. Ólafur Tryggvason, Ytra-Hvarfi	- 23	-
25. Sigurjón Kristjánsson, Brautarhóli	- 23	-
26. Klemens Vilhjálmsson, Brekku	- 22	-

Varamenn:

1. Árni Jónsson, Hæringsstöðum	- 18	-
2. Sigurður Ólafsson, Syðra-Holti	- 17	-
3. Jónmundur Zophoníasson, Hrappsst.	- 16	-
4. Séra Stefán Snævarr, Völlum	- 16	-
5. Jón Jónsson, Jarðbrú	- 15	-
6. Kristinn Rögnvaldsson, Hnjúki	- 15	-
7. Zophonías Jónsson, Hóli	- 14	-
8. Halldór Jónsson, Jarðbrú	- 13	-
9. Guðjón Steingrímsson, Hjaltastöðum	- 11	-

10. Friðrik Sigurðsson, Hanefsstöðum - 10 -
11. Steingrímur Eiðsson, Ingvörum - 10 -
12. Ari Jóhannsson, Búrfelli - 10 -

Fleira ekki fyrirtekið.
Fundargerðin lesin og samþykkt.
Fundi slitið.

Jón Jónsson Daníel Júlíusson
fundarstjóri. fundarritari.

Fundargerð

Þriðjudaginn 9. ág. 1955 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík.

Mættir voru á fundinum þeir útibússtjóri Baldvin Jóhannsson og Sveinn Jónsson, bílstjóri.

Þá var tekið fyrir:

1. Kosin formaður mjólkurnefndar fyrir yfir stanandi ár. Kosningu hlaut fyrverandi formaður Jón Jónsson Böggvisstöðum.
2. Nýi bíllinn, Útibússtjóri skýrði frá því að mjólkurbíllinn sem kominn er nú til Dalvíkur mundi aldrei fara yfir kr. 116.000.00 þúsund, og nú er byrjað á að smiða pallinn, sem þannig er gerður, að hægt er að yfir byggja með segli sem er að okkar dómi nauðsynlegt fyrir mjólkur flutningana.

Talað var um, að byrja með að láta nýja bíllinn hring keyra í sveitinni til þess að smala mjólkinni, hvort það verður hægt er ekki vitað, en gæti það gengið er það óefað ódýrast, og ekki síður þægilegra fyrir bílstjórana. Til þess að byrja með var ákveðið að láta bíllinn fara frá Dalvík sinn daginn hvorn á austur og vestur kjálka, og hringkeyra hvernig svo sem því verður hagað í framtíðinni

3. Ákveðið var að leita til boða í annan sumarbilinn, og selja ef viðunandi boð fengist. Sömuleiðis var ákveðið að lána truckana í fjárflutningana nú á komandi hausti

Fleira var ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Jón Jónsson Jón Jónsson
Sigvaldi Gunnlaugsson

Fundargerð.

Föstudaginn 14. okt. 1955, kom mjólkur nefndin saman á fund á Dalvík. Utibússtjóri Baldvin Jóhannsson var ekki mættur á fundinum, sem þó í upphafi hafði verið ráð fyrir gert.

Tekið var fyrir.

1. Bygging yfir mjólkurflutninga bílana.
Nú er málum svo háttað að útibúið þarf að byggja yfir „Rútuna, og hefur nefndin fengið tilboð um að vera með í þeirri byggingu til þess að fá inni fyrir mjólkurbílana. Þar sem nefndinni er ljóst að ekki er hægt að komast af án þess að geta látið bílana í hús á Dalvík, vill nefndin fyrir sitt leyti samþykkja að taka þátt í áðurnefndri byggingu, með því skilyrði að hægt sé að koma öllum bilunum, sem eru á vegum mjólkurnefndarinnar í húsið, eða minsta kosti sem flestum af þeim

Fleira ekki fyrir tekið

Sigvaldi Gunnlaugsson

Jón Jónsson

Jón Jónsson

Fundargerð.

Miðvikudaginn 16. nóv. 1955 kom mjólkur nefndin, ásamt útibússtjóra Baldvin Jóhannssyni saman á fund á Dalvík.

Fyrir var tekið.

1. Útibússtjóri skýrði frá rekstri mjólkurflutninga bílanna í stórum dráttum til október loka. Tekjur bílanna höfðu orðið ca 384.783.58 ásamt tekju afgangi frá síðasta ári. En gjöldin höfðu orið ca 380.855.04 en þá er búið að greiða nýja bilinn að fullu kr. 144.800,-

2. Ekkert tilboð hafði komið i mjólkurbilinn sem auglýstur var. Þess vegna má búast við að aldrei yrði hægt að selja hann, nema fyrir það litið að það munaði engu. Þvi samþykkir nefndin að láta gera einn bil úr þeim báðum, á árinu 1956.
3. Þegar hér var komið fundi var Sveinn Jónsson mjólkurbilstjóri mættur. Rætt var við hann um hvort hann mundi fáanlegur áfram næsta ár, og með hvaða kjörum. Gaf hann kost á því, að verða áfram með sömu kjörum og Árni Arngrímsson hefur hjá útibúinu. Uppsagnar frestur skal vera 3 mánuðir að beggja hálfu
4. Nefndin fól formanni að tala við Friðþjóf Þórarinsson, bilstjóra um kaup og kjör

Fleira ekki rætt. Fundi slitið

Jón Jónsson

Sigvaldi Gunnlaugsson

Jón Jónsson

Sveinn Jónsson

1956

Fundargerð.

Miðvikudaginn 28. marz 1956 var mjólkur nefndar fundur haldin á Dalvík. Mættur var á fundinum útibússtjóri Baldvin Jóhannsson.

Fyrir var tekið:

1. Útibússtjóri lagði fram mjólkurflutninga reikning fyrir árið 1955. Heildar tekjur ársins ásamt eftirstöðvum f.f. ári kr. 11.447.78 voru kr. 501.651.60. en gjöld ársins voru kr. 472.848.83. Eftirstöðvar í árslok urðu kr. 28.802.77. Á síðast liðnu ári hefur billinn sem keyptur var á árinu verið greiddur að fullu, og kostnaðar verð bílsins ásamt þeim vara hlutum sem með honum voru keyptir er kr. 154.956.40
2. Bílageymslan. Útibússtjóri skýrði frá því hvað bílageymslan sem verið er að byggja væri orðin dýr. Endanleg ákvörðun var engin tekin um það hver eigandi bílageymslunnar yrði eða hvernig því yrði skipt ef til kemur, á milli útíbúsins og mjólkur flutninganna.
3. Ákveðið var að eyðileggja bilinn nr. 279, og reyna að koma því úr honum i eitthvert verð sem ekki þyrfti að nota.
4. Samþykkt var að leggja fyrir aðalfund mjólkur deildarinnar að sækja um innfl.leyfi fyrir einn nýjan ca 5 tn Volvo dísel bil.
5. Ákveðið var að flutningsgjald af mjólk fluttri til samlagsins skuli vera óbreytt kr. 0.27 á litra, svo og fyrir undanrennu kr. 0.06.
6. Utíbússtjóri Baldvin Jóhannsson, lofaði nefndinni því að hafa með höndum svo sem verið hefur framkvæmdarstjóra starfið fyrir mjólkurbílanu á árinu sem nú er að líða.

Fleira ekki fyrir tekið.

Jón Jónsson
Sigvaldi Gunnlaugsson

Jón Jónsson.

Fundargerð

Ár 1956 þriðjudaginn 3. apríl var ársfundur Svarfdæladeildar Mólkursamlags K.E.A. haldinn í þinghúsinu að Grund.

Formaður mjólkurnefndar, Jón Jónsson Böggvisstöðum setti fundinn og stýrði honum.

Ritari fundarins var Daníel Júlíusson.

Var þá tekið fyrir:

1. Fundarstjóri lýsti dagskrá fundarins.
2. Var þá tekið fyrir fyrsta dagskrármál: Mjólkurflutningarnir og reikningar mjólkurbíla. Fundarstjóri sagði í stórum dráttum frá afkomu þessa máls á s. l. ári. Mjólkuraukning frá deildinni á s. l. ári var allmikil og var flutt til samlagsins 1,399.068½ lítrar fyrir 2 500 901,28 kr. Meðalfita 3.669 %. Meðalverð fyrir l. 1,7875 kr Til mjólkursamlagsins var alls flutt frá öllum deildum 10,332,647 l. Meðalfita 3,692% og meðalverð yfir alla heildina 180,54 aur. Þá gaf fundarstjóri framkvæmdarstjóra mjólkurflutninganna, Baldvin Jóhannssyni orðið. Las hann reikninga mjólkurflutninganna frá síðasta ári, og skýrði mjög greinilega ýmsa liði þeirra. Tóku þeir báðir fram, fundarstjóri og framkvæmdarstjóri, að flutningarnir hefðu gengið mjög vel á árinu, og hinn nýi flutningabíll, sem kom til nota á s.l. ári var að fullu greiddur með tekjum af flutningunum eða um 107 þús. kr., sem eftir stóð af kaupverði hans. Að lokinni skýrslu Baldvins, gat fundarstjóri þess, að samkvæmt samþykkt aðalfundar frá síðasta ári hefði fyrrverandi mjólkurbílstjóra, Jóhanni Jónssyni Dalvík verið færð nokkur peningaupphæð, sem hann var að vísu allófús að taka við, en þó mjög þakklátur fyrir auðsýndan vinarhug og vel vild frá mjólkurframleiðendum. Bað hann fyrir beztu [kveðjur] sínar til mjólkurframleiðenda, sem og fundarstjóri flutti fundarmönnum. Þá gaf fundarstjóri orðið laust og beindi þeirri ósk til fundarmanna að jafnframt því, sem rætt yrði um mjólkurflutninga og bíla, þá ræddu menn um kaup á nýjum dieselbíl til flutninganna, samkvæmt tillögu mjólkurnefndar. Ræddu menn á ýmsa lund um þessi mál og þá einkum um möguleika til úrbóta á þeim miklu erfiðleikum við að flytja mjólkina á markaðsstað í miklum snjóavetrum. Meðal annars um snjóbíl, mjólkurvinnslustöð og möguleika á því að búa trukkubíla þannig út, að þeir gangi betur í snjó en verið hefur.

Þá var einnig rætt um kaup á nýjum diesel bíl og nokkuð skiptar skoðanir um stærð hans. Töldu sumir 5 tonna bíl nægilega stóran en aðrir vildu hafa hann af sömu stærð og hinn eða 7 tonn.

Fundarstjóri upplýsti, að samkvæmt viðtali við fagmann í þessum efnum, myndi heppilegra að fá leyfi fyrir og kaupa 7 tonna bíl frekar en minni gerð.

Að umræðum loknum bar fundarstjóri reikningana upp til samþykka, er voru samþ. með samhljóða atkvæðum. Þá bar fundarstjóri fram munnlega tillögu um það, að mjólkurnefndinni væri heimilt að sækja um innflutningsleyfi til kaupa á nýjum dieselbil til mjólkurflutninga og stærð hans yrði ákveðin í samráði við mjólkurbílstjórana og Jónas Hallgrímsson, framkvæmdarstjóra bílaverkstæðis Dalvíkur.

Var þá gefið fundarhlé til kaffidrykkju.

Að lokinni drykkju á vel framreiddu kaffi var fundi haldið áfram og gat fundarstjóri þess, að hann ætlaði að víkja frá röð dagskrárinnar og taka fyrir kosninar fundarins.

Kosningar:

- a) Kosinn einn maður í mjólkurnefnd í stað Jóns Jónssonar, Jarðbrú.
Kosinn var Jón Jónsson Jarðbrú með 10 atkvæðum.
- b) Kosnir 28 menn til að mæta á ársfundi Mjólkursamlags K. E. A.
Kosnir voru eftirtaldir aðalmenn og varamenn.
 1. Gunnar Rögnvaldsson, Dæli með 31 atkv.
 2. Jón Gíslason, Hofi - 31 -
 3. Arngrímur Jóhannesson, Sanda - 29 -
 4. Einar Hallgrímsson, Urðum - 29 -
 5. Helgi Símonarson, Þverá - 28 -
 6. Einar Sigurhjartarson, Skeiði - 26 -
 7. Gestur Vilhjálmsson, Bakkagerði - 26 -
 8. Hjörtur Þórarinsson, Tjörn - 26 -
 9. Magnús Jónsson, Hrafnstaðakoti - 26 -
 10. Stefán Björnsson, Grund - 26 -
 11. Gunnlaugur Gíslason, Sökku - 25 -
 12. Þorleifur Bergsson, Hofsá - 25 -
 13. Björn Jónsson, Ölduhrygg - 24 -
 14. Olafur Tryggvason, Ytra-Hvarfi - 24 -
 15. Daniel Júlíusson, Syðra-Garðshorni - 23 -
 16. Friðbjörn Zophoníasson, Hóli - 23 -
 17. Sveinbjörn Guðjónsson, Hreiðarsst. - 23 -
 18. Jón Jónsson, Boggvisstöðum - 22 -
 19. Þór Vilhjálmsson, Bakka - 22 -
 20. Sigvaldi Gunnlaugsson, Hofsárkoti - 21 -
 21. Hjalti Haraldsson, Ytra-Garðsh. - 20 -
 22. Klemens Vilhjálmsson, Brekku - 20 -
 23. Sigurður Olafsson, Syðra-Holti - 20 -
 24. Sveinn Vigfússon, Þverá - 20 -
 25. Árni Jónsson, Hæringsstöðum - 17 -

26. Halldór Hallgrímsson, Melum	-	17	-
27. Jón Jónsson, Jarðbrú	-	16	-
28. Jónmundur Zophoníasson, Hrafnst.	-	16	-

Varamenn.

1. Kristinn Rögnvaldsson, Hnjúki	-	16	-
2. Jóhannes Haraldsson, Laugahlíð	-	15	-
3. Jónas Þorleifsson, Koti	-	14	-
4. Friðrik Sigurðsson, Hánefsstöðum	-	13	-
5. Ingimar Guttormsson, Skeggsstöðum	-	13	-
6. Þórarinn Valdemarsson, Göngustöðum	-	13	-
7. Karl Karlsson, Klaufabrekknakoti	-	12	-
8. Soffonías Jónsson, Hóli	-	12	-
9. Þórhallur Pétursson, Hreiðarsstaðakoti	-	12	-
10. Stefán Snævarr, Völlum	-	11	-
11. Steingrímur Eiðsson, Ingvörum	-	10	-
12. Sigtryggur Jóhannesson, Göngustaðakoti	-	9	-
13. Ari Jóhannsson, Búrfelli	-	8	-
14. Halldór Jónsson, Jarðbrú	-	8	-
15. Haraldur Stefánsson, Ytra-Garðshorni	-	8	-
16. Þorleifur Þorleifsson, Hóli	-	8	-
17. Þorsteinn Þorsteinsson, Halsi	-	8	-

4. Tillaga um verðbreytingu mjólkur.

Fundarstjóri las upp og bar undir fundinn til umræðu og atkvæða tillögu, sem kom fram á síðasta ársfundi Mjólkursamlags K. E. A. og var mikið rædd og síðan send heim í deildirnar.

Tillagan var þannig:

„ Fundurinn telur, að réttlátt sé, að framleiðendum verði greidd vetrarmjólkinn með hærra verði á hverja fitueiningu heldur en sumarmjólkinn, og felur samlagsstjóra og stjórn samlagsins að ákveða að ákveða hverju sinni utborgunarverð mjólkur, svo sem reglugerð samlagsins mælir fyrir um.“

Tillagan var lítið rædd, síðan borin undir atkvæði og felld með öllum greiddum atkv.

5. Önnur mál.

Jónmundur Zophoníasson kom fram með svohljóðandi tillögu.

„ Aðalfundur Svarfdæladeildar (K. E. A.) mjólkursamlags K. E. A. heimilar mjólkurflutninganefnd að verja 10 – 15 þús. kr. til tilrauna með endurbætur á trukkílónum.“

Tillögumaður fylgdi ofanritaðri tillögu úr hlaði með nokkrum orðum, og var áður á fundinum búinn að koma inn á sama efni.

Einnig ræddi Magnús Jónsson, Hrafnstaðakoti um tillöguna. Að umræðum loknum bar fundarstjóri tillöguna upp til atkvæða og var hún samþ. með 9 atkv. gegn 4.

Fleira ekki fyrirtekið

Fundi slitið

Jón Jónsson
fundarstjóri

Daníel Júlíusson
(fundarritari)

Miðvikudaginn 2 maí 1956 var mjólkurnefndarfundur haldinn á Dalvík
Mættur var útibússtjóri Baldvin Jóhannsson.

Fyrir var tikið

1. Kosning formanns og varaformanns Kosnir voru Jón Jónsson Böggvisstöðum formaður og Sigvaldi Gunnlaugsson, varaformaður
2. Rætt var um hvort ekki ætti að ráða þriðja mann á mjólkurbíla var samkomulag um að það væri ekki tíma bært
3. Formaður skyrði frá því að hann hefði samkvæmt samtali við báða meðnefndarmenn sína sótt um innflutningsleyfi fyrir nýjum mjólkurbíl Jafnframt var ákveðið að það skildi vera 7 tonna Volvó bíll
4. Formaður gat þess að fyrir lækji tilboð frá Jónasi Hallgrímssyni þar sem hann býðst til að kaupa afganginn af 799 annað enn afturdekkinn fyrir krónur 11000,00 Var nefndin sammála um að taka þessu tilboði, tilboðið var vegna bilaverkstæðisins
5. Formaður gat þess, að þar sem Jon Jónsson á Jarðbrú, sem kosinn var í mjólkurnefndina á síðasta mjólkurfundi, hefði neitað að starfa í nefndinni, og tækji því Söphónías Jónsson á Hóli sæti í nefndinni sem aðalmaður

Fleira ekki fyrir tekið

Jón Jónsson Sigvaldi Gunnlaugsson
Zophonías Jónsson

Fundargerð.

Fostudaginn þ. 23. nóv. 1956 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík.

Fyrirtekið:

1. Yfirlit yfir mjólkurflutningana.

Samkvæmt lauslegu yfirliti um reksturinn sem framkvæmdarstjóri lagði fyrir fundinn, var rekstrarafgangur fram til síðasta nóvember um 130 þúsund krónur.

2. Bílskurinn.

Formaður mjólkurnefndar gat þess, að taka þyrfti ákvörðun um það, hvort mjólkurflurningarnir tækju á leigu hluta af skúrnum eða keyptu hluta hans.

Var það einróma álit nefndarinnar, að mjólkurflutningarnir skyldu gerast eigendur að hálfum skúrnum og framkvæmdarstjóra falið að annast þær framkvæmdir

3. Þá var framkvæmdarstjóra falið að ráða þriðja mann að bílunum, svo sem verið hefur undanfarið, er færi versnar.

Fleira ekki fyrirtekið

Jón Jónsson

Sigvaldi Gunnlaugsson Zophonías Jónsson

1957

Fundargerð.

Þriðjudaginn þann 26. marz 1957 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík. Mættur var á fundinum útibússtjóri, Baldvin Jóhannsson.

Fyrirtekið.

1. Útibússtjóri gaf yfirlit yfir rekstur mjólkflutningana á árinu 1956. Sýndu þeir tekjumegin niðurstöðutölu 593.783,41 kr. Eftirstöðvar til næsta árs voru 125 085,14 kr.
Skuldir engar.
2. Nefndin samþykkti, að flutningsgjald á mjólk skuli vera 23 aurar á lítra á yfirstandandi ári.
3. Samþykkt var, að halda aðalfund deildarinnar mánudaginn þ. 1. apríl n. k. og samin dagskrá fyrir hann.
4. Formaður mjólkurnefndar las upp bréf frá Karli Friðrikssyni Akureyri, þar sem hann stingur upp á því, að mjólkurframleiðendur leggi fram sem svarar 1 eyri á lítra sölumjólkur til endurbyggingar vega og skuli þá koma á móti minnst 2/3 frá ríkinu. Samþykkt var að leggja þetta erindi fyrir aðalfund.
5. Formaður gat þess, að samningar hefðu nú tekist um flutning á pósti um sveitina og greiðir póststjórnin kr. 3000.00 á ári fyrir þessa þjónustu.
6. Baldvin Jóhannsson, útibússtjóri gat þess, að ætlun sín hefði verið að hætta nú framkvæmdastjórn mjólkurflutninganna. En fyrir þrá beiðni nefndarinnar lét hann tilliðast að sinna þessu starfi til næstu áramóta.

Fleira ekki fyrirtekið.

Jón Jónsson

Zophonías Jónsson Sigvaldi Gunnlaugss.

Fundargerð

Árið 1957 mánudaginn 8 apríl var haldinn aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K E A í þinghúsinu að Grund. Formaður mjólkurflutninga nemdar Jón Jónsson bóndi Böggvisstöðum setti fundinn og stjórnaði honum, en stakk þó upp á Gesti Vilhjalmsuni Bakkagerði sem aðstoðarfundarstjórna. Þá nefndi hann til fundarritara Ingimar Guttormsson Skeggsstöðum

Mættir voru á fundinum þeir Jakob Frímannsson framkvæmdarstjóri K E A og Jónas Kristjánsson samlagsstjóri.

Þetta gerðist á fundinum

1. Formaður mjólkurflutninganefndar las upp dagskrá fundarins, og gat þess um leið að samlagsstjóri hefði óskað eftir tilfærslu á dagskránni, þannig að tiltekið mál yrði tekið fyrir strax í fundar byrjun. En þetta mál var rekstur mjólkursaml. s.l. ár og bygging væntanlegrar mjólkurvinnslu stöðvar fyrir hjeraðið
 2. Var þá gengið til dagskrár og þetta umrædda mál tekið til meðferðar. Jónas Kristjánsson samlagsstjóri hafði framsögu og flutti yfirlitsræðu um rekstur samlagsins á s.l. ári Gat [hann] um það að altaf breykkaði bilið milli vinnslumjólkur og solumjólkur og þess vegna færu vinnsluvörur vaxandi. Þá gat samlagsst. þess að samlaginu hefði borist fyrirskipun frá framleiðsluráði landbunaðarins þess efnis að samlagið færi að taka upp heimsendingu á ostum og skyri til bænda og yrði þetta gert samkvæmt ákveðnum reglum þar að lútandi. Nokkrar fyrir spurnir voru gerðar til samlagsstjóra og svaraði hann þeim eftir því sem hægt var
- Því næst tók samlagsstjóri síðari hluta þessa máls til meðferðar, en það var um tillögu er hann hafði borið fram á s. l. Fjelagsráðfundi K. E A. um byggingu nýrrar mjólkurvinnslustöðvar. Hafði Fel.ráðs.fundur samþ. að vísa þessu stórmáli heim í deildirnar til frekari umsagnar. Lýsti samlagsstjóri því hversu mjólkuraukningin færi hraðvaxandi ár frá ári og þyldi það enga bið að hefja þegar undirbúning að byggingu nýrrar stöðvar er tekið gæti til starfa í síðasta lagi eftir fjögur ár. Skoraði hann á

mjólkurframleiðendur að samþykkja að leggja 10 auru af hverjum innlögnum mjólkurlitir í stofnsjóð mjólkursamlagsins á ári í næstu 5 ár máli þessu til fjárhagslegs stuðnings Helgi Simonarson tók næstur til máls og gat þess að bæði hann og aðrir framleiðendur yrðu seinir til svars í slíku stórmáli og að þetta 10 auru gjald yrði erfiður skattur fyrir bændur sem væru nú þegar allskuldugir vegna bygginga velakaupa og annara framkvæmda. Að síðustu gat hann þess að hann og aðrir Svarfdælingar hefðu sterkan hug á að reist yrði mjólkurvinslustöð á Dalvik og fór hann um það nokkrum orðum. Að síðustu las hann upp eftirfarandi tillögu frá nokkrum Svarfdælskum bændum

„ Út af ályktun fel.ráðsfundar K.E A. 19 febr. 1957 varðandi byggingu nýrrar mjólkurstöðvar telur aðalfundur Sv.dæladeildar Mjólkursaml K.EA. 1957 að bygging mjólkurvinslustöðvar á Dalvik sé bryn naðsyn fyrir Svarfdælska mjólkurframleiðendur. Vegna þess skorar fundurinn á stjórn K.EA. að rannsaka gaumgæfilega í sambandi við undirbúning byggingar mjólkurstöðvar á Akureyri allar færar leiðir til lausnar þessu stóra hagsmunamáli Svarfdælskra bænda Verði horfið að því ráði að reisa mjólkurvinslustöð á Dalvik, samþykkir fundurinn að leggja í samlagsstofnsjóð 10 auru af hverjum mjólkurlitir næstu 5 ár “

Undir þessa tillögu höfðu skrifað Helgi Simonarson Gunnl Gislason Zophonias Jónsson Sig. Olafsson Björn Jónsson Jón Jónsson Stefán Björnsson Hjörtur Þorarinsson Framkvæmdastjóri KEA. taldi vafasamt að leggja í byggingu mjólkurstöðvar á Dalvik vegna þess að mjólkurmagnið hjer væri svo lítið að það svaraði ekki nema til eins eða tveggja ára aukningu í öllu hjeraðinu og eftir svo sem tvö ár mundi mjólkurstöðinn sem nú er á Akureyri samt sem aður verða of litill En svo sló hann því fram að hugsanlegt væri að byggja mjólkurstöðvar bæði á Akureyri og Dalvik og nota litlar vélar ur stöðinni á Ak. í vinnslustöð sem reyst kynni að verða á Dalvik. Um aðurgreinda tillögu og væntanlega samlagsbyggingu urðu miklar umræður. Þeir bændur, sem toluðu í málinu fylgdu tillögunni eftir með miklum þunga, en framkvæmdarstjóri og samlagsstjóri voru henni andvígir og töluðu gegn henni. Í þessum umræðum lagði framkvæmdarstjóri frá svofelda tillögu

„ Aðalfundur mjólkurdeildar Svarfdæla þann – – [sam]þykkir að skora á stjórn og framkvæmdastjórn Kaupfélags Eyfirðinga að hefja nú þegar undi búning að byggingu nýrrar mjólkurvinslustöðvar

Jafnframt samþykkir fundurinn að mjólkursamlagsstofnsjóður verði aukinn á næstu fimm árum, til tryggingar framgangi málsins með heildarfram lagi, sem nemi 10 auru [af] árlegu innleggi fyrir hvern mjólkurlitra “

Eftir allsnarpar umræður var tillaga þeirra fjelaga borinn undir atkvæði og samþykkt með öllum þorra atkvæða gegn einu

3. Mjólkurflutningarnir og rekstur bilanna arið 1956. Utibusstjóri Baldvin Jóhannsson las upp mjólkurflutningareikning fyrir arið 1956

Gat hann þess að mjólkurflutningarnir hefðu verið reiknaðir 27 auru á litir en raunverulegur kostnaður hefði verið 21.6 auru á l. Tekjuafgangur reyndist 125 þus Þá gat utibusstjóri þess að mjólkurnefnd hefði ákveðið flutningsgjaldið á þessu ari 23 auru á liter. Bilstjorar eru raðnar þeir sömu og síðasta ár. Að lokum þakkaði utibusstjóri mjólkurnefnd og bændum yfirleitt fyrir góða samvinnu á liðnu ári. Formaður mjólkurnefndar gat þess að hann hefði nýlega fengið brjef frá Karli Friðrikssyni þar sem

hann getur þess að ekki muni vera að vænta aukins stuðnings frá hinu opinbera til snjósmoksturs á vegum innann hjeradsins. Leggur hann til í brjefi synu að mjólkurframleiðendur leggi fram sem svarar 1. eyri á hvern innl. mjólkurliter og verði því fje sem inn kemur varið til hækkunar á vegum og á móti þessu framl komi riflegur styrkur frá hinu opinbera

Þorarin Eldjárn taldi þessa uppástungu Karls athyglisverða, en sagði að sjer findist að öllu eðlilegra væri að þetta erindi yrði lagt fram á almennum hreppsfunði og að framlagið kæmi frá hreppsþjóði en ekki aðeins frá mjólkur framleiðendum, og var málinu þar með visað til hreppsnefndar

4. Kosningar a) Kosinn einn maður í stjórn mjólkurdeildarinnar í stað Jons á Böggvisstöðum Kosningu hlaut Stefán Bjornsson Grund með 26 atk. b) Kosinn einn maður í mjólkurnefnd til 2ja ara í stað Jóns Jonssonr Jarðbrú sem kosinn var í fyrravetur en neitaði að starfa i nefndini. Kosningu hlaut Zophonias Jónsson Hóli með 13 atk.
- c) Kosinn einn varamaður i nefndina til eins ár Kosningu hlaut Magnús Jonsson Hrappsstaðakoti með 7 atk.
- d) Kosnir tveir endurskoðendur til 3ja ára eftir uppastungu þeir Jón Jonsson Böggvisstöðum og Björn Jónsson Ölduhrygg. Voru þeir samþykktir með lófataki
- e) Kosnir 31 fulltrúi á arsfund mjólkursamlags KEA. og 15 varafulltrúar Kosningu hlutu þessir menn

1. Helgi Simonarson Þverá	með	40	atk.
2. Jón Jónsson Böggvisstöðum	-	40	-
3. Hjörtur Þorarinsson Tjörn	-	39	-
4 Jón Gislason Hofi	-	39	-
5 Arngrímur Jóhannesson Sandá	-	37	-
6 Gunnar Rognvaldsson Dæli	-	37	-
7 Magnus Jonsson Hrafnstaðakoti	-	37	-
8 Stefán Bjornsson Grund	-	37	-
9. Gunnlaugur Gislason Sökku	-	35	-
10 Einar Hallgrimsson Urðum	-	34.	-
11 Björn Jónsson, Ölduhrygg	-	34.	-
12 Sigvaldi Gunnlaugsson Hofsrarkoti		34.	-
13. Hjalti Haraldsson Ytra-Garðshorni		33.	-
14 Sveinbjörn Guðjónsson Hreiðastöðum		32.	-
15 Gestur Vilhjálmsson Bakkagerðum		32.	-
16 Sigurður Olafsson Syðra Holti	-	32	-
18 Þór Vilhjálmsson Bakka	-	32	-
19 Friðbjörn Zophoniasson Hóli	-	31.	-
20 Olafur Tryggvason Ytra Hvarfi		31.	-
21. Daniel Júlíusson Syðra Garðshorni		31.	-
22. Ingimar Guttormsson Skeggsstöðum		30.	-
23. Jóhannes Haraldsson Laugahlíð		30.	-
24 Kristinn Rognvaldsson Hnjóki		30.	-
26. Þorleifur Bergsson Hofsa	-	30.	-
27 Einar Sigurhjärtarson Skeiði		28.	-

28. Klemens Vilhjalmsson, Brekku	-	28.	-
29. Árni Jónsson Hæringsstöðum		27.	-
30. séra Stefán Snævarr Völlum	-	27	-
31 Halldór Jónsson Jarðbrú	-	25	-

Varamenn

1. Halldór Hallgrímsson, Melum	-	23.	-
2. Friðrik Sigurðsson Hánefsstöðum	-	23	-
3. Jonas Þorleifsson Koti	-	19.	-
4 Zophonías Jonsson Holi	-	19	-
5 Steingrímur Eiðsson	-	16	-
6. Friðbjorn Johannsson Hlíð	-	15	-
7. Þorleifur Þorleifsson Hóli	-	11	-
8. Kristján Jonsson Helgafelli	-	10	-
9. Þorarinn Valdimarsson Göngustoðum	-	10	-
10 Friðgeir Johannsson Tungufelli	-	9	-
11. Sigtryggur Jóhannesson Göngust koti	-	9	-
12. Þorsteinn Þorsteinsson Hálsi	-	9	-
13. Ari Johannsson Búrfelli	-	8	-
14 Jón Jónsson Jarðbrú	-	7	-
15 Þorarinn Jonsson Bakka	-	7	-

- 5 Önnur mál Gestur Vilhjálmson kvaddi sjer hljóðs og mælti nokkur þakkarorð til Jóns á Bögguvisstöðum fyrir vel unnin störf sem formaður mjólkurnefndarinnar síðast liðin 9 ár.

Vottuðu fundarmenn fráfarandi formanni virðingu og þakklæti með því að rísa úr sætum. Einnig þakkaði Gestur útíbússtjóra og bílstjórunum fyrir vel unnin störf

Hjörtur Þórarinnsson lagði þá spurningu fyrir fundinn hvort ekki væri áhugi fyrir snjóbíl hjer í sveit. Nokkrar umræður urðu um malið en engin ákvörðun tekinn

Fleyra var ekki fyrir tekið

Fundargerðin upp lesin og samþ. Fundi slitið

Jón Jónsson

Fundargjörð

Mánudaginn þann 8 apríl kom mjólkurnefndinn saman á fund í þinghúsinu á Grund Verkefni fundarins var að kjósa formann mjólkurnefndar, þar sem Jón Jónsson hafði gengið úr nefndinni og ekki gefið kost á sjer áfram

Kosinn hafði verið í hans stað Stefán Björnsson Grund. Kosinn var Stefán Björnsson með 2 atk.

Fleyra ekki fyrir tekið
Fundi slitið
Stefán Björnsson
Sigvaldi Gunnlaugsson
Zophonías Jónsson

Fundargerð

Laugardag þann 4 maí 1957, kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík. Mættur var útibússtjóri Baldvin Jóhannsson. Formaður mjólkurnefndar, Stefán Björnsson, gat þess, að nú þyrfti að ráða þriðja mann með mjólkurbílana og kom þá til álita hvort ráða ætti Jón Jónsson frá Böggvisstöðum, sem aðeins hefur minna bílpróf, eða auglýsa eftir manni með meira próf.

Eftir nána athugun, í samráði við Svein Jónsson mjólkurbílstjóra, var ákveðið að auglýsa eftir bílstjóra með meira próf og ráða hann þá til ársins. Jafnframt var ákveðið að ráða Jón Jónsson til maíloka og allt árið, ef enginn bílstjóri fengist samkvæmt auglýsingunni.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Stefán Björnsson
Zophonías Jónsson Sigvaldi Gunnlaugss.

Fundargerð.

Föstudaginn þann 24. maí 1957, kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík. Mættir voru útibússtjóri Baldvin Jóhannsson og Sveinn Jonsson mjólkurbílstjóri.

Til umræðu var:

1. Ráðning mjólkurbílstjóra. Borizt hafði umsókn um stöðuna, samkvæmt auglýsingu, og enn fremur höfðu tveir menn spurt lauslega eftir stöðunni en ekki komið formlegar umsóknir frá þeim.

Vegna þess að ónógar upplýsingar voru fyrir hendi um þessa menn sá nefndin sér ekki fært að veita þeim starfið. Jafnframt kom hún sér saman um að leita til Jóns Jónssonar frá Böggvisstöðum, sem ekið hefur mjólkurbílnum í vetur, og fá hann til þess að ráða sig

sem þriðja manni við mjólkurbíla næsta ár. Ennfremur ákvað nefndin að óska eftir því við Jón að hann tæki meira prófið við fyrsta tækifæri.

Formaður mjólkurnefndar gat þess, að hann hefði heyrt að til sölu væri á Hellu á Rangárvöllum Volvó bifreið, smíðað 1955, og gæti komið til álita hvort ekki væri rétt að kaupa hann, ef hann fengist með viðunandi verði. Var Baldvin Jóhannssyni falið að athuga þetta fyrir nefndina. Jafnframt var honum falið að fylgjast með því hvað liði leyfi því, sem sótt var um á síðast liðnu hausti fyrir nýjum mjólkurbíl.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Stefán Björnsson

Sigvaldi Gunnlaugsson

Zophonías Jónsson

1958

Greinargerð frá mjólkurfluttninganefnd viðkomandi kaupum á bifreið A. (7 tónna Volvó) o fl.

Á gangnadaginn síðastliðið haust, ræddi formaður mjólkurfluttninganefndar við meðnefndarmenn sína á Tungurjett. Sagði hann þeim að Sveinn mjólkurbilstjóri segði sjer að falur mundi vera á Akureyri 7 tónna Volvó bíll innfluttur árið 1955. Billinn liti vel út og væri vel með farinn, og yfirbyggingin hentaði okkur svo vel sem frekast væri við að búast. Eftir allmikið spjall um þetta aftur og fram, urðu nefndarmenn sammála um að fela Sveini frekari eftirgrenslan svo sem um verð og greiðsluskilmála. Fostudaginn 27 seft s.l. kom mjólkurfluttninganefndin saman á fund á DI. var útibússtjórinn Baldvin Jóhannsson þar viðst. og Sveinn bilstjóri. Upplýsti Sveinn að fyrnefndur bíll væri falur fyrir kr 200.000.00, en borgunarskilmálar óljósir þó væri líkur til að seljandinn umliði eitthvað um 70.000 kr. ef hitt yrði greitt við afhendingu. Eftir mikið tal um þetta aftur og fram, var ákveðið að fela Sveini að kaupa bilinn, reyndi að fá umliðingu á kr. 70 þús. fram á næsta ár. Ef það ekki tækist þá að fá vixil í Bunaðarb. Ak. Sveinn keypti svo bilinn fyrir áðurgreint verð, fjekk ekki umliðingu þegar til kom og ekki vixil í Bunaðarb. Útibú KEA DI. greiddi fyrir hönd mjólkurfl.nefndar kr 180þús. í kaupverði bilsins og afgangurinn af verðinu var lán sem á bilnum kvildi hjá Sjóvatr. Reykjavík, sem mjólkurfl.felagið gekk inn í. Í jan s.l. töluðu mjólkurfl.nefndarmenn saman í síma og ákváðu sin á milli að kaupa snjóbelti – svokölluð halfbelti á Fergusondráttarvél til reynslu. Belti þessi voru sögð mundu kosta 9 þús.kr. Var ákveðið að belt þessi skyldu verða reynd fram í Svarfaðardal.

Grund 3/4 1958

Stefán Björnsson

Fundargerð

Manudaginn þann 31 marz 1958 var mjólkurnefndar fundur haldinn á Dalvík mættir voru allir mjólkurnefndarmenn og útibússtjóri Baldvin Jóhannsson.

Fyrir var tekið

1. Útibússtjóri lagði fram reikninga mjólkurfl. fyrir árið 1957. Heildartekjur fluttninganna urðu á árinu ásamt eftirstoðvum frá fr. ári – sem voru kr. 125.085.14. – kr. 735.088.65 og gjöldin voru eins á rekstrarreikningi eða kr. 735.088 65 skuldir voru 106.890.25 Nokkur halli varð á raunverulegum rekstri mjólkurfluttninganna eða kr 18.110.85
2. Akveðið var vegna halla á rekstrinum á árinu að leggja 2ja aura viðbotargjald á mjólk ársins 1957 Ennfremur var ákveðið að flutningsgjald á mjólk fyrir árið 1958 skuli vera kr 0.27
3. Akveðið var að aðalfundur deildarinnar skuli haldinn laugardaginn þ. 5 apríl 1958. Í ljós kom að fulltruar á aðalfund mjólkursaml. K.EA. eigi að vera 34.
4. Formaður mjólkurnefndar myntist á það að á fundi hjá nefndinni á síðast liðnu vori hefði útibússtjóri Baldvin Jóhannsson ekki lofað að vera framkvæmdastjóri fluttninganna nema fram eftir árinu. Nú hefði hann verið við þetta árið út, og óskaði hann eftir því að hann hefði þetta starf á hendi fyrir fl. framvegis. Gaf útibússtjóri kost á því að vera við þetta eitthvað framvegis
5. Formaður mjólkurnefndar sagði frá því að nú hefði pósthjónin sagt upp samningi um fluttninga á pósti með mjólkurbilunum um sveitina og biði hún nú að borga kr 30 fyrir hvert heimili í sveitinni sem postur yrði fluttur á. Málið var ekki afgreitt á þessum fundi

Fleyra ekki fyrir tekin Fundi slitið
Stefán Björnsson Sigvaldi Gunnl. Zophonías Jónsson

Fundargerð

Laugardaginn 5 apríl 1958 var aðalfundur Svarfdæladeildar mjólkursamlags K.EA haldinn á þinghúsinu á Grund

Stefán Björnsson formaður deildarinnar, setti fundinn og styrði honum, og nefndi til fundarritara Jóhannes Haraldsson

Þá lysti fundarstjóri dagskrá og að því búnu var gengið til starfa.

1. Deildarformaður fór nokkrum orðum um starf deildarstjórnarinnar. Á árinu hafði verið keyptur mjólkurfluttningabil var það notaður disilbill af Volvó gerð, en deildarstjóri taldi að ekki hefði verið hjá því komizt, þar sem bilakosturinn hefði verið ört að ganga úr sjer og ógjörlegt að fá innflutningsleyfi fyrir nýjum bil. Þá hafði verið raðinn þriðji fasti bilstjórinn þar sem þannig var komið að greiðsla fyrir fyrir aukavinnu hafði arið áður numið jafnmiklu árskaupi eins bilstjóra. Mjólkurmagn úr deildinni hafði orðið á árinu 1.677.387,5 l. með 3.573.% meðalfitu og utborgunarverð til deildarmanna var kr 2,1104 að meðaltali á l. Hafði mjólkurmagnið aukizt um rúm 8% á árinu

2. Baldvin Jóhannsson útibússtjóri og framkvæmdastjóri mjólkurfluttninganna flutti reikninga mjólkurbilanna Á árinu höfðu verið teknir 23 aurar í flutningsgjald á l. en það ásamt öðrum tekjum nægði ekki til að jafnast á við utgjöldinn og vantaði um 18 þús kr til að geta sljettað reksturinn fyrir árið 1957

Í þessu sambandi upplýsti framkvæmdastjóri að hann og mjólkurnefnd hefði orðið ásátt um að taka 2 aura í flutningsgjald fyrir mjólk flutta árið 1957 til viðbotar því sem áður hafði verið tekið, þannig að endanlegt flutningsgjald verði 25 aurar fyrir árið 1957. Þá sagði hann að ákveðið hefði verið að taka 27 aura fyrir fluttan mjólkurliter arið 1958.

Verðmæti innlagðar mjólk deildarmanna ásamt uppbót frá árinu 1956 hvað hann nema tæpum 5 miljonum kr. Að loknum lestri reikninganna og skýrslu framkvæmdarstjóra gaf fundarstjóri mönnum orðið

Fundarmenn ræddu nokkuð um kaup verð og viðgerðir á Volvóbilnum sem keyptur var á þessu ári, svo og ástand bilaeignarinnar yfirleitt. Þá komu fram raddir um að eigi hefði átt að bakareikna mjólkurfluttningana, en leggja heldur hærri gjöld á fyrir yfirstandandi ár. Að umræðum loknum bar fundarstjóri reikningana upp til atkvæða og voru þeir samþykktir með samhljóða atkvæðum

3. Kosning 34 fulltrúa á aðalfund mjólkursamlags K E A.

Þessir menn hlutu kosningu

1. Gunnar Rognvaldsson Dæli	36 atk.
2. Helgi Simonarson Þverá	36 -
3. Einar Hallgrímsson Urðum	35 -
4. Jón Gíslasaon Hofi	35. -
5. Stefán Björnsson Grund	35 -
6. Arngrímur Johann[e]sson Sandá	34 -
7. Björn Jónsson Ölduhrygg	32. -
8. Hjortur Þórarinsson Tjörn	32. -
9. Olafur Tryggvason Ytra Hvarfi	32 -
10. Sigvaldi Gunnlaugsson Hofsarkoti	32. -
11. Sveinn Vigfússon Þverá	32 -
12. Einar Sigurhjártarson Skeiði	30 -
13. Halldór Jónsson Jarðbrú	30 -
14. Hjalti Haraldsson Ytra Garðshorni	30. -
15. Kristinn Rognvaldsson Hnjúki	30. -
16. Sigurður Olafsson Syðra Holti	30 -
17. Sveinbjörn Guðjónsson Hreiðastoðum	30 -

- | | | |
|--|-----|---|
| 18 Þór Vilhjálmsson Bakka | 30 | - |
| 19 Jón Jónsson Boggvisstoðum | 29 | - |
| 20 Jónmundur Zophoniasson Hrappsstoðum | 29 | - |
| 21. Gisli Þorleifsson Hofsa | 27 | - |
| 22. Stefán Snævarr Völlum | 27 | - |
| 23. Daniel Júlíusson Syðra Garðshorni | 26. | - |
| 24 Friðbjörn Zophoniasson Hóli | 26. | - |
| 25 Gestur Vilhjálmsson Bakkagerðum | 26. | - |
| 26. Gunnlaugur Gislason Sökku | 26. | - |
| 27 Ingimar Guttormsson Skeggstoðum | 26 | - |
| 28 Magnus Jónsson Hrappsstaðakoti | 26. | - |
| 29 Árni Jónsson Hæringsstoðum | 25 | - |
| 30 Halldór Hallgrímsson Melum | 25 | - |
| 31. Friðrik Sigurðsson Hanefsstoðum | 24 | - |
| 32. Klemens Vilhjálmsson Brekku | 23. | - |
| 33. Jónas Þorleifsson Koti | 19 | - |
| 34. Jóhannes Haraldsson Laugahlíð | 18 | - |
- Varamenn.
- | | | |
|--|-----|---|
| 1. Zophonías Jónsson Hóli | 17. | - |
| 2. Friðbjörn Jóhannsson Hlíð | 16 | - |
| 3. Kristján Jónsson Helgafelli | 16. | - |
| 4. Karl Karlsson Klaufabr.koti | 14 | |
| 5. Ari Jóhannsson Búrfelli | 14 | |
| 6. Þorhallur Peturson Hreiðastaðakoti | 13 | |
| 7. Steingrímur Eiðsson Ingvörum | 12. | |
| 8. Sigtryggur Johannesson Gongust.koti | 12. | |
| 9. Jón Guðmundsson Hamri | 11 | |
| 10. Þorleifur Þorleifsson Hóli | 11 | |
| 11. Friðgeir Jóhannsson Tungufelli | 11 | |
| 12. Þorsteinn Þorsteinsson Hálsi | 11 | |
| 13. Þorgils Gunnlaugsson Sökku | 10 | |
| 14. Hreinn Jónsson Klaufabrekkum | 10 | |
| 15. Júlíus Friðriksson Gröf | 8 | |
| 16. Oli Antonsson Hrísum | 7 | |
| 17. Hermann Aðalsteinsson Klængshóli | 7 | |
| 18. Þórarinn Jónsson Bakka | 7. | |
4. Í hléi því er varð á fundarstörfum í sambandi við fulltrúakosninguna hvaddi Hjörtur Þórarinnsson sjer hljóðs utan dagskrár, og talaði um snjómokstur þann er nú færri fram. Bað hann um álit manna á því hvort halda ætti honum áfram, vegna þess hve verkið gengi seint og yrði þá óhæfilega dýrt Flestir vildu halda honum áfram og enginn mælti í gegn því.
5. Framtíðarverkefni. Formaður deildarinnar Stefán Björnsson ræddi um ástand og horfur í fjármálum flutningafél., gerði hann grein fyrir þeim kostnaði er þegar er á fallinn umfram árið áður svo sem hærri bátaleigum, meiri ytuleigu við mjólkurdrátt og fleyra.

Taldi hann tefld á tæpasta vað með að hækkun sú á flutningsgjaldinu sem ákveðinn hefði verið mundi nægja til að mæta hinum aukna kostnaði. Þá kom formaður inn á byggingu mjólkurstoðvar á Ak. og Dl. og fór nokkrum orðum um þau mál.

Umræður urðu einkum um að vinna að byggingu mjólkurvinslustoðvar á Dl. af meiri krafti enn gert hefði verið. Einnig kom fram að hreppsnefnd Sv.dals hr. og formaður deildarinnar höfðu átt umræður um þetta mál, og árangurinn hefði orðið sá að hreppsnefndin hafði skrifað stjórn K E A. brjef og óskað eftir viðtali við hana um málið, ásamt formanni deildarinnar en svar væri ókomið.

Helgi Simonarson taldi að fundurinn yrði að ganga frá þessu máli fyrir sitt leiti Stefán Björnsson hvaðs líta svo á að ef fundurinn mótmælti ekki þessari malsmeðferð teldi hann hana gildandi.

Eftirfarandi tillaga var þá lögð fram í málinu

„ Aðalfundur Svarfdælaeildar mjólkursaml. K.E A. haldinn að Grund 5/4 1958, Samþ. að oddviti Sv dalshr. og Sveitarstjóri Dl.hr. ásamt formanni mjólkurflutninganefndar sækir væntanlegan fund stjórnar K.E A. á Akureyri, og fái ákveðnar upplýsingar um: hvort stjórnin telji sig geta mælt með mjólkurstoðvarbyggingu á Dalvík og hvern þatt hún teldi sig geta tekið í henni “

Um tillöguna og kosningu manna urðu allmiklar umræður, og undir þeim kom Helgi Simonarson með munnlega tillögu, um að fundurinn kjósi þá Stefán Björnsson Hjört Þórarinsson og Jón Jónsson Böggvisstöðum til að mæta fyrir hönd mjólkurframleiðenda á umræddum fundi stjórnar K E A.

Þá bar fundarstjóri skriflegu tillöguna upp til atkvæða og var hún feld með 9 gegn 8 atk. Munnlega tillaga Helga Simonarsonar var þá borinn undir atkvæði og var hún samþykkt með 17 gegn 4 atk. Þessi dagskráliður þar með tekinn af dagskrá.

6. Kosning 1 manns í deildarstjórn, til 3ja ára í stað Sigvalda Gunnlaugssonar. Kosinn var Jón Gíslason Hofi með 10 atk. Kristinn Rögnvaldsson hlaut 9 atk. Þá fór fundarstjóri fram á það við fundinn að hann heimilaði að kosning varamanns í deildarstjórn til 3ja ári í stað Magnúsar Jónssonar Hrappsstaðakoti færi fram eftir uppástungu. Heimilaði fundurinn það

Stakk þá fundarstjóri upp á Magnúsi Jonssyni og samþykkti fundurinn það

7. Mál fundarmanna: Sera Stefán Snævarr hvaddi sjer hljóðs og bar fram munnlega tillögu, um að fundurinn samþ. að ekki sje flutt mjólk á sunnudögum þann tíma vetrarins sem þarf að aka henni til Dalvíkur, nema knijandi ástæður sjeu fyrir hendi. Helgi Simonarson benti á hvort ekki væri rjett að visa þessari tillögu til mjólkurflutninganefndar án þess að hún væri borin undir atkvæði og fjelst flutningsmaður á það sem byrjunarstig í málinu. Klemens Vilhjálmsson gerði fyrirspurn varðandi snjóbelti þau er mjólkurflutninganefnd hafði keypt, hvort ætlunin væri að selja þau, og á hinn buginn hvort ekki væri ástæða til að eignast fleiri til notknunar i deildinni.

Formaður svaraði því og sagði að ekkert hefði verið ákveðið enn um framtíð þessara belta eða hvort fleiri yrðu keypt

Fleiri hvöddu sjer ekki hljóðs. Fundargerðin upplesin og samþykkt

Fundi slitið

Stefán Björnsson

(fundarstjóri)

Fundargerð

Laugardaginn 12 April 1958 kom kom mjólkurflutninga nefnd Svarfdæla deildar saman á fund að Grund.

Formaður deildarinnar Stefan Björnson setti fundinn og nefndi til skrifara Jon Gíslason.

Þetta gerðist:

1. Kosning formans. Kosin var Stefán Björnson Grund. og til vara Jón Gíslason.
Fleira gerðist ekki
Fundi slitið

Stefán Björnsson
Jón Gíslason
Zophonías Jónsson

Fundargerð

Fimmtudaginn 31 október 1958 kom mjólkurnefndin saman á fund á Dalvík
Allir nefndarmenn voru mættir og auk þess útibússtjóri Baldvin Jóhannsson

Fyrir var tekið

1. Utibusstjóri gaf yfirlit yfir tekjur og gjöld mjólkurflutninganna frá nýári til þessa tíma
Yfirlitið bar það með sjer, að utkoman var heldur slæm. Þrátt fyrir það ákvað nefndin að hækka ekki flutninga til áramóta. En með fyrsta jan verði veruleg hækkun eða upp í 32 auro per hvern mjólkurliter. Flutningar á annari vöru verði óbreyttir nema vörufl. í tonnatali hækki úr kr 105.- á tonn upp í kr. 125.- á tonn.
Þá samþykkti nefndin að laun mjólkurbilstjóranna hækki í samræmi við kaup starfsmanna Kaupfel.
2. Viðkomandi mjólkurfl. í vetur ákvað nefndin að fela formanni að ræða við Steindór Jónsson eiganda pósthátsins hvort hann væri fánlegur til að taka að sjer mjólkurfl. í vetur ef landleiðinn tepptist vegna snjóa

Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið

Jón Gíslason Stefán Björnsson
Zophonías Jónsson

Fundargerð

Fimmtudaginn 27 nóvember 1958 kom mjólkur flutningsnefndin saman á fund á Dalvík. Á fundinum var mættur utibússtjóri Baldvin Jóhannsson. Tílefni fundarins var það að komið var búið til þess að, er mjólkurnefndin sótti um á sinum tíma, nefndin var sammála um að taka leifið, en þó því aðeins að um stærri bil yrði að ræða, en leifið hljóðaði uppá, er þar talað um 5 tonna bil. Þá samþykkti nefndin að fela Jónasi Hallgrímssini að utvega hagkvæman bil, til mjólkurflutninganna og helst ekki minni er 7 tonn.

Fleyra ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Jón Gíslason Stefán Björnsson
Zophonías Jónsson

1959

Fundargerð

Manudaginn 13/4 1959 kom mjólkurflutninganefnd Svarfdæla saman á fund á DL. Allir nefndarmenn voru mættir ásamt útibússtj. Baldvin Jóhannssyni

Þetta gerðist

1. Utibússtjóri lagði fram reikningsyfirlit fyrir árið 1958 og syndi það ca 117 þús króna halla þar af hreinn rekstrarhalli frá þessu ári ca 20.000.- kr
2. Þá ræði mjólkurflutninganefnd útibússtjóra sem framkvæmtastjóra við flutningana og sjá um leið um reikningshald allt viðvikandi þeim
3. Eftir ósk postafgreiðslumans Þorgilsar Sigurðssonar DL flutti Stefan Björnsson á Grund erindi, þess efnis, að þóknun sú er pósthjónin greiðir fyrir dreifingu posts um Svarfaðardal gangi beint til bilstjóra mjólkurflutninganna. Mjólkurnefndin samþykkti að verða við þessari ósk postafgreiðslumansins í trausti þess að þessi þjónusta batni.
4. Mjólkurnefnd var sammála um að leggja það til að auglýsa til sölu Chervolettbilinn og einn trukk og selja þá ef viðunandi boð fengist í þá

Fleyra ekki fyrir tekið

Fundi sl.

Stefán Björnsson

Fundargerð

Ár 1959 föstudaginn 17 apríl var aðalfundur Svarfdæladeildar mjólkursamlags K.E A. haldinn í þinghúsi hreppsins að Grund.

Formaður deildarinnar Stefán Björnsson setti fundinn og styrði honum. Nefndi hann sem fundarritara Árna Jónsson.

Gerðir fundarins voru

1. Deildarformaður skýrði frá störfum mjólkurnefndar á síðast liðnu ári. Flutt var út Svarfaðardal 1.737.511 l. af mjólk með meðalfitu 3,581% meðal utborgað verð 232.46 aurar á liter og alls utborgað kr. 4.036.805.06 Hafði mjólkurframleiðslan heldur aukist á árinu eða um 60 þus. l. Á árinu hefði mjólkursaml.fund. skipað nefnd til að athuga og gera tillógur til útbóta í flutningserfiðleikamálum mjólkurframleiðanda. Í nefnd þessari var Gunnl. Gíslason Sokku fulltru Svarfdæladeildar
Þá gat deildarstjóri þess að innflutningsleyfi hefði fengist fyrir nýjum bil í november f. árs Hefði hann komið til landsins í febrúarlök
2. Baldvin Jóhannsson útibússtjóri flutti reikninga mjólkurbilanna. Teknir höfðu verið 27 aurar á l. í flutningskostnað og er það 2 aurum hærra en endanlegur flutningskostnaður varð 1957 Nægði það ekki til að standa straum af rekstrarkostnaði arsins þannig að rekstrarhalli reyndist rúm 20 þus. Þá gar útibússtjóri þess að ákveðið væri að taka 32 aura af litra á þessu ári
Að loknum lestri reikninganna var orðið gefið frjálst, bæði um reikningana og skýrslu mjólkurnefndar
Ræddu menn um hinar ýmsu hliðar mjólkurflutninganna og þá einkum rekstur trukkanna, vinslustöð á Dalvík og verðjöfnun á flutningunum á samlagssvæði K.E A. Að umræðum loknum voru reikningarnir bornir undir atkvæði og samþ. samhljóða.
3. Kosning 35 fulltrúa á aðalfund mjólkursamlags KEA.
Þessir hlutu kosningu

1. Helgi Simonarson Þverá	35 atk
2. Daniel Júlíusson Syðra Garðsh.	35 - -
3. Gunnar Rögnvaldsson Dæli	35 -
4 Þor Vilhjálmsson Bakka	34 -
5 Hjalti Haraldsson Ytra Garðsh.	34 -
6 Stefán Björnsson Grund	34
7 Olafur Tryggvason Hvarfi	33

8	Arngrimur Johannesson Sandá	33
9.	Hjortur Þórarinsson Tjörn	33
10.	Jón Gislason Hofi	32.
11	Sigvaldi Gunnlaugsson Hofskoti	32
12	Einar Hallgrímsson Urðum	32
13.	Sigurður Olafsson Holti	32
14	Jónmundur Zophoniasson Hrappsst.	32
15	Kristinn Rognvaldsson Hnjúki	31
16.	Friðbjörn Zophoniasson Holi	31
17	Sveinbjörn Guðjónsson Hreiðast	31
18	Magnus Jónsson Hrapstaðakoti	31
19	Björn Jónsson Ölduhrygg	30
20	Sveinn Vigfússon Þvera	30
21	Gisli Þorleifsson Hofsa	29
22	Arni Jónsson Hæringsst.	29
23	Halldor Jonsson Jarðbrú	29
24	Einar Sigurhjártarson Skeiði	29
25	Björn Júlíusson Laugahlið	29
26	Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði	28
27	Gunnlaugur Gíslason Sökku	27
28	Klemens Vilhjálmsson Brekku	27
29	Stefán Snævarr Völlum	26
30	Friðrik Sigurðsson Hánefsst.	25
31	Jónas Þorleifsson Koti	25
32.	Friðbjörn Jóhannsson Hlíð	23
33.	Ingimar Guttormsson Skeggsstöðum	22
34	Steingrímur Eiðsson Ingvörum	22.
35	Þórarinn Jónsson Böggvisstöðum	21

Varamenn

1.	Halldór Hallgrímsson Melum	21.
2.	Zophonías Jónsson Hóli	17
3.	Hreinn Jónsson Klaufabr.	16
4	Kristján Jónsson Helgafelli	15
5	Július Friðriksson Gröf	15
6	Ari Jóhannsson Búrfelli	12
7	Jón Guðmundsson Hamri	11
8	Karl. Karlsson Klaufabr.koti	11
9	Þorgils Gunnlaugsson Sökku	11
10	Friðgeir Jóhannsson Tungufelli	10
11.	Þorhallur Petursson Hreiðastaðakoti	10
12	Reimar Sigurpálsson Steindyrum	9
13	Sigtryggur Göngustaðakoti	8
14	Sveinbjörn Nielsson Skáldalæk	7
15	Ester Jósavinsdóttir Másstöðum	6

16 Gunnlaugur Jónsson	Atlastöðum	6
17 Oli Antonsson	Hrisum	6
18 Þorleifur Þorleifsson	Hóli	6
19 Þorsteinn Kristjánsson	Uppsölum	6

4. Framtíðarstarfið:

Stefán Björnsson hafði framsögu og ræddi hann um kaup nýja bílsins, sem eins og áður segir kom til landsins í febrúar s. l., en fékkst hann ekki tollafgreiddur fyrir en 15. apríl. Kostar hann eins og hann er nú, yfirbyggður með einföldu húsi um 270.000 kr. Þá minntist hann á hvort selja ætti eitthvað af bílunum t. d. Chevrolet bílinn og eitthvað af trukkunum. Virtust menn sammála, um að selja Chevroletinn og gæti einnig komið til mála, að selja einn truckinn. Er hér var komið var enginn á mælendaskrá, og var þá umræðum frestað og drukkið kaffi.

Að loknu kaffihléi var umræðum haldið áfram. Tók þá til máls Stefán Björnsson og ræddi um póstmálin. Gat hann þess að slitnað hafi upp úr samkomulagi með póstflutningana, en nú stæði til að mjólkurbílstjórnarnir sjálfir . fengju þá þóknun er áður hefði verið greidd til mjólkurflutninganefndar, og sagðist hann vona að það yrði til bóta á póstflutningum

Gaf hann síðan orðið frjálst ef menn vildu ræða framtíðarstörfin nánar.

Urðu allmiklar umræður er beindust einkum að byggingu mjólkurvinnslustöðvar á Dalvík. Kom að lokum fram munnleg tillaga frá Helga Símonarsyni þess efnis, að nefnd sú er kosin var í fyrra á deildarfundum ræði við nefnd þá er starfandi er hjá Dalvíkingum, og komi þær sér saman um hvað æskilegast sé að gera, til að koma í framkvæmd mjólkurvinnslustöð á Dalvík.

Var tillagan samþykkt samhljóða, og þessi dagskrárlíður þar með tekinn út af dagskrá.

5. Kosningar:

- Kosinn einn maður í deildarstjórn í stað Zóphoníasar Jónssonar, og var hann endurkjörinn með 25 atkv.
- Kosinn einn varamaður í deildarstjórn í stað Magnúsar Jónssonar, var hann endurkjörinn með samhljóða atkvæðum

6. Mál fundarmanna:

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Stefán Björnsson
(fundarstjóri)

Fundargerð

Ár 1960 mánudaginn 25. janur kom mjólkur flutninganefnd Svarfdæla saman á fund að Grund.

- 1 Tilefni fundarins var fréf fra Ræktunarsambandi Svarfdæla þar sem farið er fram á að mjólkurflutningarnir taki þátt í kostnaði þeim er Ræktunarsambandið verður að inna af hendi til ytustjóra, sem það hefir ráðið vegna snjómoksturs
Nefndin samþykkir að taka þatt í því tapi, sem Ræktunarsambandið kann að verða fyrir vegna þess að það hefir orðið að hafa mann á fastri kauptryggingu, án tillits til þess hvort það hefir nokkurt verkefni fyrir hann eða ekki
Að sjálfsögðu fellur þetta niður ef vinna verður svo mikil að full kaup trygging næst.
- 2 Þá var fyrir tekið fyrir annað bréf frá Ræktunarsambandinu þess efnis að mjólkurflutningarnir keytu [svo. SBG] sleða þann er notaður hefir verið við akstur á mjólk með ytu, og ef ekki yrði um kaup að ræða, þá að borga leigu eftir hann.
Nefndin færir undan því að sinna þessari málaleitun að svo komnu.

Fleira gerðist ekki Fundi slitið

Stefán Björnsson
Jón Gíslason Zophonías Jónsson

Fundargerð

Ár 1960 fimmtudaginn 28 janúrar kom mjólkurflutninganefnd Svarfdæla saman á fund á Dalvík. Framkvæmdastjóri Baldvin Jónannsson var einnig mættur á fundinum.

Fyrir var tekið

1. Nefndinni hafði borist fréf frá mjólkurbilstjórum þess efnis að fá hækkað kaup frá 1. febr næstkomandi að telja. Hækkun sú er þeir fara framá er úr 4.843 á mánuði í 5,600 miðað við 9 tíma vinnu, að öðru leiti annað fyrirkomulag óbreytt.

Þegar hér var komið fundi mættu allir mjólkurbilstjórarnir. Samkomulag varð um að fresta samningum til marz loka vegna óvissu í efnahagmalunum, en hinsvegar lofar nefndin því að þegar samningar tækjust að þeir verki fram fyrir sig, eða til 1. feb. 1960.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

Stefán Björnsson
Jón Gíslason Zophonías Jónsson
Friðþjófur Þórarinsson
Sveinn Jónsson
Jón Jónsson

Fundargerð

Ár 1960 mánudaginn 4 apríl kom mjólkurflutninganefnd Svarfdæla saman á Dalvík. Allir nefndarmenn voru mættir ásamt framkvæmdastjóra Baldvin Jóhannssyni. Einnig mættu bilstjórar mjólkurflutninganna þeir Sveinn Jónsson Friðþjófur Þórarinsson og Jón Jónsson. Tilfni fundarins var að gang endanlega frá kauphækkunarkröfu bílstjóranna sem frestað var að taka ákvörðun um á síðasta fundi frá 28 janúar síðast liðið

Eftir allmiklar samninga umræður varð að samkomulagi að bilstjórarnir eru ráðnir fyrir 5700 á mánuði frá 1. febrúar að telja þetta ár og 300 kronur fyrir hvern sunnudag þegar flutt er á hverjum degi.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

Jón Gíslason Friðþjófur Þórarinsson
Stefán Björnsson Jón Jónsson
Zophonías Jónsson Sveinn Jónsson

Fundargerð

Ár 1960 mánudaginn 4 apríl kom mjólkurflutninganefnd Svarfdæla saman á fund á Dalvík

Allir nefndarmenn voru mættir ásamt framkvæmdastjóra flutninganna Baldvin Johannssyni utibústjóra.

Þetta gerðis

- 1 Nefndin ákvað sama flutningsgjald á mjolk þetta ár eða 32 aurar pr lítra.
Þá réði nefndin Baldvin Jóhannsson sem framkvæmdarstjóra fyrir mjólkurflutninga Svarfdæla og að sjá um leið um allt reikningshald gagnvart þeim

Fleira gerðist ekki Fundi slitið

Jón Gíslason
Stefán Björnsson
Zophonías Jónsson

Fundargerð

Ár 1960 föstudaginn 8 [?]* apríl kom mjólkurflutninganefnd Svarfdæla saman á fund á Þinghúsi hreppsins að Grund

Þetta gerðist

- 1 Kosin formaður nefndarinnar. Kosningu hlaut Hjörtur Þórarinsson Tjörn og til vara Zoffonías Jónsson Hóli

Fleira gerðist ekki Fundi slitið
Zophonías Jónsson
H.E. Þórarinsson
Jón Gíslason

*[Aths. 1: Mjög er krotað í dagsetninguna og lítur tölustafurinn einna helst út fyrir að vera 9. Þó er ljóst af Almanaki Háskólans að þessi föstudagur var 8. dagur mánaðarins og 9. var laugardagur. Vera má að fundurinn hafi verið haldinn á laugardegi en þó má telja líklegt að stjórnin hafi skellt á fundi strax að afloknum aðalfundinum 8. apríl. Sjá til samanburðar hér á eftir í aths. 2.

Aths. 2: Þótt fundurinn hér að ofan sé skráður í fundargerðabók *framan við* aðalfund 8. apríl hlýtur hann að hafa verið haldinn að loknum aðalfundi því þá er ljóst að Stefán Björnsson formaður gengur úr stjórn vegna þess að hann er að flytja til Dalvíkur. Annað sem styður þetta er að hér hefur Hjörtur E. Þórarinsson, sem kosinn var inn í stjórn á aðalfundinum, undirritað fundargerð eftir að hafa hlotið kosningu sem formaður stjórnar. SBG.]

Fundargerð

Ár 1960 föstudaginn 8 apríl var aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K E. A. haldinn í Þinghúsi hreppsins að Grund. Formaður deildarstjórnar Stefán Björnsson setti fundinn og styrði honum, nefndi hann til fundarskrifara Árna Jónsson

Gerðir fundarins voru

1. Deildarformaður skýrði frá storfum mjólkurflutninganefndar á liðnu ári. Flutt mjólk á árinu var 1.650997 lítrar og var útborgað meðal verð á lítra 231 eyrir ruml. Er þetta heldur minna mjólkurmagn en árið aður. Þá gat deildarstjóri þess að nýi Volvó bíllinn hefði reynst serstaklega vel í vetrarferðum. Þá var seldur gamli Chervolett bíllinn fyrir 35 þús. kr.
2. Baldvin Jóhannsson útibústjóri las upp reikninga mjólkurflutninganna og skýrði þá, voru niðurstöðu tölur rekstrarreiknings 817.915 kr. Höfðu flutningarnir gengið vel á árinu og engin serstök óhöpp komið fyrir. Skuldir voru í árslok 254,800 en eignir 701 þús. kr.

Að loknum lestri reikninganna var orðið gefið frjálst, bæði um skýrslu mjólkurflutninganefndar og reikningana

Annar endurskoðandi Gestur Vilhjálmsson lýsti ánægju sinni yfir hvað reikningarnir væru glöggir og vel færðir

Lítið annað var um þessa dagskrárliði rætt. Voru reikningarnir bornir upp og samþykktir með samhljóða athvæðum.

3. Framtíðarstarfið. Stefán Björnsson hafði framsögu. Ræddi hann einkum um kauphækkunarkröfu er bilstjórnarnir gerðu í ársbyrjun og nam sú hækkun er þeir óskuðu eftir 857 kr. á mánuði. Í marzlok var samið við bilstjórana um 5.700 kr á mánuði frá 1. febrúar og auk þess 300 kr. fyrir sunnudaga vinnu þegar flutt er á hverjum degi. Þá gat Stefán þess að einn trukkubíllinn hefði verið auglýstur til sölu og væri þegar komið eitt 55 þús. krónu tilboð í hann og von væru á fleirum. Mælti hann með að fundurinn samþykkti sölu á öðrum trukk.

Ræddu menn um flutningana frá ymsum hliðum eins og t.d. ráðningu bilstjóranna slæmt útlit á brúsunum (skítugir), yfirbreiðslu á bilana, byggingu mjólkurstöðvar á Dalvík ofl. Engar tillogur komu fram í neinu af þeim málum er um var rætt og var því málið tekið út af dagskrá og gefið kaffihlé

4. Að kaffihlei loknu var gengið til kosninga
a) Kosnir 33 fulltúar á aðalfund Mjólkursamlag KEA
Þessir menn hlutu kosningu:

1 Gunnar Rognvaldsson Dæli	36 atkv
2 Helgi Simonarson Þverá	35 -
3 Jón Gíslason Hofi	34 -
4 Ólafur Tryggvason Ytra Hvarfi	34 -
5 Björn Jonsson Ölduhrygg	33 -
6 Hjalti Haraldsson Ytra Garðsh.	33 -
7 Arngrímur Jóhannesson Sandá	32 -
8 Hjörtur Þórarinsson Tjorn	32 -
9 Sigvaldi Gunnlaugsson Hofsárkoti	32 -

10 Stefán Björnsson Grund	31	-
11 Arni Jonsson Hæringsstoðum	30	-
12 Einar Hallgrímsson Urðum	30	-
13 Björn Júlíusson Laugahlíð	30	-
14 Magnus Jónsson Hrapstaðak	30	-
15 Kristinn Rögnvaldsson Hnjúki	30	-
16 Sveinn Vigfússon Þvera	30	-
17 Gísli Þorleifsson Hofsa	29	-
18 Þór Vilhjálmsson Bakka	29	-
19 Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði	29	-
20 Sigurður Ólafsson Syðra Holti	28	-
21 Jónmundur Soffoniasson Hrapstöðum	27	-
22 Sveinbjörn Guðjonsson Hreiðarstöðum	27	-
23 Friðrik Sigurðsson Hánefsstöðum	26	-
24 Ingimar Guttormsson Skeggstöðum	26	-
25 Halldór Jónsson Jarðbrú	26	-
26 Klemenzt Vilhjálmsson Brekku	24	-
27 Friðbjörn Soffoniasson Hóli	23	-
28 Daniel Júlíusson Syðra Garðsh	22	-
29 Einar Sigurhjártarson Skeiði	22	-
30 Soffonías Jónsson Hóli	22	-
31 Þórarinn Jónsson Boggvisstoðum	21	-
32 Júlíus Friðriksson Gröf	20	-

Varamenn

1 Friðgeir Jóhannsson Tungufell	20	-
2 Kristján Jónsson Helgafelli	19	-
3 Þórhallur Petursson Hreiðarstaðakoti	19	-
4 Gunnlaugur Gíslason Sökku	18	-
5 Jónas Þorleifsson Koti	18	-
6 Ari Jóhannsson Búrfell	17	-
7 Halldór Hallgrímsson Melum	17	-
8 Þóra Stefán V. Snævarr Völlum	16	-
9 Þorgíls Gunnlaugsson Sökku	16	-
10 Sigtryggur Jóhannesson Gongustaðak	15	-
11 Hreinn Jónsson Klaufabrekkum	14	-
12 Sigurvin Sigurhjártarsson Skeiði	12	-
13 Steingrímur Eiðsson Ingvorum	11	-
14 Jón Guðmundsson Hamri	10	-
15 Karl Karlsson Klaufabr koti	10	-

b) Kosin einn maður í deildarstjórn í stað Stefáns Björnssonar, kosningu hlaut Hjörtur Þórarinnsson með 17 atkvæðum, Sigurður Ólafsson fékk 10 atkvæði

c) Kosnir 2 endurskoðendur til 3iggja ára. Kosningu hlutu Gestur Vilhjálmsson 13 atkvæði, Helgi Símonarson [með] 11 atkvæðum og til vara Júlíus Daníelsson 8 atkvæði

5. Mál fundarmanna:

a) Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

„ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K E A haldinn að Grund 8 apríl 1960 samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd til að athuga um hvort hagkvæmt þyki að reysa mjólkurstöð (samlag) á Dalvík í einhverri mynd og heimilar að verja til þess allt að 10.000 kr ef þörf gerist. Nefndin sé ólaunuð “ Tillagan var undirskrifuð af eftir

töldum monnum: Hjalte Haraldsson
Sigurður Ólafsson
Friðgeir Jóhannsson
Jónmundur Zóphoniasson

Eftir nokkrar umræður var tillagan samþykkt samhljóða.

b) Stefán Björnsson óskaði eftir að fundurinn samþykkti að heimila mjólkurflutninganefnd að selja tvo trukkíbilana ef nefndin og hennar ráðunautar teldu það hagkvæmt. Var það samþykkt með samhljóða athvæðum.

c) Kosnir 3 menn samkvæmt áður samþykktu tillogu. Kosningu hlutu

Hjalte Haraldsson	19	athv
Jónmundur Zophoniasson	15	-
Sigurður Ólafsson	14	-

Áður en fundargerð var lesin upp kvaddi Jon Gislason sér hljóðs og færði Stefani Björnssyni er nú er að flytja til Dalvíkur, sínar og allra annara bænda í sveitinni beztu þakkir og óskir um góða framtíð Zophonias Jonsson færði honum einnig sínar beztu óskir og sagðist harma hið auða sæti er yrði er Stefan flyttil. Stefan þakkaði gott samstarf og óskaði Svarfdælskum bændum góðrar framtíðar. Zophonias Jonsson bar fram þakkir til bílstjórnanna og óskaði eftir að bændur fengju að njóta þeirra starfskrafta jafn vel, hereftir sem hingað til.

Fleira gerðist ekki Fundarg. lesin upp og samþykkt.

1961

Fundargerð

Ár 1961 Miðvikudaginn 5 apríl kom mjólkurflutninganefnd Svarfdæladeildar saman á fund á Dalvík.

Allir nefndarmenn voru mættir ásamt framkvæmdarstjóra Baldvín Jóhannssyni.

Þetta gerðist:

1. Framkvæmdarstjóri Baldvín Jóhannsson gaf yfir lit yfir reikninga deildarinnar. Fjárhagsafkoma deildarinnar var mjög góð á árinu, þar sem skuldir lækkuðu um ca 100 Þús. kr, auk þess bættur bilakostur all verulega.
2. Nefndin var ásatt um að flutningsgjald yrði það sama og árið áður eða 32 aurar pr lítra, fyrir árið 1961.
3. Þá réði mjólkurflutninganefnd Baldvín Jóhannsson sem framkvæmdastjóra fyr mjólkurflutninga Svarfdæladeildar og að sjá jafnframt um allt reikningshald gagnvart

þeim. Einnig undirbjó nefndin dagskrá til aðalfundar deildarinnar sem fyrirhugaður er innan skamms

Fleira gerðist ekki, fundi slitið

Jón Gíslason H.E. Þórarinsson

Zophonías Jónsson

Fundargerð

Ár 1961 Þriðjudaginn 11. apríl var settur og haldinn ársfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A. að þinghúsinu að Grund.

Formaður deildarinnar, Hjörtur Þórarinsson setti fundinn og stjórnaði honum. Stakk hann upp á Árna Jónssyni sem fundarritara og að því búnu var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

1. Skýrsla mjólkurflutninganefndar. Hjörtur Þórarinsson gaf yfirlit yfir störf mjólkurflutninganefndar á árinu. Gat hann þess, að árferði hefði verið mjólkurflutningunum mjög hagstætt, engir sjóflutningar, ýtukostnaður með minna móti og engir leigubílar teknir. Aftur á móti hefði hækkað ýmis kostnaður eins og varahlutir í bílana og bílstjóra kaup hækkað allverulega. Seldir voru allir gömlu trukkarnir og keyptir í staðinn tveir trukk frá sölunefnd varnarliðseigna. Er bílakostur nú talinn í góðu ásigkomulagi. Alls voru fluttir 1,8 miljón lítrar mjólkur frá deildinni og flutningskostnaður sá sami og verið hefir, 0,32 kr. á lítra.
2. Reikningar: Baldvin Jóhannsson útibústjóri las reikninga deildarinnar og gaf jafnframt samanburð frá árinu áður. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi reyndust rúm 910 þúsund kr. Skuldir reyndust alls rúm 148 þúsund kr., og höfðu lækkað til muna á árinu. Að loknum lestri reikninganna þakkaði Hjörtur Þórarinsson Baldvin Jóhannssyni fyrir störf hans í þágu mjólkurflutninganna er hann hefði unnið nú eins og að undanfögnu endurgjaldslaust. Helgi Símonarson annar endurskoðandi skýrði störf endurskoðendanna og taldi hann vel og gætilega á fjármunum haldið. Var allmikið rætt um reikningana og framkvæmd flutninganna yfirleytt. Voru reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða.
3. Erindi mjólkursamlagsstjóra. Jónas Kristjánsson mjólkursamlagsstjóri var mættur á fundinum og gaf yfirlit yfir móttekið magn hjá samlaginu á s. l. ári. Alls hafði samlagið tekið á móti 14,3 milj. lítra með 3,62 meðalfitu og útborgun að meðaltali 254 aurar. Í Svarfdæladeild hefði meðalfita hjá samlaginu verið 3,558 og meðal útborgunarverð 248 aurar, eða 6 aurum neðan við meðallag. Þá gat samlagsstjóri þess að aukist hefði 3. og 4. flokks mjólk miðað við árið áður, og taldi hann að þarna þyrfti skjótra úrbóta við. Að loknu erindi samlagsstjóra var gefið kaffihlé. Að lokinni góðri kaffidrykkju var fundur settur á ný og haldið áfram með sama dagskrárlið.

Jónmundur Zophonías tók fyrstur til máls og skýrði frá störfum nefndar þeirrar er kosin var á síðasta ársfundi til athugunar á byggingu mjólkurstöðvar á Dalvík. Hafði nefndin haft samband við hliðstæða nefnd á Dalvík og mjólkurflutninganefnd Árskógshrepps. Höfðu aðilar þessir snúið sér til stjórnar K. E. A. og setið með henni fund og þá einnig skrifað Framleiðsluráði landbúnaðarins og leitað þess álits. Las Jónmundur svar Framleiðsluráðs sem taldi sig ekki mælt með byggingu mjólkurstöðvar á Dalvík sökum brýnni þarfar annarstaðar. Þá hafði stjórn K. E. A. tekið neikvæða afstöðu í málinu með tilvísun til svars Framleiðsluráðs.

Var ýmsum fyrirspurnum beint til samlagsstjóra, er hann svaraði skýrt og skilmerkilega. Var nú aftur vikið að byggingu mjólkurstöðvar á Dalvík. Jónmundur Zophoníasson sagðist hafa búist við að heyra um hvort nefndin ætti að hugsa á meiri aðgerðir. Þó væri nú í ráðagerð hjá nefndinni að fá Svein Tryggvason framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs hingað norður til skrafs og ráðagerða. Þá tók til máls Aðalsteinn Óskarsson frá Dalvík og sagðist vera hingað kominn mikið til þess að heyra hver áhugi væri hjá bændum fyrir byggingu mjólkurstöðvar á Dalvík og mælti hann mikið með því að slík stöð yrði byggð. Hjalti Haraldsson skýrði frá að því miður væri sá maður fjarverandi er mestar og gleggstar heimildir hefði í þessu máli, Valdimar Óskars. sveitarstjóra á Dalvík. Þá tók til máls Jónas Kristjánsson samlagsstjóri og sagðist ætíð hafa verið á móti mjólkurstöð á Dalvík, og ætti að taka á málinu með gætni og góðri athugun og ekki flýta sér um of. Eftir allmiklar umræður var málið tekið af dagskrá án nokkrar ályktunar.

4. Mál fundarmanna: Hjörtur Þórarinsson hóf máls á því að mjólkurnefnd hefði borist erindi frá aðalfundi Nautgriparæktarfélags Svarfdæla þess efnis að mjólkurframleiðendur styrktu Búfjárræktarstöðina að Lundi og lagði fram eftirfarandi tillögu:
- „Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A. haldinn að Grund 11. ap. 1961 lýsir sig hlyntan því, að mjólkurframleiðendur á félagssvæði S. N. E. greiði Búfjárræktarstöðinni að Lundi ákveðið gjald af innlagðri mjólk sinni til Mjólkursamlags K. E. A. eða að Mjólkursamlagið greiði ákveðna upphæð til Búfjárræktarstöðvarinnar svo féleysi hindri ekki eðlilega starfsemi stöðvarinnar. Fyrir því felur fundurinn stjórn deildarinnar að hreyfa þessu máli á ársfundi Mjólkursamlagsins og flytja um það tillögu, ef hún telur ástæðu til.“

Eftir nokkrar umræður var tillagan borin upp og samþykkt.

5. Kosningar: a) Kosinn einn maður í mjólkurnefnd í stað Jóns Gíslasonar. Kosningu hlaut Kristinn Rögnvaldsson með 10 atkv.
- b) Kosinn varamaður í stað Magnúsar Jónss. Var Magnús endurkjörinn með 11 atkv.
- c) Kosnir 36 menn á ársfund Mjólkursamlags K. E. A. Kosningu hlutu:

1	Hjörtur Þórarinsson	Tjörn	34	atkv.
2	Helgi Símonarson	Þverá	34	-
3	Gunnar Rögnvaldsson	Dæli	33	-
4	Ólafur Tryggvason	Ytra-Hvarfi	33	-
5	Gísli Þorleifsson	Hofsá	32	-
6	Jón Gíslason	Hofi	32	-
7	Hjalti Haraldsson	Ytra-Garðshorni	32	-

8	Einar Hallgrímsson Urðum	31	-
9	Halldór Jónsson Jarðbrú	31	-
10	Arngrímur Jóhannesson Sandá	30	-
11	Sveinn Vigfússon Þverá	30	-
12	Björn Jónsson Ölduhrygg	30	-
13	Sigurður Ólafsson Syðra-Holti	29	-
14	Sigvaldi Gunnlaugsson Hofsárkoti	29	-
15	Kristinn Rögnvaldsson Hnjúki	29	-
16	Júlíus Daníelsson Syðra-Garðshorni	28	-
17	Árni Jónsson Hæringsstöðum	28	-
18	Friðbjörn Zophoníasson Hóli	28	-
19	Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði	27	-
20	Jónas Þorleifsson Koti	26	-
21	Klemenz Vilhjálmsson Brekku	25	-
22	Þorgils Gunnlaugsson Sökku	25	-
23	Júlíus Friðriksson Gröf	24	-
24	Björn Júlíusson Laugahlíð	24	-
25	Sveinbjörn Guðjónsson Hreiðarstöðum	23	-
26	Ingimar Guttormsson Skeggsstöðum	23	-
27	Jónmundur Zophoníasson Hrappsstöðum	23	-
28	Þórarinn Jónsson Bakka	23	-
29	Magnús Jónsson Hrappsstaðakoti	22	-
30	Friðrik Sigurðsson Hánefstöðum	22	-
31	Einar Sigurhjartarson Skeiði	22	-
32	Zophonías Jónsson Hóli	21	-
33	Friðbjörn Jóhannsson Hlíð	21	-
34	Steingrímur Eiðsson Ingvörum	20	-
35	Kristján Jónsson Helgafelli	20	-
36	Friðgeir Jóhannsson Tungufelli	19	-

Varamenn.

1	Hreinn Jónsson Klaufabrekku	18	-
2	Halldór Hallgrímsson Melum	17	-
3	Þorsteinn Kristjánsson Uppsölum	17	-
4	Þórarinn Valdimarsson Göngustöðum	16	-
5	Þórhallur Pétursson Hreiðarstaðakoti	15	-
6	Gunnlaugur Gíslason Sökku	15	-
7	Jón Guðmundsson Hamri	14	-
8	Karl Karlsson Klaufabrekknakoti	14	-
9	Reimar Sigurpálsson Steindyrum	13	-
10	Sigurvin Sigurhjartarson Skeiði	12	-
11	Ingvi Baldvinsson Bakka	12	-
12	Ari Jóhannsson Búrfelli	11	-
13	Hermann Aðalsteinsson Klængshóli	11	-

Fundargerð

Ár 1961, miðv.d. 28. júní kom mjólkurfl.nefnd saman á fund á Hóli. Nýkjörinn nefndarmaður Kristinn Rögnvaldsson tók við starfi sem ritari nefndarinnar. Fundarefni: Formaður las svohljóðandi bréf, undirritað af öllum mjólkurbílstjórunum: Dalvík 14. júní 1961.

Til mjólkurfl.nefndar Svarfaðardals.

Þar sem starfsfólk K. E. A. og mikill hluti verkafólks hefur samið um 10% kauphækkun, viljum við undirritaðir fara fram á, að okkar kaup hækki sem þessu nemur og komi þetta til framkvæmda jafnt og á sama hátt og hjá starfsfólki K. E. A.

Sveinn Jónsson

Friðþjófur Þórarinsson

Jón Jónsson

Nefndin ræddi erindi bréfsins og varð ekki fyllilega sammála. Taldi Zóphónías Jónsson, að bílstjórnarnir hefðu fengið það ríflega kauphækkun á síðastliðnu ári að, krafa þeirra nú um sömu kauphækkun og verkafólksfélagin hafa samið um væri ósanngjörn. Hinir nefndarmenn töldu að mjólkurflutningafélagið gæti ekki skorast undan því eitt allra atvinnuveitanda hér um slóðir að hækka kaupið eins og bílstjórnarnir færu fram á. Var það því samþykkt og formanni falið að tilkynna það hlutaðeigendum.

Zóphónías Jónsson kom á framfæri tilmælum frá Baldvini Jóhannssyni þess efnis að flutningadeildin taki að sér að greiða framleiðendum mjólk þá, sem kann að hellast niður í flutningum. Nefndin samþykkti að deildin greiði eftirleiðis slíka mjólk, þegar bílstjórnarnir tilkynna um skaðann og skýri reikningshaldara frá tildrögum.

Fleira ekki tekið fyrir.

Kristinn Rögnvaldsson

Hjörtur E. Þórarinsson

Zophonías Jónsson

Fundargerð

Stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlagsins kom saman á fund á Dalvík sunnudaginn 21. jan. 1962. Öll stjórnin var mætt ásamt með framkvæmdastjóra mjólkurflutninganna Baldvini Jóhannssyni.

Rætt var um endurskoðun vöruflutningataxta með mjólkurbílunum, en þeir hafa staðið óbreyttir frá 1958-9. Samþykkt var að hækka fragtgjöld á þungavöru, sem flutt er milli Dalvíkur og Akureyrar fyrir aðra aðila, en Ú. K. E. D. upp í taxta Bílstjórafélags Dalvíkur, en það er eins og sakir standa kr. 185 á tonn.

Undir það falla meðal annars flutningar á mjólk og mjólkurvörum frá Mjólkursamlaginu á Akureyri til Dalvíkur.

Hinsvegar var samþykkt að hækka taxta á þungavöruflutningum fyrir Ú. K. E. D. í kr. 150 á tonn. Jafnframt voru flutningsgjöld fyrir stykkjavöru alla hækkað verulega til samræmis við aðra hækkun. Var formanni falið að tilkynna mjólkursamlagsstjóra þessa breytingu.

Þá var og ákveðið að hækka gjöld fyrir innansveitarflutning um 50% þ.e. fyrir kornvöruhekkni í kr. 3.00 en fyrir smærri sendingar í kr. 1,50 kr.

Ennfremur var ákveðið að hækka fargjöld til Ak. í kr. 30,00

Lesið var bréf frá Jónasi Kristjánssyni, en hann hafði tekið að sér að semja við eiganda póstbátsins um flutning mjólkur frá Dl. til Ak. ef landleiðin lokast. Hafði svo samist, að báturinn tæki kr. 3000 – bæði fyrir að taka mjólkina og skila aftur tómu brúsum í næstu ferð.

Þá var rætt um útvegum deildarinnar á 30 ltr. mjólkurbrúsum fyrir félagsmenn og samþykkt að kaupa 120 brúsa til viðbótar þeim sem komu fyrir jól

Rætt var um mjólkurflutninga með ýtum innansveitar og um möguleika á að semja við Ræktunarsambandið um betri kjör við þessháttar flutninga, en engin samþykkt gerð.

Fleira ekki tekið fyrir.

Kristinn Rögnvaldsson H.E. Þórarinsson
Zophonías Jónsson

Fundargjörð.

Árið 1962 þriðjud. 27. mars kom mjólkurflutninganefnd Svarfdæla saman að Dalvík.

Allir nefndarmenn voru mættir ásamt framkvæmdarstjóra Baldvini Jóhannssyni.

Gerðir fundarins voru:

1. Baldvin Jóhannsson gaf yfirlit yfir rekstur mjólkurbíllanna og má telja reksturinn framar vonum.
2. Þá kom mjólkurflutninganefndin sér saman um að hækka flutningsgjald á mjólk úr kr. 0,32 á l. í kr. 0,35 á l., þar sem flutningsgjaldið hefir verið óbreytt síðast liðin þrjú ár, þrátt fyrir stórhækkað kaupgjald og reksturskostnað.
3. Mjólkurflutninganefnd samdi við Baldvin Jóhannsson að annast reikningshald fram að næstu áramótum.
4. Samþykkt var að hafa aðalfund deildarinnar 2. apríl.
Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargjörð.

Mánudaginn 2. apríl 1962 var ársfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A. haldinn að þinghúsinu að Grund. Formaður deildarinnar Hjörtur Þórarinsson setti fundinn og stýrði honum.

Nefndi hann fundarritara Júlíus Friðriksson.

Dagskrá fundarins var:

1. Reikningar deildarinnar lesnir af Baldvin Jóhannssyni. Gerði hann glögga grein fyrir tekjum og gjöldum deildarinnar og taldi afkomu hennar eftir vonum góða.
2. mál á dagskránni var skýrsla formanns flutt af Hirti Þórarinssyni. Að henni fluttri gaf fundarstjóri orðið laust um reikningana og skýrsluna. Annar endurskoðandi Gestur Vilhjálmsson kvaddi sér hljóðs, skýrði hann nokkuð ýmsa liði reikninganna og lagði til að þeir yrðu samþykktir óbreyttir. Umræður um reikningana urðu nokkrar og voru þeir samþykktir samhljóða.
3. Kosningar:
 - a. Kosinn 1 maður í mjólkurflutninganefnd í stað Zóphóníasar Jónssonar, sem baðst undan endurkosningu. Kosinn var Þórarinn Valdimarsson með 9 atk.
 - b. Kosnir 38 fulltrúar á aðalfund Mjólkursamlags K. E. A.

Kosningu hlutu:

- | | |
|--------------------------------|---------|
| 1. Gísli Þorleifsson Hofsá | 32 atk. |
| 2. Arngrímur Jóhannesson Sandá | 32 - |
| 3. Helgi Símonarson Þverá | 32 - |
| 4. Ólafur Tryggvason Y- Hvarfi | 32 - |
| 5. Einar Hallgrímsson Urðum | 32 - |
| 6. Jón Gíslason Hofi | 31 - |

7. Hjalti Haraldsson Y.- Garðshorni	30	-
8. Hjörtur Þórarinnsson Tjörn	30	-
9. Halldór Jónsson Jarðbrú	30	-
10. Gunnar Rögnvaldsson Dæli	30	-
11. Árni Jónsson Hæringsst.	29	-
12. Júlíus Daníelsson S.- Garðshorni	29	-
13. Sigvaldi Gunnlaugsson Hofsárkoti	29	-
14. Sveinn Vigfússon Þverá	29	-
15. Björn Jónsson Ölduhrygg	28	-
16. Sigurður Ólafsson S.- Holti	28	-
17. Friðbjörn Zóphóníass. Hóli	27	-
18. Kristinn Rögnvaldsson Hnjúki	26	-
19. Jónas Þorleifsson Koti	26	-
20. Þorgils Gunnlaugsson Sökku	25	-
21. Þórarinn Jónsson Bakka	25	-
22. Björn Júlíusson Laugahlíð	25	-
23. Magnús Jónsson Hrapptaðakoti	24	-
24. Júlíus Friðriksson Gröf	24	-
25. Friðrik Sigurðsson Hánefsstöðum	24	-
26. Sveinbjörn Guðjónsson Hreiðarst.	24	-
27. Klemenz Vilhjálmsson Brekku	24	-
28. Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði	23	-
29. Hreinn Jónsson Klaufabrekku	23	-
30. Ingimar Guttormsson Skeggsstöðum	22	-
31. Zóphónías Jónsson Hóli	22	-
32. Jónmundur Zóphóníass. Hrappstöðum	22	-
33. Kristján Jónsson Helgafelli	21	-
34. Steingrímur Eiðsson Ingvörum	21	-
35. Friðbjörn Jóhannsson Hlíð	21	-
36. Einar Sigurhjártarson Skeiði	19	-
37. Halldór Hallgrímsson Melum	19	-
38. Þórarinn Valdimarsson Göngust.	18	-
Varamenn:		
1. Þorsteinn Kristjánss. Uppsölum	18	-
2. Sigurjón Sigurðsson S.-Hvarfi	16	-
3. Þórhallur Pétursson Grund	16	-
4. Jón Guðmundsson Hamri	15	-
5. Reimar Sigurpálss. Steindyrum	15	-
6. Ingvi Baldvinsson Bakka	14	-
7. Gunnlaugur Gíslason Sökku	13	-
8. Friðgeir Jóhannsson Tungufelli	13	-
9. Karl Karlsson Klaufabrekknakoti	12	-
10. Ari Jóhannsson Búrfelli	12	-
11. Agnar Þorsteinsson Völlum	11	-

4. Önnur mál.

Hjörtur Þórarinsson las fundarályktun svohljóðandi:

Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. flytur mjólkurbílstjórum sínum alúðar þakkir fyrir frábært starf á liðnum árum, og væntir þess að njóta starfs þeirra enn um langt skeið. Tóku fundarmenn undir með lófataki.

Þá tók til máls Jónas Kristjánsson samlagsstjóri. Gaf hann nokkrar upplýsingar um ýmislegt í rekstri samlagsins, en þó einkum ýmislegt er varðar Svarfdæladeild. Gat hann þess að innvegin mjólk úr deildinni hefði verið sl. ár 1.859.584 lítar og aukning miðað við fyrra ár 3%. Meðalfitumagn á árinu 3,672 %. Mjólkur magn á framleiðanda að jafnaði 22.700 l. og heildarútborgun í deildinni 5.434,025 kr.

Þá talaði Jónas nokkuð um mjaltavélar og gat þess að nauðsynlegt væri, að þær væru ætíð rétt stilltar, sagði hann að fengið hefði verið tæki til að stilla þær rétt og væri hugmyndin að fara með það út á meðal bænda og stilla vélar þeirra, ef þeir óskuðu þess. Þá drap hann nokkuð á byggingu nýrrar mjólkurstöðvar.

Jónmundur Zóphóníasson hvaddi sér hljóðs og talaði nokkuð um erfiðleika á að flytja mjólkina til vinnslu á Akureyri. Taldi hann að stefna bæri að byggingu mjólkursamlags á Dalvík og hraða undirbúningi þess máls.

Jakob Frímansson framkvæmdastjóri K. E. A. hvaddi sér hljóðs og talaði nokkuð um mjólkurstöðvarbygginguna. Taldi hann að ekki væri tímabært að taka ákvörðun um byggingu samlags á Dalvík, þar sem ekki lægi fyrir nægar rannsóknir á því máli hvað kosnað og annað snerti. Nokkrar umræður urðu um þetta mál og kom margt athyglisvert fram. Jónmundur Zóphóníasson gerði það að munnlegri tillögu að fundurinn samþykkti að fela stjórn mjólkurflutninganna að bera fram á ársfundi Mjólkursamlags K. E. A. ósk um að eftirlitsmaður með mjaltavélum verði sendur um héraðið til leiðbeiningar. Var hún samþykkt samhljóða.

Gestur Vilhjálmsson mæltist til að fundurinn þakkaði mjólkurflutninganefnd, einkum formanni, góð störf á árinu og tók fundurinn undir með lófataki.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargjörð.

Laugardaginn 2. júní 1962 kom mjólkurflutninganefnd saman á fund að Göngustöðum.

Einnig var mættur yfirbilstjóri flutninganna Sveinn Jónsson.

Þetta gerðist: Skýrt var frá, að þess hefði verið farið á leit við samlagsstjóra að breyta flutningunum þannig að bílar okkar kæmu síðastir eftirleiðis í stað þess að vera fyrstir svo sem verið hefir. Hafði samlagsstjóri talið mikil tormerki á að slíkt gæti orðið. Þess í stað býður hann fram að samlagið láti einangra bílskúr félagsins á Dalvík og síðar, þegar sumarbílar okkar hafa verið yfirbyggðir, að koma upp kælingu í skúrnum.

Samþykkt var að ganga að þessu tilboði enda telur stjórnin að verulegur ávinningur verði af þessari framkvæmd bæði vetur og sumar. Einnig er það álit bílstjóra, að með þessu yrði vinnutími þeirra stórum hagkvæmari.

Var formanni falið að tilkynna samlagsstjóra þessa niðurstöðu. Þá var og ákveðið að seinka kvöldferðum frá og með mánudegi nk., a. m. k. þar til búið er að einangra skúrinn.

Fleira ekki tekið fyrir.

H.E. Þórarinsson
Þórarinn Valdimarsson
Kristinn Rögnvaldsson.

Fundargjörð.

Fimmtudaginn þ. 6. sept. 1962 kom mjólkurflutninganefnd Svarfdæla saman á fund á Dalvík. Mættir voru enn fremur þeir Baldvin Jóhannsson framkv.st. og mjólkurbílstjórnir. – Tilfni fundarins var bréf er formanni hafði borizt frá mjólkurbílstjórunum þar sem þeir höfðu sagt upp starfi sínu þ. 6. júlí. Mjólkurnefndin fór þess á leit við bílstjórana, að þeir störfuðu áfram með sömu kjörum. Mjólkurbílstjórnir fóru þess á leit að fá greidda yfirvinnu er kynni að verða í vetrarflutningum. Taldi mjólkurnefnd sig ekki geta gengið að því, en bauð mjólkurbílstjórunum 10% kauphækkun yfir vetrarmánuðina.

Gengu bílstjórnir að því tilboði. Þá var og samþykkt að greiða fyrir ferðir sem farnar eru á stórhátíðum, svo sem verið hefir.

Fleira ekki fyrir tekið.

Hjörtur E. Þórarinsson
Þórarinn Valdimarsson Sveinn Jónsson
Jón Jónsson Friðþjófur Þórarinsson

Kristinn Rögnvaldsson

Fundargjörð.

Sunnudaginn þann 16. des. 1962 kom mjólkurflutninganefnd Svarfdæla saman að Tjörn.

Gerðir fundarins voru:

Rætt var um það, hvort hyggilegt væri að byggja yfir báðar sumar bifreiðir félagsins, en mjög hefir verið eftir því leitað af Jónasi Kristjánssyni samlagsst. að mjólkurfl. bifreiðir væru yfirbyggðar.

Taldi nefndin það ekki hyggilegt, þar sem báðir bílarnir eru það gamlir orðnir, en samþykkti að byggja yfir annan bílinn, en athuga um sölumöguleika á hinum.

Þá kom mjólkurnefndin sér saman um að leitað yrði eftir kaupum á nýjum Volvo dieselbíl

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Hjörtur E. Þórarinsson
Kristinn Rögnvaldsson
Þórarinn Valdimarsson.

1963

Fundargerð

Sunnudaginn þann 21. apríl árið 1963 kom mjólkurnefndin saman á fund að Dalvík ásamt útibústjóra Baldvin Jóhannssyni.

Gerðir fundarins voru

1. Útibústjóri lagði fram reikningsyfirlit um rekstur mjólkurflutningana á síðast liðnu ári, og skýrði einstaka liði þeirra. Þá gat hann þess, að af einhverri vangá hefði verið innheimt kr. 0,32 pr. lítra í stað 0,35 er mjólkurnefnd hafði verið búin að samþykkja. Var nefndin sammála um að halda sig við sína fyrri samþykkt og lagði til við útibústjóra að afgangurinn væri innheimtur á þessu ári.
2. Þá var nokkuð rætt um kaupin á nýja Volvo bílnum og um lánsmöguleika í sambandi við kaupin og yfirbyggingu hans.

3. Flutningsgjald mjólkur til Samlagsins á þessu ári var áætlað kr. 0,35 á lítra
4. Þá fór nefndin þess á leit við útibústjóra að hann sæi um reikningshald fyrir flutningana, svo sem verið hefur. Vildi hann ekki lofa neinu um það, fyrr en að loknum aðalfundi deildarinnar.
5. Aðalfundur Svarfdæladeildar mjólkursamlags K.E.A. var ákveðinn þriðjud. 23. apríl
Fleira ekki fyrirtekið.

Hjörtur E. Þórarinsson Kristinn Rögnvaldsson.
Þórarinn Valdimarsson

Fundargerð

Árið 1963 þriðjudaginn 23 apríl var aðal fundur Svarfdæladeildar mjólkursamlags K. E. A. settur og haldinn í þinghúsinu að Grund. Formaður deildarinnar Hjörtur Þórarinsson setti fundinn og stýrði honum

Var þá gengið til dagskrár

1. Lesnir reikningar yfir rekstur mjólkurbíla á árið 1962. Reikningshaldari Baldvin Jóhannsson las upp reikningana og skýrði þá. Reksturinn á árinu gekk yfirleitt mjög vel. Árferði var gott og snjólaög ekki mikil, en það hlýtur alltaf að hafa mikil áhrif á flutningana.
Ýmsir liðir í reikningunum hafa hækkað frá árinu áður. Bílstjóraun um ca 34 þúsund Hjólbarðar um rúm 90 þúsund, en þá ætti heldur ekki að þurfa að kaupa hjólbarða á þessu ári Ytu vinna var aftur á móti um 20 þúsund lægri.
Fyrir mjólkurflutninga hækkaði Ca 35 þúsund og vöru og fólksflutningar um Ca 13 þús. kr.
2. Skýrsla deildarstjóra: Hjörtur Þórarinsson formaður deildarinnar sagði frá störfum mjólkurnefndar og gengi þeirra mála í stórum dráttum. Breytt var um tímann sem mjólkinn var sótt í sveitina. Áður fóru bílarnir frá Dalvík kl. 7½ að kvöldi, en í sumar kl. 4 og síðar kl. 5. Mjólkursamlag K.E.A. lét svo endur bæta bílskúr deildarinnar á Dalvík að einangrun og öðrum útbúnaði og nú stendur til á næstunni að samlagið setji í hann kælitæki sem tryggi geymslu mjólkurinnar nokkurn hluta sólarhringsins.
Þá ræddi hann um framtíðina: Nýr bíll er keyptur á kr. 400.000 þús. og yfirbygging á hann mun kosta um kr. 100.000 þús. [svo. SBG] Þá hefir líka verið sett einfalt hús á bílinn A-978, nýr pallur og yfirbygging á hann. Ætti það að verja mjólkina betur fyrir ryki og sólskini en ella. – Að þessum framsöguræðum loknum sagði endurskoðandinn, Gestur Vilhjálmsson, nokkur orð um reikningana.
3. Þá var orðið gefið frjálst til fyrirspurna og athugasemda. Mikið var rætt um tímann sem mjólkinn var sótt á í sveitina sl. sumar og fordæmdu menn yfirleytt þann tíma. Enn fremur var rætt um kaup á nýja bílnum, hjólbörðum ofl.

Þegar hér var komið var gefið kaffihlé og jafnhliða var útbýtt miðum til að kjósa fulltrúa á Samlagsfund. Kjósa skyldi 40 menn.

Að kaffihléi loknu var aftur gengið til fundar. Tók þá til máls Sveinn Jónsson mjólkurbílstjóri. Taldi hann að rekstur mjólkurbíla hefði gengið mjög vel, og bændur hér byggju við lægra flutningsgjald, miðað við vegalengd, en flestir aðrir og taldi hann að bílstjórnarnir gætu naumast samþykkt annan brottfarartíma frá Dalvík á daginn en tímann 2-5 að deginum. Þá talaði hann um að ekki væri send mjólk í hálfum brúsum. Ræddi einnig um að menn pöntuðu ekki fóðurbæti á mánudögum eins og um hefði verið rætt, þegar ætti að flytja hann á þriðjudögum til bænda.

Að þessum umræðum loknum var ársreikningurinn borinn upp til atkvæða og samþykktur í einu hljóði.

4. Kosningar: a) Fulltrúakjör var áður búið og hafði þá verið ákveðið að talning færi fram næsta dag.

b) Kosinn einn maður í stjórn mjólkurdeildarinnar í stað Hjartar Þórarinssonar.

Kosinn var Hjörtur með 34 atkv.

c) Kosnir 2 endurskoðendur til þriggja ára í stað Helga á Þverá og Gests í Bakkagerði. Voru þeir endurkjörnir, Helgi með 32 atkv. og Gestur með 30 atkv.

5. Önnur mál: Þá kvaddi sér hljóðs Klemenz Vilhjálmsson og ræddi um fulltrúakosninguna og lagði til að mjólkurflutninganefndin legði fram á næsta aðalfundi lista yfir þá sem mæta skyldi á Mjólkursamlagsfundi. Um þetta mál urðu litlar umræður en deildarstjóri lýsti yfir að nefndin mundi fjalla um þetta mál fyrir næsta fund.

Þá ræddi Jónmundur á Hrappsstöðum um, að til væri nefnd sem ætlað hefði verið að leggja fram tillögur um verðjöfnun á flutningskostnaði eða byggingu samlags á Dalvík. – Hjörtur Þórarinsson, sem er einn í nefnd þessari, sagði frá því, að enn hefði þessi nefnd ekki verið kölluð saman, en hann hefði heyrt að ef til vill yrði það gert nú fyrir Samlagsfund.

Hefði hann hugsað sér að leggja þar fram tillögu um nýtt fyrirkomulag með verðjöfnun flutninganna. En byggingu mjólkurstöðvar á Dalvík væri hann heldur andhverfur. Fleira ekki fyrir tekið. Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Gestur Vilhjálmsson

Fulltrúar á aðalfund Mjólkursamlags K. E. A.

1 Helgi Símonarson Þverá	35 atkv.
2 Gunnar Rögnvaldsson Dæli	35 -
3 Hjörtur Þórarinsson Tjörn	34 -
4 Ólafur Tryggvason Ytra - H.	34 -
5 Gísli Þorleifsson Hofsa	33 -
6 Jón Gíslason Hofi	33 -
7 Björn Jónsson Ölduhrygg	32 -
8 Sigurður Ólafsson Syðra - Holti	32 -
9 Sveinn Vigfússon Þverá	32 -
10 Þorgils Gunnlaugsson Sökku	31 -

11 Kristinn Rögnvaldsson Hnjúki	31 -
12 Einar Hallgrímsson Urðum	31 -
13 Halldór Jónsson Jarðbrú	31 -
14 Klemenz Vilhjálmsson Brekku	30 -
15 Sigurður Kristjánsson Brautarhóli	30 -
16 Friðbjörn Zophoníasson Hóli	30 -
17 Sigurjón Sigurðsson Syðra-Hvarfi	30 -
18 Jónas Þorleifsson Koti	29 -
19 Sveinbjörn Guðjónsson Hreiðarst.	29 -
20 Sigvaldi Gunnlaugsson Hofsárkoti	29 -
21 Þórarinn Jónsson Bakka	29 -
22 Júlíus Daníelsson Syðra - Garðshorni	28 -
23 Hjalti Haraldsson Ytra - - „ -	28 -
24 Steingrímur Eiðsson Ingvörum	28 -
25 Kristján Jónsson Helgafelli	28 -
26 Björn Júlíusson Laugahlíð	27 -
27 Þórarinn Valdimarsson Göngustöðum	27 -
28 Jónmundur Zophoníasson Hrappsst.	27 -
29 Friðbjörn Jóhannsson Hlíð	27 -
30 Árni Jónsson Hæringsstöðum	27 -
31 Magnús Jónsson Hrappsstaðakoti	26 -
32 Friðrik Sigurðsson Hánefstöðum	26 -
33 Júlíus Friðriksson Gröf	26 -
34 Arngrímur Jóhannesson Sandá	26 -
35 Ingimar Guttormsson Skeggsstöðum	25 -
36 Hreinn Jónsson Klaufabrekku	25 -
37 Einar Sigurhjartarson Skeiði	24 -
38 Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði	21 -
39 Þórhallur Pétursson Grund	21 -
40 Friðgeir Jóhannsson Tungufelli	21 -

Varamenn:

1 Karl Karlsson Klaufabrekknakoti	20 -
2 Hermann Aðalsteinss. Klængshóli	20 -
3 Zophonías Jónsson Hóli	18 -
4 Þorsteinn Kristjánsson Uppsölum	18 -
5 Halldór Hallgrímsson Melum	18 -
6 Ester Jósavinsdóttir Másstöðum	14 -
7 Sveinbjörn Níelsson Skaldalæk	14 -
8 Sigtryggur Jóhannesson. Göngustaðakoki	13 -
9 Agnar Þorsteinsson Völlum	11 -
10 Gunnlaugur Sigurbjörnsson Atlastöðum	10 -
11 Karl Þorleifsson Hóli	9 -
12 Gunnlaugur Gíslason Sökku	9 -

13 Reimar Sigurpálsson Steindyrum	9 -
14 Ingvi Baldvinsson Bakka	9 -
15 Sigurvin Sigurhjartarson Skeiði	9 -
16 Hafsteinn Pálsson Miðkoti	8 -
17 Ari Jóhannsson Búrfelli	8 -
18 Sigurður Eiðsson Hreiðarstaðakoti	7 -

Fundargerð.

Mánudaginn þann 30. des. 1963 kom mjólkurnefndin saman að Tjörn. Mættir voru allir mjólkurnefndarmenn ásamt útibústjóra Baldvini Jóhannssyni og Jóhanni Sigurbjörnssyni á Atlastöðum.

Gerðir fundarins voru:

1. Formaður mjólkurnefndar Hjörtur Þórarinsson setti fundinn. Skýrði hann frá því að einn af mjólkurbílstjórunum, Sveinn Jónsson, væri hættur störfum og lagi fyrir að ráða mann í hans stað. Ráðinn var Jóhann Sigurbjörnsson á Atlastöðum.
2. Þá lagði formaður fram bréf frá Shell sölunni á Dalvík, þar sem hún býður mjólkurflutningunum kr. 0.10 af hverjum bensín- og olíulíttra. Var nefndin sammála um að hafna því tilboði. Hinsvegar var hún sammála um, að leita eftir því við Esso, að fá tank þar sem mjólkurbílstjórar gætu sjálfir afgreitt sig.
3. Þegar hér var komið fundi voru mættir þeir mjólkurbílstjórnarnir Friðþjófur Þórarinsson og Jón Jónsson. Tekin voru til meðferðar kjaramál mjólkurbílstjórnanna.

Samþykkt var af mjólkurnefnd og mjólkurbílstjórum, að kaupgjald þeirra hækki um 15% frá 20. des., og kaup fyrir helgidagavinnu hækki úr kr. 300,00 í kr. 400,00 á dag.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Hjörtur E. Þórarinsson
 Kristinn Rögnvaldsson.
 Þórarinn Valdimarsson

1964

Fundargerð.

Mánudaginn þ. 13. ap. 1964 kom mjólkurnefnd Svarfdæla saman á fund á Dalvík. Mættir voru allir nefndarmenn ásamt Baldvin Jóhannss. útibústjóra. Gerðir fundarins voru:

Baldvin Jóhannsson skýrði reikninga mjólkurflutninganna á árinu, og kynnti nefndin sér rekstrarafkomuna og viðhorf.

Síðar sama dag var framhaldsfundur á Tjörn. Voru þá mættir mjólkurbílstjórarnir Friðþjófur Þórarinsson og Jón Jónsson. Kom nefndin sér saman um fjárhagsáætlun fyrir árið 1964, jafnframt því sem mjólkurbílstjórarnir lýstu ástandi bílanna og líklegri dekkþörf.

Samþykkt var að leggja til við aðalfund deildarinnar að flutningsgjald á mjólk hækki í kr. 0,45 pr. lítra, með það fyrir augum að geta greitt niður skuldir félagsins um ca 200 þús. kr. Þá ákvað nefndin að boða til aðalfundar föstudaginn þann 17. ap.

Fleira ekki fyrirtekið.

Kristinn Rögnvaldsson.
Hjörtur E. Þórarinsson
Þórarinn Valdimarsson.

Fundargerð.

Föstudaginn 17 apríl 1964 var aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. haldinn að Grund. Formaður deildarinnar Hjörtur Þórarinsson setti fundinn og stýrði honum. Hann nefndi til fundarritara Sigvalda Gunnlaugsson

Fyrir var tekið.

1. Lesnir upp reikningar deildarinnar fyrir árið 1963 af Baldvin Jóhannssyni, gerði hann jafnframt samanburð á árinu áður. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi reindust vera rúmar 1.572. þúsund kr. Skuldir deildarinnar reindust vera tæp 670 þúsund kr. og höfðu þær hækkað all verulega á árinu. Að loknum lestri reikninganna lét Baldvin þess getið að hann yrði nú ekki lengur framkvæmdastjóri mjólkurflutninganna og þakkaði hann samstarfið á liðnum árum og óskaði hann mjólkurfluttningunum als góðs á komandi árum. Hjörtur Þórarinsson þakkaði Baldvin Jóhannssyni vel unnin störf á liðnum árum og tóku fundarmenn undir það með lófaklappi.
2. Skýrsla mjólkurfluttninganefndar. Formaður nefndarinnar Hjörtur Þórarinsson gaf yfirlit yfir störf nefndarinnar á liðnu ári. Gat hann þess að tíðarfar hefði verið fluttningunum mjög

hagstætt á árinu, taldi hann að rexturinn hefði gengið sæmilega vel þegar tekið væri tillit til þeirra hækkana sem orðið hafa á hinum ýmsu rekstrarvörum á árinu.

Á árinu var keiptur bíll sem kom í notkun snemma á árinu, var hann yfirbyggður hér á Dalvík, og varð kaupverð hans 529 þúsund. Innlagt mjólkurmagn á árinu frá deildinni varð 2.211.101 líter sem er allmikil aukning frá árinu áður eða 12 % með 3,803 % meðalfitu. Útborgunarverð varð 3,96 kr. á lítra.

Þá gat Hjörtur þess, að með því gjaldi sem nú væri greitt af mjólkurlíttra til flutninganna væri sýnilegt að ekki yrði hægt að greiða niður skuldir sem á mjólkurflutningunum hvíla. Hefði mjólkurflutninganefndin því komið sér saman um að bera fram svohljóðandi tillögu.

„ Fundurinn samþykkir að flutningsgjald með mjólkurbílunum skuli vera kr. 0,45 á lítra árið 1964.“

Þá gaf fundarstjóri öðrum endurskoðanda reikninganna Gesti Vilhjálmsyni orðið. Skýrði hann nokkur atriði reikninganna og gat þess að slæmt væri að ekki væri til efnahagsreikningur sem fylgdi reikningum deildarinnar ár kvert. Þá var orðið gefið laust um reikningana. Jónmundur Zóphóníasson hvaddi sér hljóðs og taldi það fullmikla bjartsýni að hægt væri að reka mjólkurflutningana með sama gjaldi á mjólkurlíttra og undanfarið og taldi því 10 aura hækkun of litla hækkun.

Hjalti Haraldsson tók mjög í saman streng og Jónmundur, og taldi að mjög ovarlegt væri að safna svo miklum skuldum sem gert hefði verið á árinu. Til máls tóku ennfremur Heldi [svo. SBG] Símonarson, Jónmundur Zóphóníasson, Klemens Vilhjálmsson, Árni Jónsson, Jón Gíslason og Kristinn Rögnvaldsson.

Í umræðunum komu fram nokkrar fyrirspurnir viðvíkjandi bílskúrnum á Dalvík, hvað viðgerð þeirri liði, sem fyrirhuguð var í sambandi við kælingartæki er koma áttu í skúrinn, og kvernig mundi verða hagað ferðum í sveitina ef kælingartækin kæmust í notkun.

Fyrirspurnum fundarmanna svaraði fundarstjóri og kom fram í svörum hans að vonir stæðu til að framkvæmdir yrðu hafnar á frekari framkvæmdum við bílskúrinn á næstunni.

Að umræðum loknum kom til atkvæðagreiðslu tillaga nefndarinnar um hækkað flutningsgjald, var tillagan samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Þá voru reikningarnir bornir undir athvæði og voru þeir samþykktir í einu hljóði.

Er hér var komið fundarstörfum var gefið kaffi hlé. Að kaffi hléi loknu var tekið fyrir

3. málið á dagskránni sem voru kosningar.

a. Kosnir voru 45 fulltrúar á aðalfund mjólkursamlags K.E.A., talningu atkvæða var frestað og nefndinni falið að framkvæma hana síðar.

b. Kosinn einn maður í mjólkurflutninganefndina í stað Kristins Rögnvaldssonar sem gekk úr nefndinni og tók ekki endurkosningu. Kosningu hlaut Sigurjón Sigurðsson Syðra-Hvarfi með 10 athvæðum.

c. Kosinn var einn vara maður. Kosningu hlaut Magnús Jónsson Hrappstaðakoti.

4 Mál fundarmanna.

Hjörtur Þórarinnsson nælti fyrir tillögu þessari sem nefndin flytur.

„ Fundurinn samþykkir að hætt verði að innheimta flutningsgjald af smásendingum sem bílar félagsins flytja frá Dalvík fram í sveitina, öðrum en stærri sekkjavöru. Er bílstjórum falið að meta í þeim tilfellum hvort gjalds skal krafist eða ekki “

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum athvæðum gegn einu.

Í umræðum um reikninga félagsins kom fram fyrirspurn frá Klemensi Vilhjálmssyni um það hvornig það hefði að borið að Sveinn Jónsson hefði hætt störfum hjá mjólkurfluttningunum í desember síðastl.

Óskaði fundarstjóri eftir því að þetta mál væri rætt undir liðnum, mál fundarmanna.

Tók nú fundarstjóri þetta má fyrir og skýrði all ýtarlega hvornig það hefði að borið að Sveinn hefði farið svo skindilega frá störfum.

Í sambandi við þetta kom fram svohljóðandi tillaga frá Kristni Rögnvaldssyni.

- „ Um leið og fundurinn þakkar Sveini Jónssyni fyrir langt og gott starf í þágu mjólkurfluttninganna heimilar fundurinn stjórn þess að greiða honum fyrir hönd felagsins 10.000 kr. launauppbót “

Nokkrar umræður urðu um þetta mál sem upplýstu þó ekki málið til fulls. Var tillaga Kristins síðan borin undir athvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 2.

Þá kom svohljóðandi tillaga fram frá Klemensi Vilhjálmssyni.

- „ Þar sem ekki liggur ljóst fyrir að Sveinn Jónsson bílstjóri hafi gengið úr starfi hjá mjólkurfluttningum Svarfdæladeildar mjólkursamlags K.E.A., lítur aðalfundur deildarinnar haldinn að Grund föstudaginn 17. apríl 1964 svo á að honum beri kaup frá því hann lét af störfum og til þess tíma er hann samkvæmt uppsögn hefði hætt störfum sem bílstjóri hjá mjólkurfluttningunum, og samþykkir því að mjólkurframleiðendur greiði honum fullt kaup fyrir umrætt tímabil.

Tillagan var borin undir athvæði og feld með 23 athvæðum gegn 4.

Hjalti Haraldsson spurðist fyrir um það hvort sótt hefði verið um útjöfnun á mjólkurfluttningunum.

Óskaði hann eftir því að fá upplýst á hvaða grundvelli það væri gert.

Svaraði Hjörtur því að þetta væri gert á grundvelli samþykktar frá mjólkursamlagsfundi K.E.A. á Akureyrar síðast liðnum, þar sem kosin hefði verið þriggja manna nefnd sem skyldi athuga þessi mál.

Þá gat Zóhónías Jónsson þess að sér dytti í hug að nú væru þrjátíu ár síðan mjólkurfluttningarnir hefðu byrjað, og af því tilefni gerði hann það að tillögu sinni að þess yrði mynnst með hófi þegar tími gæfist til og fól mjólkurfluttninganefndinni framkvæmdir í því máli. Var þetta samþykkt í einu hljóði. Fleira var ekki fyrir tekið. Fundargerðin borin undir athvæði og samþ. Fundi slitið.

1	Gísli Þorleifsson Hofsá	31
2	Gunnar Rögnvaldsson Dæli	30
3	Helgi Símonarson Þverá	30
4	Júlíus Daníelsson Syðra-Garðsh.	30
5	Sigvaldi Gunnlaugsson Hofsarkoti	29
6	Ólafur Tryggvason Ytra-Hvarfi	29
7	Árni Jónsson Hæringsstöðum	29
8	Einar Hallgrímsson Urðum	29
9	Sveinbj. Guðjónsson Hreiðarstöðum	29
10	Þórarinn Jónsson Bakka	29
11	Steingrímur Eiðsson Ingvörum	29

12 Kristján Jónsson Helgafelli	29
13 Magnús Jónsson Hrappsstaðakoti	29
14 Jón Gíslason Hofi	28
15 Sveinn Vigfússon Þverá	28
16 Jónas Þorleifsson Koti	28
17 Hjalti Haraldsson Ytra-Garðshorni	28
18 Halldór Jónsson Jarðbrú	28
19 Hjörtur Þórarinsson Tjörn	28
20 Sigurður Ólafsson Syðra-Holti	28
21 Jónmundur Zóphóniasson Hrappsstöðum	28
22 Þorgils Gunnlaugsson Sökku	27
23 Sigurjón Sigurðsson Syðra-Hvarfi	27
24 Friðbjörn Jóhannsson Hlíð	27
25 Arngrímur Johannesson Sandá	27
26 Þórarinn Valdimarsson Göngustöðum	27
27 Þórhallur Pétursson Grund	27
28 Kristinn Rögnvaldsson Hnjúki	26
29 Björn Júlíus Laugahlíð	26
30 Hreinn Jónsson Klaufabrekkum	25
31 Júlíus Friðriksson Gröf	24
32 Hermann Aðalsteinsson Klængshóli	24
33 Friðgeir Jóhannsson Tungufelli	24
34 Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði	24
35 Friðrik Sigurðsson Hánefsstöðum	23
36 Karl Karlsson Klaufabr.koti	23
37 Björn Jónsson Ölduhrygg	22
38 Ingimar Guttormsson Skeggsstöðum	22
39 Einar Sigurhjartarson Skeið	21
40 Friðbjörn Zóphóniasson Hóli	21
41 Sigtryggur Jóhannesson Göngustaðak.	20
42 Þorsteinn Kristjánsson Uppsölum	19
43 Agnar Þorsteinsson Völlum	19
44 Klemens Vilhjálmsson Brekku	19
Varamenn	
1 Reimar Sigurpálsson Steindyrum	18
2 Sveinbjörn Níelsson Skáldalæk	15
3 Ester Jósavinsdóttir Másstöðum	15
4 Halldór Hallgrímsson Melum	16
5 Ingvi Baldvinsson Bakka	15
6 Sigurður Eiðsson Hreiðarst.koti	13
7 Gunnlaugur Tryggvason Þorsteinsstöðum	12
8 Sigtryggur Árnason Brekkukoti	12
9 Gunnlaugur Jónsson Atlastöðum	11
10 Karl Þorleifsson Hóli	11

11 Sigurvin Sigurhjartarson Skeið	10
12 Óli Antonsson Hrísum	9
13 Hafsteinn Pálsson Miðkoti	9
14 Gunnlaugur Gíslason Sökku	8
15 Þorsteinn Þorsteinsson Hálsi	8

Fundargerð.

Föstudaginn 24 apríl 1964 var fundur haldinn í mjólkurfluttninganefnd Svarfdæla að Syðra-Hvarfi.

1. mál fundarins var að kjósa formann nefndarinnar og hlaut Hjörtur Þórarinsson 2. athvæði. Þá var kosinn ritari og hlaut Sigurjón Sigurðsson það starf.
2. mál var að telja athvæði fulltrúa á aðalfund mjólkursamlags K.E.A., en þeir voru kjörnir 17. þ. mán. og vísast hér með til lista hér að framan.
3. mál. Lesið bréf frá Ræktunarfélagi Svarfdæla þar sem ræktunarfél. bíður mjólkurfluttningunum ýtusleða til kaups, fyrir 5. þúsund krónur. Rætt var um þetta og samþykkt að kaupa sleðann, en athuga jafnframt um lækkun á væntanlegum flutningsgjöldum á mjólk og öðrum vörum sem ýtan flytur.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Hjörtur E. Þórarinsson
Þórarinn Valdimarsson.
Sigurjón Sigurðsson

Fundargerð.

Fimmtudaginn 16 júlí 1964 var fundur haldinn í mjólkurfluttninganefnd Svarfdæla, að Tjörn.

Fundinn sátu auk nefndarmanna Jón Jónsson bílstjóri og Jóhann Sigurbjörnsson bílstjóri.

Umræður. 1. Bílakosturinn.

Tveir bílar nægja ekki lengur til að flytja sumarmjólkina sem nú er u.þ.b. 10.000 lítrar á dag. Samþykkt var að reyna að fá bílstjóra til að aka Volvotruknum í júlí og ágúst.

2. mál. Launamál.

Bílstjórnarnir höfðu óskað eftir endurskoðun á launasamningnum með hækkun í huga. Eftir miklar uræður var samþykkt af öllum aðilum eftirfarandi. Fastakaup bílstjóra skal vera kr. 10.000. á mánuði. Fyrir vinnu á helgidögum og lögboðnum frídögum fá þeir greiddar kr. 500.00 á dag. Sumarfrí sé eins og lög gera ráð fyrir. Bílstjórar taka á móti þeim vörum sem flutningafélagið tekur að sér að flytja frá Akureyri og aðstoða við losun þeirra á Dalvík.

Fleira gerðist ekki.

Fundargerð.

Sunnudaginn 16. ágúst 1964 var fundur haldinn í mjólkurflutninganefnd Svarfdæla, að Syðra-Hvarfi.

Fyrir fundinum lá að ráða bílstjóra í stað Friðþjófs Þórarinssonar sem er nú að hætta störfum hjá mjólkurflutningunum.

Það upplýstist að einn maður hefur sótt um starfið, það er Gunnlaugur Sigvaldason Hofsárkoti.

Starfið hefur ekki verið auglýst, og sér nefndin ekki ástæðu til þess þar sem ekki hefur neinn annar spurt um starfið.

Ákveðið var að ráða Gunnlaug Sigvaldason frá 1. september 1964. með sömu kjörum og hinir mjólkurbílstjórnarnir hafa.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Hjörtur E. Þórarinsson Sigurjón Sigurðsson

Fundargerð.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1964 var fundur haldinn í Stjórn mólkurfluttnina Svarfdæla. Fundinn sátu mjólkurbílstjórar. Þórarinn Valdimarsson gat ekki mætt.

Rætt var um rekstur mjólkurbíllanna, m.a. um eftirlit með sjálfum bílunum og öðrum eignum flutningafélagsins, á Dalvík.

Fór stjórn mjólkurflutninganna þess á leit við Jón Jónsson að hann tæki að sér að vera fulltrúi fyrirtækisins á Dalvík að þessu leiti, og samþykkti hann að taka það að sér fyrst um sinn.

1965

Fundargerð.

Dagana 6. og 8. apríl 1965 kom stjórn mjólkurfluttninganna saman, að Göngustöðum fyrri daginn og Dalvík seinni daginn. Þórarinn Valdimarsson var forfallaður seinni daginn.

Til athugunar og umræðu voru reikningar deildarinnar árið 1964.

Virðist reksturinn hafa gengið all vel og skuldalækkun orðið yfir 200.000.-

Þegar eignir mjólkurfluttninganna hafa verið afskrifaðar eðlilega verður nettó eignaaukning um kr. 15000.-

Gerð var rekstrar áætlun fyrir árið 1965 og út frá henni ákveðið að leggja til við aðalfund að fluttningagjald af mjólkinni verði 52 aurar á lítra árið 1965.

Ákveðið var að boða til aðalfundar laugardaginn 10. þ.mán.

Á fundinum á Dalvík mættu mjólkurbílstjórar. Var erindi þeirra að leggja fram beiðni um 5% kauphækkun frá 1. marz 1965. að telja. Einnig fóru þeir þess á leit við stjórnina að ráðinn yrði auka bílstjóri til að aka þann tíma sem sumarfrí þeirra standa yfir.

Engin ákvörðun var tekin um það mál.

Fundargerð.

Laugard. 10-4 '65 ákvað stjórn Mjólkurfluttninga Svarfdæla á fundi sínum að senda mjólkurbílstjórum eftirfarandi bréf varðandi erindi sem þeir báru fram á fundi 8. þ. mán.

Hr. bílstjóri Jón Jónsson.

Stjórn Mjólkurfluttninga Svarfdæla hefur á fundi sínum 10-4. '65. Samþykkt eftirfarandi Stjórnin samþykkir að ráða aðstoðarbílstjóra þann tíma sem sumarfrí fastráðnu bílstjóranna standa yfir (ef unt reynist að fá þann mann), enda verði þá ekki bætt við öðrum manni þótt taka þurfi þriðja bílinn í notkun þegar mjólkinn er mest.

Þá samþykkir stjórnin að greiða bílstjórum 3% kauphækkun frá 1. marz síðastliðnum. Í því sambandi vill stjórnin benda á að nú standa yfir samningar milli verkalíðssamtaka og vinnuveitanda um kjaramál. Meðan niðurstaða þeirra samninga liggur ekki fyrir telur stjórnin ekki tímabært að gera aðrar breitingar á kauptaxtanum.

Afrit af bréfum.

Þann 18. desember f. ár kvaddi framkvæmdastjóri Mjólkursamlags K. E. A. formenn allra mjólkurdeilda á felagssvæðinu á fund á Akureyri.

Tilfni fundarins var, að ræða um snjómokstur af vegunum á Samlagssvæðinu á yfirstandandi vetri. Á fundinum mætti einnig Karl Friðriksson eftirlitsmaður vega hér í sýslunni, og lýsti fyrir fundarmönnum þeirri ákvörðun vegamálastjóra, að ríkið kostaði snjómokstur með ýtu aðeins að hálfu leyti.

Kemur því í hlut héraðsmanna á Samlagssvæðinu að greiða hinn helminginn.

Á fundi þessum var enginn endanleg ákvörðun tekin í málinu, því vegna óhagstæðs veðurs var fundurinn mjög fámennur. En gert var ráð fyrir að hafa síðar fund um sama efni.

Var sá fundur haldinn á Akureyri 19 febr. s.l og hreppsnefndinni her með sent afrit af fundargerð þess fundar, sem skýrir frá afstöðu og endanlegri afgreiðslu fundarins þessu máli viðkomandi.

Það er öllum ljóst, og þá hreppsnefndinni ekki síður en öðrum, að góðar og greiðar samgöngur innan sveitar og héraða á milli eru ómetanleg hagsbót og þægindi, og eins og búnaðarháttum er nú komið að kúabú stækka og mjólkurframleiðsla eykst ár frá ári, þá er knýjandi nauðsyn að vegirnir séu færir til bilflutninga allt árið.

Svo má og best vænta þess að afkoma og gjaldþol hreppsþúa verði nokkurnvegin viðunandi, að afurðir þeirra hafi greiðan aðgang að markaðsstað.

Við undirritaðir erum samþykkir ályktunum frá fundi formanna mjólkurnefnda á Samlagssvæði K. E. A. frá 19 febr. s. l. og höfum þegar sent stjórn K. E. A. styrkbeiðni í þessu augnarmiði.

Óskum við þess mjög eindregið, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps sjái sér fært að leggja fé fram til að standa straum af kostnaði við snjómoksturinn í Svarfaðardal er ekki fæst greiddur annarstaðar frá.

Sendum hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps samhljóða styrkbeiðni.

Þegar endanlegt uppgjör á kostnaði vegna snjómoksturs í hreppunum fer fram, teljum við eðlilegt að hreppsnefndirnar komi sér saman um hvernig skipta skuli kostnaðinum milli hreppanna

Hrafnstaðakoti 3 marz 1946.

Í stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A.

Magnús Jónsson Daniel Júlíusson
Björn Jónsson

Til hreppsnefnda Dalvíkur- og Svarfaðardalshrepps.

Dalvík 29/4 1946

Útaf erindi frá Svarfdæladeild Mjólkursamlags Kea um þátttöku Dalvíkurhrepps í kostnaði af snjósmókstri í héraðinu, var efir farandi tillaga samþykkt á fundi hreppsnefndarinnar í gær:

„ Hreppsnefndin samþykkir, að verða við ósk Svarfdæladeildar Mjólkursamlags Kea. um greiðslu á snjósmókstri og ákveður að sveitarsjóður greiði altað 1/8 hl. af heildarkostnaði snjósmókstursins í Svarfaðardals og Dalvíkur hreppum síðastliðinn vetur.“

Þetta tilkynnist þér her með.

Virðingarfyllst.

Tryggvi Jónsson

- - -

Hjálagða tillögu sendum við undirritaðir yður í umboði mjólkurframleiðenda í Svarfaðardal.

Vegarkafli sá er her um ræðir er brattur og þröngur krókur austan Skíðadalsárbrú við gil það er áinn fellur um. Það er öllum ljóst sem til þetta að vegarkafli þessi hindrar eðlilega samgöngur um Svarfaðardal. Um leið og frost koma á haustin neita mjólkurbílstjórnarnir að keyra þessa leið með hlaðna bíla austur yfir eða móti brekkunni, þetta er mjög bagalegt sem skiljanlegt er.

Þar sem þetta er tiltölulega litil viðgerð þá væntum við þess að þer herra vegaeftirlitsmaður sjáið til þess að viðgerðin verði látin fara fram nú á þessu sumri

Hrafnsstaðakoti 25 júní 1947

Í stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags
K. E. A

Björn Jónsson Stefán Björnsson
Magnús Jónsson

Til

hr. Karls Friðrikssonar vegsámsjónamans.

Akureyri.

(Tillagan er í aðalfundargjörð dags 10 marz 1947 bls. 10)

- - -

Bls. 174

Á aðalfundi Svarfdælaeildar Mjólkursamlags K. E. A., sem haldinn var þ. 4. apríl sl. var samþykkt tillaga þess efnis, að athugað yrði um möguleika á því að setja upp á Dalvík rjómbú eða gerilsneyðingaarsstöð – eða hvorttveggja.

Nú vil eg vinsamlegast fara þess á leit við stjórn K. E. A. f. h. mjólkurnefndar Svarfdælaeildar, að hún láti gera þessa athugun sem allra fyrst.

Jafnframt væri æskilegt, að athugaðar væru allar líklegar leiðir til að létta á Svarfdælingum ofurþuga flutningskostnaðar á mjólk til samlagsins, án þess þó að íþyngja heildinni um of. Flutningskostnaður á mjólk sl. ár hefði þurft að vera hjá okkur 30 aura á hvern lítra, ef bílarnir hefðu verið afskrifaðir nokkuð. Aðalatrið er, ef hægt væri að finna einhverja þá lausn þessa máls, er leiddi til þess, að hægt yrði að taka á móti mjólk á Dalvík, þegar færi og veður eru sem verst og hamla öllum eðlilegum flutningum, jafnvel gæti það komið að nokkru gagni, þótt mjólkinn yrði aðeins skilin og menn fengu undanrennuna heim aftur. En hvorttveggja er, að framleiðslan stynur undan þessum þunga skatti, sem flutningarnir kosta, og svo geta komið þeir vetur, að hvorki sé fært á sjó eða landi til Ak., og er þá í mikið óefni komið með mjólkurframleiðslu okkar Svarfdæla, ef ekkert er að gert.

Eg treysti því fullkomlega, að stjórn, framkvæmdastjóri og samlagsstjóri líti á þessi mál okkar með velvild og fullum skilningi, og geri það í málinu, er happadryggt má verða fyrir alla aðila.

Böggvisstöðum, 11. apríl 1952
Með vinsemd og virðingu
f.h. mjólkurnefndar Svarfdæla.
Jón Jónsson

- - -

Fundargerð.

Laugardaginn þann 10 apríl 1965 var aðalfundur Svarfdæladeildar mjólkursamlags K.E.A haldinn að Grund. Fundinn setti Hjörtur Þórarinnsson Tjörn formaður Mjólkurflutninganefndar og styrði honum. Nefndi hann til fundarritara Sigvalda Gunnlaugsson.

Fyrir var tekið.

1. Skýrsla stjórnarinnar. Hjörtur Þórarinnsson gaf ýtarlegt yfirlit yfir starfssemi deildarinnar á árinu.
2. Reikningar. Formaður Hjörtur Þórarinnsson las upp reikninga félagsdeildarinnar fyrir árið 1964 og skýrði þá. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi voru 1.535.520.79. Á efnahagsreikningi voru eignir félagsins 1148,380 en skuldir 438,641,04 og eignir fram yfir skuldir 709,738.96. Nokkuð hafði verið greitt á árinu af skuldum félagsins. Að loknum lestri reikninganna gaf fundarstjóri orðið laust, bæði um skýrslu stjórnarinnar og reikningana.

Nokkrar umræður urðu um reikningana og svaraði fundarstjóri fyrirspurnum er fram komu.

3. Ræða Samlagsstjóra. Mættur var á fundinum Samlagsstjóri Jónas Kristjánsson. Gaf hann all ýtarlegt yfirlit yfir störf Mjólkursamlagsins á árinu 1964. Mjólkurmagnið á félagssvæðinu hafði vaxið um 6,5% á árinu, fitumagn mjólkurinnar hafði einnig vaxið nokkuð. Útborgað meðalverð varð 4.65. Mjólkurinnlegg Svarfdæladeildar varð 2.310 837. á árinu, og hafði vaxið um tæpa 100 þús. lítra eða 4,5 %, fita hafði orðið mjög svipuð og árið áður. Mjólkuraukning þessa 3 mánuði sem af eru þessu ári hvað hann mundi nema um 15 %. Þá vék ræð[umað]ur að byggingu hinnar nýju mjólkurstöðvar sem nú væri endanlega ákveðinn staður ofan við bæjinn, ákveðið að bygja samlagið í tveim áföngum og yrði hægt að taka fyrri hlutann í notkun áður en allt samlagið yrði fullgert. Nokkrum fyrirspurnum var beint til ræðumanns og svaraði hann þeim.

Í sambandi við fyrirspurnir ræddi hann nokkuð um mjólkurflutninga á tankbílum og taldi þar mjög athyglisvert mál sem bændur ættu að fara að taka til alvarlegrar athugunar.

4. Kosningar. 1. Kosinn 1 maður í stjórn Mjólkurflutn.anna í stað Þórarinns Valdimarssonar sem gengur úr stjórninni. Kosinn var Friðbjörn Zóphóníasson Hóli með 21 athvæði.
2. Kosnir 46 menn til að mæta á aðalfundi Mjólkursamlagsins á Akureyri. Kosnir voru.

Aðalfulltrúar

1	Hjörtur Þórarinnsson Tjörn	42	athv.
2	Halldór Jónsson Jarðbrú	40	--
3	Jón Gíslason Hofi	40	--
4	Arngrímur Jóhannesson Sandá	39	--
5	Jónmundur Zóphóníasson Hrappsst.	39	--
6	Gunnar Rognvaldsson Dæli	39	--
7	Árni Jónsson Hæringsstöðum	39	--
8	Gísli Þorleifsson Hofsá	39	--
9	Einar Hallgrímson Urðum	38	--

10 Helgi Símonarson Þverá	38	--
11 Hjalti Haraldsson Ytra-Garðsh.	38	--
12 Ólafur Trygvason Ytra-Hvarfi	38	--
13 Sigvaldi Gunnlaugsson Hofarkoti	38	--
14 Friðbjörn Zóphóniasson Hóli	37	--
15 Magnús Jónsson Hrappsstaðakoti	37	--
16 Sigurður Ólafsson Syðra-Holti	37	--
17 Friðbjörn Jóhannsson Hlíð	36	--
18 Karl Karlsson Klaufabrekknakoti	36	--
19 Björn Júlíusson Laugahlíð	35	--
20 Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði	35	--
21 Björn Jónsson Ölduhrygg	34	--
22 Einar Sigurhjartarson Skeiði	34	--
23 Júlíus Friðriksson Gröf	34	--
24 Kristján Jónsson Helgafelli	34	--
25 Sigtryggur Jóhannesson Göngustaðakoti	34	--
26 Sigurjón Sigurðsson Syðra-Hvarfi	34	--
27 Sveinbjörn Guðjónsson Hreiðarstöðum	34	--
28 Friðrik Sigurðsson Hánefsstöðum	33	--
29 Jónas Þorleifsson Koti	32	--
30 Kristinn Rognvaldsson Hnjúki	32	--
31 Steingrímur Eiðsson Ingvörum	32	--
32 Sveinn Vigfússon Þverá	32	--
33 Friðgeir Jóhannsson Tungufelli	31	--
34 Reimar Sigurpálsson Steindyrum	31	--
35 Þórarinn Jónsson Bakka	31	--
36 Hermann Aðalsteinsson Klængshóli	30	--
37 Ingvi Baldvinsson Bakka	29	--
38 Þorgils Gunnlaugsson Sökku	29	--
39 Ester Jósavinsdóttir Mástöðum	28	--
40 Gunnlaugur Gíslason Sökku	28	--
41 Halldór Hallgrímsson Melum	28	--
42 Sigurður Eiðsson Hreiðarstaðakoti	28	--
43 Agnar Þorsteinsson Völlum	25	--
44 Gunnlaugur Jónsson Atlastöðum	25	--
45 Hafsteinn Pálsson Miðtúni	24	--
46 Sigtryggur Árnason Brekkukoti	24	--

Varafultrúar

1 Karl Þorleifsson Hóli	22	--
2 Sigurvin Sigurhjartarson Skeiði	22	--
3 Þórhallur Petursson Grund	22	--
4 Gunnlaugur Tryggvason Þorsteinsstöðum	20	--
5 Klemens Vilhjálmsson Brekku	20	--
6 Jóhann Sigurbjörnsson Atlastöðum	18	--

7	Þorsteinn Kristjánsson	Uppsölum	18	--
8	Sveinbjörn Níelsson	Skaldalæk	17	--
9	Sveinn Jónsson	Hæringsstöðum	17	--
10	Árni Antonsson	Hrísum	16	--
11	Þórarinn Valdimarsson	Göngustöðum	13	--
12	Páll Guðmundsson	Upsum	12	--
13	Guðjón Sigurðsson	Svæði	11	--
14	Þorsteinn Þorsteinsson	Hálsi	10	--
15	Guðlaug Kristjánsdóttir	Uppsölum	9	--
16	Stefán Sveinbjörnsson	Miðbæ	9	--

5. Önnur mál

Formaður kvaddi sér hljóðs og sagði frá því að nú væru fyrirjáanlegar miklar hækkunar á reksturskostnaði bílanna á þessu ári og því væri óhjákvæmilegt að hækka flutningsgjöldin á mjólkinni og gerð stjórn mjólkurflutninganna það að tillögu sinni að gjaldið yrði hækkað úr kr. 045, í kr. 0,52. eða um 7 auru á líter. Ennfremur gat hann þess að keyptur hefði verið nýr trukkabíll og stæði nú til að byggja yfir hann.

Nokkrar umræður urðu um þessi mál. Jónmundur Zóphóníass spurðist fyrir um verðjöfnunarsjóð er

samþykkt hefði verið að stofna á Mjólkursamlagsfundi á síðastliðnum vetri. Formaður sagðist ekki vita annað en að ½% sem samþykkt hefði verið að leggja í þennan sjóð hefði verið tekið og líkur væru til að úr sjóðnum yrði úthlutað. Hjalti Haraldsson taldi að of lítið gjald væri tekið af mjólkinni til að standa straum af rekstrinum, og æskilegra væri að geta greitt skuldir félagsins meira niður. Árni Jónsson taldi að taka þirfti upp aðrar aðferðir á flutningunum í snjóavetrum en verið hefði. Ennfremur töluðu Klemenz Vilhjálmsson Jónas Kristjánsson Samlagsstjóri.

Þegar hér var komið bar fundarstjóri upp tillögu stjórnarinnar um hækkun á flutningsgjöldunum og var það samþykkt í einu hljóði. Þá bar formaður upp svohljóðandi tillögu. „ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. þakkar Friðþjófi Þórarinssyni fyrir langa og mjög góða þjónustu í þáu deildarinnar. Jafnframt samþykkir fundurinn að greiða Friðþjófi kr. 10.000.00 úr sjóði deildarinnar sem viðurkenningarvott fyrir vel unnin störf “ Var þessi tillaga samþykkt með þorra athvæða gegn 6. Helgi Símonarson kvaddi sér hljóðs og ræddi um verðjöfnun á mjólkurflutningunum í sambandi við samþykkt sem gerð var á aðalfundi samlagsins síðastliðið ár. Sagði hann að á félagsráðsfundi K.E.A. í vetur hefði verið samþ. að óska þess að þetta mál yrði tekið fyrir á fundum deildanna. Í sambandi við þetta mál kom fram svohljóðandi tillaga frá Hirti Þórarinssyni

„ Aðalfundur Svarfdæla Mjólkursamlags K. E. A. haldinn 10 apríl 1965 lýsir ánægju sinni yfir samþykkt

þeirri um jöfnunarsjóð mjólkurflutninga, sem gerð var á ársfundi Mjólkursamlagsins 1964. Fundurinn telur, að með henni hafi náðst fram umtalsverð jöfnun á aðstöðu bænda á samlagssvæðinu, sem við megi una, þar til annað skipulag verður upp tekið á mjólkurflutningum í heraðinu. Í þessu sambandi vill fundurinn benda á, að undanfarin ár hefur mismunur á hæsta og lægsta flutningataxta á samlagssvæðinu verið a.m.k. 30-35 aurar á mjólkurlíter, en það svarar til 11-13 þúsund króna mismunur á nettó árstekjum

meðalkúabús í héraðinu. Með tilliti til þess, að nú stendur fyrir dyrum bygging nýrrar mjólkurvinnslustöðvar, og allir mjólkurinnleggjendur taka á sig jafnar byrðar í því sambandi í hlutfalli við magn seldrar mjólkur, hvort sem þeir búa nær eða fjær Akureyri, þá lýsir fundurinn þeirri skoðun sinni, að ekki hafi lengur mátt dragast, að jafnaður væri að einhverju leiti sá mikli aðstöðumunur, sem orsakast af misjafnri fjarlægð frá mjólkurstöð. “ og var hún samþykkt samhljóða.

Magnús Jónsson kvaddi sér hljóðs og varpaði fram þeirri spurningu hvort hægt væri að ætlast til þess að þau störf sem unnin væru af þeim sem sæu um rextur mjólkurfluttninganna væru unnin fyrir ekki neitt og væri ekki heppilegra að hafa framkvæmdastjóra sem sæi um fluttningana. Helgi Símonarson flutti munnlega tillögu fyrir hönd endurskoðenda um að mjólkurnefndinni yrðu greiddar kr. 5.000.00 í þóknunarlaun á þessu ári. Var þessi tillaga samþykkt í einu hljóði. Jónmundur Zóphóníasson beindi því til mjólkurfluttninganefndar að hún beitti sér fyrir fundi sem rædd irðu mjólkurfluttningamál og framtíðarskipulag þeirra mála og þær breitingar sem fyrrsjáanlegar væru á þeim málum og fenginn irði Jónas Kristjánsson samlagsstjóri til að sitja þann fund.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerð.

Mánud. 21 og 28 júní 1965 helt stjórn Mjólkurfl.félags Svarfdæla fund að Tjörn. Mættir voru auk nefndarinnar allir fastráðnir bílstjórar félagsins

Þetta gerðist.

1. Stjórnin skiptir með sér verkum.
Hjörtur E. Þórarinsson var endurkjörinn formaður. Ritari var kjörinn Sigurjón Sigurðsson og vara formaður Friðbjörn Zóphóníasson.
2. Rætt um breitingar á fluttningatöxtum. Var formanni falið að semja við útibússtjóra K.E.A. á Dalvík og Mjólkursamlagsstj. um það.
3. mál. Gerður var svofelldur Ráðningasamningur
Fluttningafélag Svarfdæladeildar Mjólkursamlagsins og undirritaðir bílstjórar gera með sér svofelldan ráðningasamning
 1. grein: Laun bílstjóra skulu vera kr. 12.000,00 – tólf þúsund á mánuði og greiðast í fyrsta sinn fyrir Júlímánuð 1965. Verði breitingar á almennu kaupgjaldi í landinu, skulu föst laun bílstjóra breiðast til samræmis við þær.
 2. gr: Fyrir hvern lögboðinn frídag sem bílstjórar vinna, skulu þeir fá greiddar kr. 500.00 – fimm hundruð.
 3. gr. Bílstjórar skulu taka sumarfrí samkvæmt þeim reglum, sem gilda hjá samningsbundnum meðlimum verkalýðsfélaga.

4. gr. Bílstjórar skulu haga störfum í samráði við stjórn fluttninganna og vinna eins og þörf krefur hverju sinni. Þó skal leitast við að útvega aðstoðarmenn, þegar færð er erfið á vetrum, svo að vinnutími bílstjórnanna verði aldrei óhæfilega langur, og sé um ýtu og bátafluttninga að ræða þá skal þeim ekki skylt að fara bæði með sleðanum í sveitina og bátnum til Akureyrar.

5. gr. Hver aðili fyrir sig getur sagt upp þessum samningi með þriggja mánaða fyrirvara.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið.

H.E. Þórarinsson

Jón Jónsson

Friðbjörn Zophoniasson

Jóhann Sigurbjörnsson

Sigurjón Sigurðsson

Gunnlaugur Sigvaldason

Bls. 194

– Reglugerð –

fyrir mjólkursamlagsdeild Svarfdæla samþ. á aðalfundi deildarinnar þriðjudaginn 24. marz 1953.

1. grein.

Deildinni stýra þrír menn, er kallast deildarstjórn. Skulu þeir kosnir skriflegri kosningu á aðalfundi deildarinnar til þriggja ára, þannig að einn sé kosinn árlega. Einn varastjórnarmann skal og kjósa á sama hátt.

Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum

Séu mjólkurflutningabílar reknir á kostnað og ábyrgð mjólkurframleiðenda að meira eða minna leyti skal kjósa tvo endurskoðendur á aðalfundi deildarinnar til þriggja ára í senn. Enginn getur skorast undan að taka kosningu og eigi er nokkur skyldur að gegna störfum nema eitt kjörtímabil í senn, þó má endurkjósa sérhvern svo oft sem vill, ef hann skorast ekki undan kosningu.

2. grein

1. Störf stjórnarinnar eru þessi:

Sjá um að flutningar faist á mjólk félagsmanna til Mjólkursamlags K. E. A. eða sölustaða og semja um flutningskostnaðinn á hverjum tíma, ásamt eftirliti með því, að flutningurinn verði félagsmönnum svo hagkvæmur, er verða má.

2. a) Annast fundarhöld deildarinnar.

b) Halda félagaskrá, gerðabækur stjórnar og félagsfunda

c) Sjá um og ávaxta eignir, er deildin kann að eignast

3. grein

Deildarstjórnin boðar til funda og stjórnar formaður þeim.

Aðalfund skal halda í [hér er eyða. SBG]

ár hvert. Þá skulu kosnir fulltrúar á aðalfund Mjólkursamlags K. E. A. Þá skal stjórnin einnig gefa skýrslu um afkomu mjólkurafurðanna og um eignir deildarinnar, ef einhverjar eru.

Aðra fundi skal halda, þegar stjórninni þykir þörf eða 10 félagar óska þess skriflega.

Fundir skulu boðaðir þannig: Aðalfundur með 10 daga fyrirvara og aukafundir eftir þörf. Þeir eru lögmætir, ef fleiri mæta en stjórnin ein.

Urslitum mála á félagsfundum ræður einfaldur meirihluti.

4. grein.

Reglugerð fyrir Mjólkursamlag K. E. A. ber að leggja til grundvallar fyrir starfsemi þessarar deildar í framtíðinni, nema um undanþegin sérmál þessarar deildar sé að ræða.

5. grein

Reglum þessum má eigi breyta nema á aðalfundi deildarinnar.

- - -

Ár	Mjólkur- magn alls til Samlagsins	Mjólkurmagn Svarfdæla- deildar	Endanlegt meðalverð allrar mjólkur	Endanlegt meðalverð á mjól ur Svarfdæla- deild.	Flutnings- kostnaður	Flutnings- gjald. Prósentvis af mjólkur- verði
1928			23.26 aur.			
1929			24.76 -			
1930			23.48 -			
1931			20.00 -			
1932			21.17 -			
1933			19.70 -			
1934		13.326 ½ l	19,73 -		2 aurar á lítra	10,14 %
1935		48,413 ½ -	18,85 -		2 ½ -	13.26 -
1936		75,096 -	18.65 -		2 ½ -	13.4 -
1937		105,517 -	19.00 -		2½ +2 aur. á bát	13,16 -
1938		154,678 -	18,50 -		2 ½ aurar á l	13,5 -
1939		148.455 ½ -	19.00 -		2 ½ -	13,16 -
1940		134,776 ½ -	25.36 -		3. -	11,86 -
1941		204.278 ½ -	46.00 -		3 ½ -	7,60 -
1942		289.639 ½ -	77.00 -		5 -	6,5 -
1943		354,545 ½ -	111.00 -	111,5 aur.	8 -	7,1 -
1944		446,275 -	122.00 -	120,11 -	10 -	8,32 -
1945		522,601 ½ -	125.00 -	122,21 -	10 -	8,2 -
1946		644,870 ½ -	131.8 -	129,46 -	12 -	9,27 -
1947		736,674 -	146.59 -	138,86 -	13 -	9,36 -
1948		834,974 ½ -	158,85 -	154,09 -	14 -	9,1 -
1949		936,098 ½ -	163,00 -	159.01 -	15 -	9,4 -
1950		1,094,055 -	181,90 -	179,23 -	20 -	11,16 -
1951		1,042,848 -	212,24 -	210,68 -	23 +5 -	13,29 -
1952		1,145,202 ½ -	221.27 -	218,72 -	30 -	13,71 -
1953		1,162,479 ½ -	230,09	228,09	27 -	11,83 -
1954		1,278 406	234,43	234.54	27	11,51 -
1955		1,399 068 ½	256,16	254.37	27	10,61 -
1956		1,540.074. ½	294.53.	291,32.	27 -	9,27 -
1957		1.677.387. ½	325.76	324.80	23 + 2 = 25	7,70
1958		1.736 511.	348.60	346,79	27	7,79.
1959		1,650,997,5	358,50		32	8,9
1960		1,803,066	410.46		32	7,5
1961		1,859,584 l	440.89		32	7,28

